ÖRN ÁRNASON
*Lyftir lóðum á brókinni einni saman*
Heilsa
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



EIRÍKUR HAUKSSON
*Á leiðinni í tónleikaferðalag um Evrópu*
Syngur með fyrrum forsprakka Uriah Heep
TÓNLIST 31



PÁLL MAGNÚSSON
*Óvissa í Efstaleiti*
Gagnger endurskoðun á skipuriti fyrir höndum
FÓLK 38




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. febrúar 2007 — 36. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Hönnun Birtu rýkur út



Fötin sem Ragnhildur Steinunn klæðist í Eurovision eru vinsæl.

FÓLK 38

### Allt fast og öllum sama

„Nú er svo komið að meðaldagvinnulaun leikskólakennara eru um þrjátíu þúsund krónum hærri en sambærileg laun grunnskólakennara og eru þeir fyrrnefndu þó ekkert sérstaklega vel settir,“ segir Inga Rósa Þórðardóttir.

Í DAG 18

### Játast Brad Pitt



Hinsta ósk móður Angelinu Jolie var að hún giftist Brad Pitt. Angelina ætlar að virða óskina.

FÓLK 29

### Bjarni til Bournemouth



Bjarni Þór Viðarsson verður í dag lánaður til enska liðsins Bournemouth.

ÍÞRÓTTIR 32

## VEÐRIÐ Í DAG




**TÖLUVERT FROST -** Í dag verða austan 5-10 m/s allra syðst, annars hæglætisveður. Stöku él með austur- og suðurströndinni, annars yfirleitt bjartviðri. Frost 0-10 stig, kaldast til landsins en mildast syðst.

VEÐUR 4




# Skýr skattalagabrot farin forgörðum



**HÁLF Í KAFI** Þessar mæðgur þurftu að vaða skítugt vatn upp að mitti á götum Djakarta í gær eins og fjölmargir hinna tólf milljóna íbúa höfuðborgar Indónesíu. Stór hluti borgarinnar liggur undir vatni vegna úrhellisrigninganna seinustu daga. **Sjá síðu 6**

NORDICPHOTOS/AFP

**Skattrannsóknarstjóri segir í bréfi að í meðferð ríkislögreglustjóra hafi skattalagabrot í rekstri Baugs Group farið forgörðum. Þar segir einnig að sjálfstæð skattrannsókn lögreglu sé í andstöðu við lög.**

**DÓMSMÁL** Ætla má að háttsemi sem skattrannsóknarstjóri ríkisins taldi skýr brot á skattalögum í rekstri Baugs Group hafi farið forgörðum í meðförum ríkislögreglustjóra, að því er fram kemur í bréfi skattrannsóknarstjóra til embættis ríkislögreglustjóra.

Skattrannsóknarstjóri telur meint brot varða við 262. grein almennra hegningarlaga.

Bréfið, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er svar skattrannsóknarstjóra við óskum Jóns H. Snorrasonar, þáverandi saksóknara efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, um upplýsingar frá skattrannsóknarstjóra vegna rannsóknar á skattamálum níu einstaklinga tengdum Baugi Group. Bréfið er dagsett 14. desember 2006.

Í bréfinu er ósk ríkislögreglustjóra harðlega gagnrýnd, enda sjái embætti skattrannsóknarstjóra um rannsókn á skattamálum. Lögreglan megi aðeins taka slík brot til rannsóknar vísi skattrannsóknarstjóri máli til hennar.

Í niðurlagi bréfsins gagnrýna bréfritarar, þau Skúli Eggert Þórðarson, fyrrverandi skattrannsóknarstjóri, og Bryndís Kristjánsdóttir, sem tók við embættinu, málsmeðferð ríkislögreglustjóra.

Fjallað er um það sem taldar eru rangfærslur, langur meðferðartími og annað í málatilbúnaði ríkislögreglustjóra, sem veki ýmsar áleitnar spurningar.

„Ætla má að tiltekin háttsemi sem skattrannsóknarstjóri ríkisins vísaði til opinberrar meðferðar sem skýrt brot á skattalögum hafi farið forgörðum í meðförum ríkislögreglustjóra,“ segir þar.

Vísað er í hluta Baugsmálsins svokallaða, þar sem Jón Ásgeir Jóhannesson var ákærður fyrir fjársvik og umboðssvik vegna kaupa Baugs árið 1999 á Vöruveltunni hf. sem átti og rak 10-11 verslunarkeðjuna.

Segir í bréfinu að vegna meðferðar ríkislögreglustjóra þyki ljóst að háttsemi sem skattrannsóknarstjóri taldi varða við lög fari aldrei fyrir dóm.

„Þó svo að þessu hafi verið vísað frá var það mat bæði saksóknara og eins setts ríkissaksóknara að þetta væri brot gegn þessum ákvæðum [sem ákært var vegna]. Það getur vel verið að skattrannsóknarstjóri hafi haft einhverja aðra skoðun,“ segir Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá ríkislögreglustjóra, sem tekið hefur við starfi Jóns H. Snorrasonar.

Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í Baugsmálinu, sagðist í gær ekki hafa séð bréfið, og vildi því ekki tjá sig um efni þess.

- bj / sjá síðu 8

Sveiflur í janúar:

## Skiptist í þíðu og brunagadd

**VEÐUR Miklar sveiflur voru í veðurfari á Íslandi í nýliðnum janúar samkvæmt yfirliti frá Veðurstofu Íslands. Dagana 6. til 20. janúar var mikið tveggja vikna kuldakast. Í Reykjavík mældist lægstur hitinn 20. janúar. Þá var 10 stiga frost. Hámarkshiti mánaðarins í höfuðborginni var hins vegar 8,5 stig þann 29. janúar. Í Reykjavík mældist mesti snjór í janúarmánuði síðan 1993. Lægsti hiti á Akureyri mældist þann 16. janúar, 17 gráðu frost en hæsti hitinn í höfuðstað Norðurlands mældist 9,3 stig þann 29. janúar.** - gar



**Í REYKJAVÍK** Janúar var kaldur á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mikið um veikindi í grunnskólum og óvenjumikið álag á barnalæknaþjónustu:

## Allt að fimmtungur veikur

**HEILBRIGÐISMÁL** Allt að tuttugu prósent nemenda í sumum grunnskólum í Reykjavík hafa verið fjarverandi hverju sinni vegna veikinda undanfarnar vikur, þó að ástandið hafi fjarri því verið svo slæmt í öllum skólum.

Flosi Kristjánsson, aðstoðarskólastjóri í Hagaskóla, segir að 15-20 prósent af þeim 540 nemendum sem eru í skólanum hafi verið veik þegar mest var. Flestir kvarti yfir flensunni.

Svipaða sögu sagði Björn M. Björgvinsson, aðstoðarskólastjóri í Laugalækjarskóla. Hann segir að undanfarnar vikur hafi tíundi hver nemandi í skólanum verið veikur hverju sinni.

Hann bendir á að veikindin leggist líka á kennara, þó að ekki hafi skapast mikil vandræði vegna þess undanfarið. „Þetta fylgist að, þegar flensan leggst á nemendurna leggst hún líka á kennarana. Svo eru þeir foreldrar líka og geta þurft að vera heima hjá veikum börnum.“

Verulega mikið álag hefur verið á barnalæknaþjónustuna í Domus Medica undanfarna daga. Um síðastliðna helgi komu um sextíu börn hvorn daginn, sem er mun meira en venjulega, segir Ólafur Gísli Jónsson barnalæknir. Hann segir að þær pestir sem einkum hrjá börnin séu RS-sýking, sem veldur slæmu kvefi hjá börnum, og inflúensa.

Venjulega eru tveir læknar á vakt á barnalæknaþjónustunni að vetri til, en síðastliðna helgi þurfti að kalla til tvo lækna til viðbótar. Ólafur segir að álagið sé yfirleitt mikið á þessum árstíma, en þó komi sveiflur eftir árum. Fyrsti mánuður þessa árs sé til að mynda erfiðari en janúar í fyrra. - bj



**DOMUS MEDICA** Kalla þurfti út barnalækna til að mæta gríðarlegu álagi hjá barnalæknavaktinni á Domus Medica um síðustu helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## SPURNING DAGSINS



*Það hefur fokið í ykkur, Ketilbjörn?*

„Það kom smá vindhviða, en nú er farið að lægja aftur.“

Talsvert tjón varð á einkabílum félaga Björgunarsveitarinnar Klakks í Grundarfirði þegar sveitin var kölluð út í ofsaveðri um síðustu jól. Tryggingafélögin bæta ekki tjónið að fullu því vindstyrkurinn fór yfir viðmiðunarmörk. Ketilbjörn Benediktsson er formaður Klakks.

Fjárlaganefnd Alþingis veitti félagsmálaráðuneytinu heimild:

# Ráðuneyti fær Byrgispeninga

**FÉLAGSMÁL** Fjárlaganefnd Alþingis hefur nú heimilað félagsmálaráðuneytinu að ráðstafa þeirri fjárhæð sem var ætluð Byrginu á þessu ári, að sögn Ragnhildar Arnljótsdóttur ráðuneytisstjóra. Hafði ráðuneytið lagt fram beiðni þess efnis. Um 29,6 milljónir króna er að ræða.

„Við höfum þegar haft samband við fulltrúa Reykjavíkurborgar og munum eiga fund með þeim í vikunni til þess að ræða úrræði fyrir þá fyrrum skjólstæðinga Byrgisins sem þurfa á skjóli að halda,“ segir Ragnhildur. „Ráðuneytið skipuleggur ekki meðferðarúrræði, en við vitum að í minnsta kosti fimm einstaklingar úr Byrginu hafa farið í Hlaðgerðarkot. Þar hafa verið skoðuð úrræði fyrir aðra fimm. Landlæknir fór þangað til þess að kanna aðbúnað þar. Hlaðgerðarkot fær fjárveitingu á fjárlögum frá heilbrigðisráðuneytinu.“



**BYRGIÐ** Þrír dvelja enn í Byrginu. Tveir eru að fá úrlausn sinna mála en hinn þriðji ekki enn sem komið er.

Ragnhildur segir ljóst að flestir skjólstæðinga Byrgisins hafi komið úr Reykjavík. Því sé rökrétt að ræða úrlausn við borgina. Hins vegar muni ráðuneytið tryggja að til staðar sé úrræði fyrir aðra sem kunni að koma annars staðar að af landinu.

„Hitt er svo stærra mál að tryggja að til séu á hverjum tíma þau úrræði sem menn telja þörf á,“ segir Ragnhildur. „En að mínu mati væri þá mjög æskilegt að það úrræði væri undir eftirliti og yfirsýn sem væri á einni hendi.“ - jss

Iceland Express:

# Fær ekki inni í flugstöðinni

**SAMGÖNGUMÁL Flugfélag Íslands, sem á og rekur flugstöðina á Reykjavíkurflugvelli, hefur synjað Iceland Express um aðstöðu í flugstöðinni.**

**Iceland Express hafði tilkynnt að félagið ætlaði sér að hefja flug frá Reykjavík til Akureyrar og Egilsstaða í sumar í beinni samkeppni við Flugfélag Íslands. Í kvöldfréttum RÚV í gær sagði Matthías Ímsland, framkvæmdastjóri Iceland Express, að verð á flugi á þessum leiðum sýndi að það væri rúm fyrir samkeppni. Óvíst væri þó hvort yrði af innanlandsfluginu í ljósi synjunar Flugfélags Íslands.** - þsj

Starfsmaður gjaldheimtu:

# Slasaðist vegna bréfasprengju

**LONDON, AP Bréfasprengja sprakk í gær í fyrirtæki sem hefur umsýslu með umferðarteppugjaldi í London. Kona sem er starfsmaður fyrirtækisins slasaðist lítillega í sprengingunni.**

**Fyrirtækið, Capita PLC, sér um að innheimta átta punda umferðarteppugjald sem er ætlað að draga úr umferðarteppu í miðborg Lundúna.**

**Tugir manna slösuðust á áttunda áratugnum þegar Írski lýðveldisherinn (IRA) notaði bréfasprengjur í herferð sinni gegn breskum yfirráðum á Norður-Írlandi. Póstþjónustan brást við með því að minnka opið á póstkössum svo aðeins væri hægt að póstleggja þunn umslög. Síðan 1980 hafa grunsamlegir pakkar verið gegnumlýstir.** - sdg

Hæstaréttardómi mótmælt:

# Hundruð bréfa hafa borist

**DÓMSMÁL** „Mótmælabréfin sem borist hafa embættinu hafa ekki verið lesin,“ segir Þorsteinn A. Jónsson, skrifstofustjóri Hæstaréttar, um mótmælabréf sem borist hafa embættinu í tölvupósti í kjölfar mildunardóms yfir barnaníðingi. Hann segist ekki heldur hafa nákvæma tölu á bréfunum, en þau hafi verið orðin rúmlega tvö hundruð um hádegi í gær.

Maðurinn var dæmdur í Hæstarétti á fimmtudag fyrir kynferðisbrot gegn fimm stúlkubörnum á árunum 1995 til 2005. Héraðsdómur hafði dæmt hann til tveggja ára fangelsisvistar en Hæstiréttur stytti dóminn um hálft ár.

Dómurinn vakti töluverða athygli og var mikið skrifað um hann á bloggsíðum landsins um helgina. Hvöttu margir til þess að senda Hæstarétti tölvupóst þar sem dómnum er mótmælt harðlega. - sþs



**VIÐ TÖLVUNA** Anne Kirah hefur unnið sem yfirhönnuður hjá Microsoft ásamt því sem hún er rektor háskólans 180 Academy í Kaupmannahöfn. Hún er hér á landi vegna ráðstefnu um netnotkun og -öryggi sem haldin er í dag.

# Foreldrar þurfa að skilja en ekki banna

**Foreldrar eiga ekki að banna börnum sínum að skoða heiminn á netinu. Þeir eiga frekar að kenna þeim að þekkja og umgangast hættur sem þar leynast, rétt eins og í raunverulega heiminum. Þetta segir Anne Kirah, yfirhönnuður hjá Microsoft.**

**TÆKNI** „Foreldrar verða að reyna að skilja heiminn sem börn þeirra lifa í en ekki banna þeim að lifa í honum,“ segir Anne Kirah, mannfræðingur og yfirhönnuður hjá Microsoft. „Í stað þess að banna þeim að skoða heiminn á netinu á að kenna þeim að þekkja og eiga við þær hættur sem þar leynast.“

Hún segir tölvur og netið vera mjög stóran hluta af lífi þeirrar kynslóðar sem nú er að alast upp. Enginn ávinningur sé í því að taka súrefni barnanna í burtu, eins og hún nefnir það. „Við kennum börnunum okkar að vera veraldarvön í daglegu lífi, og það á líka að eiga við um netið.“

Kirah er aðalfyrirlesari á ráðstefnunni Er veraldarvefurinn völundarhús? sem haldin verður í sal Íslenskrar erfðagreiningar klukkan þrjú í dag. Ráðstefnan, sem haldin er í tilefni þess að í dag er Alþjóðlegi netöryggisdagurinn, er öllum opin en hún verður einnig send beint út á netinu á síðunni www.saft.is.

Í fyrirlestri sínum ræðir Kirah um netnotkun barna og unglinga og hvernig foreldrar eigi að takast á við þau vandamál sem fylgja kynslóðabilinu milli þeirra sem aldir eru upp í stafræna heiminum, og þeirra sem fluttust þangað.

„Foreldrar verða að koma til móts við börn sín,“ segir hún. „Barnið verður að hafa ákveðið frelsi á netinu, rétt eins og í daglegu lífi.“

Kirah útskýrir hvers vegna blátt bann við spjalli við ókunnuga virki ekki. „Segjum að þú hótir að taka tölvuna af barninu ef það talar við ókunnuga, en það gerir það samt. Ef það kemur í ljós að viðkomandi hefur eitthvað illt í huga, heldurðu að barnið muni segja þér frá því? Nei, því það er hrætt við að þú takir tölvuna af því.“ Hún segir að foreldrar eigi frekar að kenna börnum sínum að þekkja viðvörunarbjöllurnar, til dæmis ef einhver biður þau um að halda leyndarmál, eða spyr um símanúmer, heimilisfang eða aldur, og láta foreldra vita þá.

„Netheimurinn er ekkert öðruvísi en venjulegi heimurinn. Þar eru líka hættur, en við kennum börnum okkar að þekkja þær og eiga við þær í stað þess að banna þeim að fara út. Hið sama á við á netinu,“ segir Kirah. salvar@frettabladid.is

Átján ára piltur sektaður:

# Lánaði 15 ára stúlku bifreið

**LÖGREGLUMÁL** Átján ára piltur á yfir höfði sér 10 þúsund króna sekt fyrir að lána 15 ára gamalli vinkonu sinni bifreið sína um helgina. Stúlkan var stöðvuð við akstur á Sæbraut aðfaranótt síðastliðins sunnudags.

Pilturinn viðurkenndi að hafa lánað stúlkunni bifreiðina og gerðist því brotlegur við lög með því að láta ökutæki í hendur einstaklingi án bílprófs. Stúlkan má búast við jafn hárri sekt fyrir að aka bifreiðinni án réttinda. Verði hún gripin aftur við þessa iðju mun henni verða gert að greiða tvöfalt hærri sekt. - þsj



**JÓHANNES JÓNSSON** Formaður stjórnar sjóðsins afhendir Gunnari Þórðarsyni styrk að upphæð 2,6 milljónir króna.

Styrktarsjóður Baugs Group:

# 56,5 milljónum úthlutað í gær

**SAMFÉLAGSMÁL Styrktarsjóður Baugs Group hf. úthlutaði 56,5 milljónum króna til 43 aðila í gær. Hæsta styrkinn, að upphæð 2,6 milljónir króna, hlaut Gunnar Þórðarson tónlistarmaður til útgáfu geisladisks með Brynjólfsmessu. Íslensku leiklistarverðlaunin Gríman hlutu einnig veglegan fimm milljóna króna styrk til næstu tveggja ára.**

**Styrktarsjóðurinn var stofnaður hinn 10. júní 2005 með 300 milljóna króna stofnframlagi og var þetta í þriðja sinn sem úthlutað var úr honum. Sjóðnum er ætlað að styðja margvísleg líknar- og velferðarmál auk menningar- og listalífs.** - þsj


**BÍLL DAGSINS**

**NISSAN PATROL ELEGANCE 33”**

Nýskr. 11.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 17 þús. km. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** | **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Einbýlishús á sjávarlóð á Seltjarnarnesi keypt og jafnað við jörðu:

# Þrjátíu ára einbýlishús rifið

**SELTJARNARNES** Einbýlishúsið á Sæbraut 13 á Seltjarnarnesi var rifið til grunna í gær.

Ingigerður Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur keypti húsið á Sæbraut í mars í fyrra. Nú í janúar fékkst að loks heimild Seltjarnarneskaupstaðar til að rífa húsið sem byggt var 1978 og var 286 fermetrar.

Ingigerður, sem kveðst ekkert hafa um málið að segja, hyggst byggja nýtt hús á sjávarlóðinni eftir teikningum Kristjáns Garðarssonar arkitekts. „Fyrirhugað hús er í góðu samræmi við núverandi byggð og raskar ekki svipmóti hverfisins,“ sagði skipulagsnefnd Seltjarnarness. - gar



**SÆBRAUT 13** Kaupandi hyggst reisa nýtt hús og lét því rífa húsið sem fyrir var. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

www.toyota.is

# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA BETRI EN AÐRIR



**Ford Focus** 1600 Bensín sjsk.
Á götuna: 03.00 Ekinn: 72.000 km
Verð: 750.000 kr. Skr.nr. YI908



**Lexus RX300 EXE** 3000 Bensín sjsk.
Á götuna: 09.04 Ekinn: 25.000 km
Verð: 4.730.000 kr. Skr.nr. MM536



**Lexus RX350 EXE** sóllúga 3500 Bensín sjsk.
Á götuna: 03.06 Ekinn: 12.000 km
Verð: 6.170.000 kr. Skr.nr. MN735



**Nissan Double Cab E** 2500 Dísel 5 gíra
Á götuna: 07.05 Ekinn: 33.000 km
Verð: 2.490.000 kr. Skr.nr. VF059



**Suzuki Gran Vitara** 2000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.00 Ekinn: 109.000 km
Verð: 990.000 kr. Skr.nr. VU067



**Toyota Corolla H/B Sol** 1600 Bensín sjsk.
Á götuna: 11.05 Ekinn: 26.000 km
Verð: 2.090.000 kr. Skr.nr. VI765



**Toyota Land Cruiser 100** sóllúga, 4700 Bensín sjsk.
Á götuna: 01.03 Ekinn: 94.000 km
Verð: 4.750.000 kr. Skr.nr. MO448



**Toyota Land Cruiser 120 GX** 4700 Bensín sjsk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 57.000 km
Verð: 4.550.000 kr. Skr.nr. ON301



**Toyota Land Cruiser VX** 4000 Bensín sjsk.
Á götuna: 06.04 Ekinn: 62.000 km
Verð: 4.290.000 kr. Skr.nr. JF496



**Toyota Land Cruiser 90 VX** 3400 Bensín sjsk.
Á götuna: 05.02 Ekinn: 99.000 km
Verð: 1.990.000 kr. Skr.nr. UJ445



**Toyota RAV4** 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 03.04 Ekinn: 36.000 km
Verð: 2.320.000 kr. Skr.nr. TK713



**Toyota Yaris Terra** 1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.06 Ekinn: 14.000 km
Verð: 1.460.000 kr. Skr.nr. NJ214



**Lexus RX300 Sport/Leður** 3000 Bensín sjsk.
Á götuna: 10.01 Ekinn: 70.000 km
Verð: 2.670.000 kr. Skr.nr. YH710



**VW Polo** 1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 08.00 Ekinn: 80.000 km
Verð: 620.000 kr. Skr.nr. KM006



**Toyota Yaris Verso** 1300 Bensín sjsk.
Á götuna: 09.02 Ekinn: 65.000 km
Verð: 1.090.000 kr. Skr.nr. OT081



**MMC Pajero GLS** 3200 Dísel sjsk.
Á götuna: 08.02 Ekinn: 88.000 km
Verð: 3.450.000 kr. Skr.nr. EV977



**Toyota Hilux D/C** 2500 Dísel 5 gíra
35" breyting, hús, beisli, filmur o.fl.
Á götuna: 12.06 Ekinn: 4.500 km
Verð: 3.990.000 kr. Skr.nr. YO607



**Toyota Yaris** 1400 Dísel 5 gíra 17"felgur, filmur, þokuljós, vindskeið allan hringinn, krómslisti á afturhlera o.fl.
Á götuna: 07.06 Ekinn: 5.000 km
Verð: 2.090.000 kr. Skr.nr. LV960



**Toyota Yaris Sol** 1300 Bensínl 5 gíra
Á götuna: 01.04 Ekinn: 65.000 km
Verð: 1.150.000 kr. Skr.nr. LN270



**Toyota Avensis L/B Sol** 1600 Bensín 5 gíra
Á götuna: 01.98 Ekinn: 141.000 km
Verð: 550.000 kr. Skr.nr. TX467

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Núna bjóðum 20 betri notaða bíla á sannkölluðum gæða- og úrvalskjörum.**

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL | GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 36077 02/07

## GENGIÐ 05.02.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,39 | 68,71 |
| Sterlingspund | 133,83 | 134,49 |
| Evra | 88,38 | 88,88 |
| Dönsk króna | 11,857 | 11,927 |
| Norsk króna | 10,892 | 10,956 |
| Sænsk króna | 9,745 | 9,803 |
| Japanskt jen | 0,5656 | 0,569 |
| SDR | 101,91 | 102,51 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

121,8933

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tveir bræður í gæsluvarðhaldi vegna fíkniefnasmygls:

# Fékk kókaín sent frá Gvæjana

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður sem setið hefur í gæsluvarðhaldi vegna gruns um að hann hafi átt þátt í að smygla umtalsverðu magni af kókaíni til landsins fékk efnið sent í hraðsendingu frá Gvæjana í Suður-Ameríku. Bróðir hans er einnig í gæsluvarðhaldi vegna gruns um tengsl við smyglið.

Héraðsdómur Suðurlands hafði úrskurðað þann sem fékk efnið sent í gæsluvarðhald til dagsins í dag. Bróðirinn var úrskurðaður í gæslu til 9. febrúar. Báðir höfðu áfrýjað en Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms.

Kókaínmagnið sem kom í hraðsendingunni var rúmlega 107 grömm. Við leit í bifreið sem maðurinn ók þegar hann var tekinn fundust fjórar kókaínkúlur.

Við húsleit á heimili mannsins fannst blá bók ofan á peningaskáp í bílskúr, sem bróðir hans kannaðist við að geymdi samantekt um fíkniefnaskuldir fólks. Í skápnum, sem bróðirinn átti, fundust ýmsir munir sem taldir eru tengjast fíkniefnum, svo sem mortél, sogrör, plastlok með hvítum efnisleifum, þrjár grammavogir, plastpokar og fleira. - jss



**FÍKNIEFNANEYSLA** Ýmsir munir tengdir fíkniefnaneyslu fundust í bílskúr, svo og skuldabók.

Fuglaflensa í Bretlandi:

# Viðbúnaðarstig óbreytt hér

**FUGLAFLENSA** Starfshópur Landbúnaðarstofnunar um viðbrögð vegna fuglaflensu tók í gær ákvörðun um að viðbúnaðarstig verði óbreytt þótt hún hafi greinst í fuglabúi á Bretlandseyjum.

Miðað við núverandi upplýsingar virðist það tilvik af fuglaflensu, sem nú hefur komið upp á Bretlandseyjum, vera einangrað við ákveðið alifuglabú, segir í tilkynningu frá stofnuninni. Hún hvetur hins vegar alla sem eiga alifugla og sem reka alifuglabú, til að athuga nú þegar þau viðbrögð sem nauðsynleg eru, ef ákvörðun verður tekin um að færa aðgerðir á annað viðbúnaðarstig. - jss



**HANDABAND** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri og Sigurður Örn Hilmarsson, formaður Stúdentaráðs, takast í hendur eftir undirritunina.

Viljayfirlýsing undirrituð í gær:

# Stúdentaíbúðir í uppbyggingu

**FÉLAGSMÁL Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri skrifaði í gær undir viljayfirlýsingu um uppbyggingu stúdentaíbúða á næstu þremur árum. Samráðshópur fulltrúa Stúdentaráðs HÍ, Félagstofnunar stúdenta og skipulagsyfirvalda í Reykjavík verður skipaður og leggur hann fram uppbyggingaráætlun í maí.**

**Þrjú svæði eru nefnd í yfirlýsingunni sem uppbyggingarstaðir: Við Hverfisgötu, á nýju íbúðarsvæði við Sléttuveg og í Vatnsmýrinni í samráði við Háskóla Íslands.**

**Sigurður Örn Hilmarsson, sem skrifaði undir yfirlýsinguna fyrir hönd Stúdentaráðs, segist afar ánægður með niðurstöðuna.** - sþs

## LEIÐRÉTTING

Í frétt af samningi um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja var ranglega sagt að íslenska landhelgin næði að 200 mílum. Hið rétta er að efnahagslögsagan nær út að 200 mílum frá grunnlínu en landhelgin út að 12 mílum frá grunnlínu.

# 200 billjóna króna fjárlagafrumvarp

**Fjárlagafrumvarpið sem Bush Bandaríkjaforseti lagði fram í gær er það fyrsta í embættistíð hans sem fer fyrir þing sem demókratar ráða. Leiðtogar þeirra segjast munu beita áhrifum sínum til að gera víðtækar breytingar á frumvarpinu.**

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti lagði í gær fjárlagafrumvarp sitt í ár fyrir Bandaríkjaþing. Þau hljóða upp á útgjöld upp á alls 2.900 milljarða Bandaríkjadala, andvirði um 200 billjóna króna eða 200.000 milljarða.

Til samanburðar má nefna, að íslensku fjárlögin hljóða upp á um þúsund sinnum lægri fjárhæð, sem gerir fjárlög beggja landa sambærileg sem hlutfall af íbúafjölda, enda eru íbúar Bandaríkjanna þúsund sinnum fleiri en Íslendingar.

Þetta fjárlagafrumvarp er það fyrsta sem Bush leggur fram fyrir þing þar sem demókratar ráða meirihlutanum í báðum deildum. Í því leggur forsetinn til milljarða dala viðbótarútgjöld til hermála og niðurskurð á mörgum sviðum til að nálgast það markmið að koma ríkisfjármálunum í jafnvægi á næstu fimm árum. Það vill hann þó gera án þess að snerta við skattalækkunum sem hann áður var búinn að hrinda í framkvæmd í áföngum.

Kostnaðinum við að gera skattalækkanirnar frá fyrra kjörtímabili Bush varanlegar, sem svarar um 110.000 milljörðum króna, vill hann deila á næstu tíu fjárlagaár. Samkvæmt frumvarpinu hyggst hann skera niður 78 milljarða dala, andvirði um 5.400 milljarða króna, í útgjöld til heilbrigðismála á næstu fimm árum.

Útgjöld til hermála nema eins og gefur að skilja stórum hluta fjárlaganna. Bush fer fram á að til þeirra verði varið um fimmtungi allra fjárlaganna, 624,6 milljörðum dala eða 43.100 milljörðum króna, á fjárlagaárinu 2008 sem hefst 1. október í haust. Á yfirstandandi ári eru hermálaútgjöldin 600,3 milljarðar dala, 41.420 milljarðar króna.

Eftir framlagningu frumvarpsins, sem borið er inn á borð þingmanna í fjórum þéttskrifuðum bindum, hefst mánaðalangt ferli sem þingmeirihluti demókrata hefur gefið skýrt til kynna að muni nýta til að koma að margvíslegum breytingum.

„Fjárlagafrumvarp forsetans er uppfullt af skuldahít og blekkingum, úr tengslum við raunveruleikann og heldur áfram að stefna Bandaríkjunum í ranga átt,“ sagði Kent Conrad, formaður fjárlaganefndar öldungadeildarinnar, en hann er demókrati.

audunn@frettabladid.is



**FIMMTUNGUR TIL HERMÁLA** Þingmenn ná sér í eintak af frumvarpinu í þinghúsinu í Washington í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fleiri konur en karlar án vinnu:

# 2.319 án atvinnu

**ATVINNULEYSI** 2.319 voru skráðir án atvinnu hjá Vinnumálastofnun í gær. Heldur fleiri konur eru án vinnu en karlar; 1.296 á móti 1.023.

Flestir eru án vinnu á höfuðborgarsvæðinu, samtals 1.138 en fæstir á Vestfjörðum, 29. - bþs

**ATVINNULEYSI Í GÆR:**

| | Karlar | Konur | Alls |
|---|---|---|---|
| Höfuðborgarsv. | 591 | 547 | 1.138 |
| Vesturland | 33 | 58 | 91 |
| Vestfirðir | 6 | 23 | 29 |
| Norðurl. vestra | 24 | 30 | 54 |
| Norðurl. eystra | 139 | 216 | 355 |
| Austurland | 17 | 41 | 58 |
| Suðurland | 83 | 136 | 219 |
| Suðurnes | 130 | 245 | 375 |
| **Samtals:** | **1.023** | **1.296** | **2.319** |

Lögregla ítrekar aðvörun:

# Varar við Nígeríubréfum

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan hefur ítrekað aðvörun sína við svokölluðum Nígeríubréfum, en þau innihalda gylliboð sem ekki er fótur fyrir.**

**Margir Íslendingar hafa nú þegar látið glepjast af bréfunum og orðið fyrir fjárhagslegu tjóni í kjölfarið, en talið er að eitt prósent viðtakanda láti blekkjast.**

**Í bréfunum er fólki lofað ótrúlegustu hlutum, meðal annars að þess bíði vænn arfur. Hinir óprúttnu aðilar sem senda bréfin nota einkum tölvupóst við iðju sína og fá grunlaus fórnarlömb til að leggja fram ákveðnar upphæðir sem síðan stöðugt vinda upp á sig.**

**Einnig er fólki iðulega lofað drjúgum happdrættisvinningum í þeim tilgangi að svíkja úr því fé.** - þsj


## Hver ræður för?

**Virðing og samvinna**

Málþing Sjónarhóls um skólagöngu barna með sérþarfir
fimmtudaginn 8. febrúar kl. 13.00 - 16.30 í Gullhömrum, Grafarholti.

**Á málþinginu verður varpað ljósi á þjónustu skóla frá sjónarhóli notenda.**

Málþingið er ætlað foreldrum og öllum þeim sem láta sig málefni barna með sérþarfir varða.

Skráning fer fram á heimasíðu Sjónarhóls
www.sjonarholl.net

Þátttaka er endurgjaldslaus

SJÓNARHÓLL


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ÞORRINN Í ALGLEYMINGI**

Það er frost á Fróni nú í upphafi febrúarmánaðar. Veik von, en þó von, er til þess að eitthvað hlýni í lok vikunnar og þá með suðurströndinni og líklega verður eitthvað þungbúnara þá en nú er. Hinsvegar er veður síðustu daga draumaveður margra, hægur vindur, bjart og nokkuð frost. Á Norðurlöndunum er ansi kalt þessa dagana, spáð er allt að 9 gráða frosti í Osló í dag.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Hæg austlæg átt og nokkuð bjart veður. Frost 3-7 stig, kaldast nú í morgunsárið.

um hádegi »




» á morgun




8-13 m/s allra syðst, annars hægviðri.

» fimmtudagur




Austan 5-10m/s syðst, annars hægari.

um hádegi »

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C | snjóél | London | 6°C alskýjað | | Alicante | 17°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 3°C | snjóél | París | 8°C hálfskýjað | | Mallorca | 15°C skúrir |
| Osló | -9°C | hálfskýjað | Frankfurt | 5°C hálfskýjað | | Algarve | 16°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 3°C | léttskýjað | Friedrichshafen | 2°C snjókoma | | Krít | 13°C heiðskírt |
| Gautaborg | 3°C | léttskýjað | Berlín | 4°C alskýjað | | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




**Betri leið í GSM** hjá Símanum. Veldu þá leið sem hentar þér best.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Góður | Betri | Bestur | Langbestur |
| GSM 35 | GSM 100 | GSM 160 | GSM 280 |
| 35 mín / 20 sms | 100 mín / 60 sms | 160 mín / 90 sms | 280 mín / 180 sms |
| 990 kr. á mán. | 1.990 kr. á mán. | 2.990 kr. á mán. | 4.990 kr. á mán. |

**Veldu Betri leið í GSM hjá Símanum og þú borgar 0 kr. fyrir öll símtöl innan fjölskyldunnar.** Öll símnotkun fer á einn reikning og fjölskyldan getur verið af ýmsum stærðum og gerðum, frá þremur einstaklingum upp í sex. Þjónustan er fyrir áskrifendur að Betri leið í GSM en í hverri fjölskyldu geta þar að auki verið tveir með Frelsi og einn í fyrirtækjaáskrift. Treystum fjölskylduböndin! **Kynntu þér málið www.siminn.is.**

## KJÖRKASSINN



*Þekkirðu einhvern sem hefur notað stera?*

| | |
|---|---|
| Já | 38% |
| Nei | 62% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Myndir þú taka oftar strætó ef fargjaldið yrði fellt niður?*

Segðu skoðun þína á vísir.is VÍSIR

Stjórnvöld í Indónesíu óttast að sjúkdómar brjótist út meðal íbúa:

# Stór hluti Djakarta undir vatni

**INDÓNESÍA, AP** Stór hluti höfuðborgar Indónesíu, Djakarta, var undir mittisháu vatni í gær eftir að ár flæddu yfir bakka sína vegna úrhellisrigninga undanfarna daga. Tólf milljónir manna búa á svæðinu. Að minnsta kosti 29 hafa látist, flestir hafa drukknað eða fengið raflost. Talið er að um 340.000 manns hafi flúið heimili sín.

Stjórnvöld sendu heilbrigðisstarfsmenn og fleka úr gúmmíi þangað sem ástandið var verst. Óttast er að sjúkdómar brjótist út meðal íbúa vegna skorts á hreinlæti og takmarkaðs aðgengis að drykkjarvatni. „Við vitum að það er erfitt fyrir íbúana [að halda sér hreinum] við þessar aðstæður, en þeir verða að gera það,“ sagði heilbrigðisráðherra Indónesíu, Siti Fadilah Supari.



**FÓRNARLAMB FLÓÐA** Indónesískur drengur heldur þéttingsfast utan um eigur sínar þar sem hann situr á heimatilbúnum fleka. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talið er að á milli 40 og 70 prósent af borginni, sem nær yfir 660 ferkílómetra svæði, hafi farið undir vatn.

Reglulega flæðir í borginni þótt flóðin nú séu mun meiri en venjulega. Mörg fátækrahverfi skammt frá árbökkum skolast burtu á hverju ári í flóðum. Íbúar annað hvort neita að flytjast burt eða eru of fátækir til að fara.

Veðurstofa Indónesíu spáir áframhaldandi rigningu næstu tvær vikur. **- sdg**

Sprenging við Bilbao á Spáni:

# Stuðningsmenn ETA sprengja

**MADRÍD, AP Talið er að ungir stuðningsmenn aðskilnaðarsamtaka Baska, ETA, hafi staðið á bak við sprenginguna nærri borginni Bilbao á Spáni aðfaranótt mánudags. Lestarstöð skemmdist og nokkur hús gjöreyðilögðust í eldi.**

**Fyrst var talið að ETA hefði verið að verki en rannsókn benti til að þetta væri verk samtaka ungra stuðningsmanna ETA. Talið var að sprengingin væri hefnd fyrir handtökur á nokkrum liðsmönnum þeirra á sunnudaginn.**

**ETA lýsti fyrir skömmu ábyrgð á mannskæðri sprengingu 30. desember.** **- sdg**

Umræður um leyniviðauka:

# Spurning um stjórnarskrána

**STJÓRNMÁL** Steingrímur J. Sigfússon telur að í leyniviðaukum við varnarsamningnum 1951 sé meðal annars falið beint afsal á íslensku landi. Þetta brjóti í bága við 21. grein stjórnarskrárinnar.

Steingrímur sagði þetta í utandagskrárumræðum um leyniviðaukana í gær. Einnig var spurt um þýðingu varnarsamningsins nú til dags og hvers vegna viðaukarnir hefðu verið leynilegir svo lengi.

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra sagði það lögfræðilegt álitamál hvort stjórnarskrá hefði verið brotin og vildi ekki álykta um það. **- kóþ**

**REYKJAVÍK**

### Tvær nýjar slökkvistöðvar

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur óskað eftir því að fá tvær lóðir, undir Úlfarsfelli og við Stekkjarbakka, undir nýjar slökkvistöðvar í Reykjavík.

**HEILBRIGÐISSTOFNUN**

### Jón Helgi framkvæmdastjóri

Jón Helgi Björnsson hefur verið skipaður framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga til fimm ára. Níu sóttu um starfið og þóttu sex þeirra uppfylla hæfnisskilyrði.

**VIÐURKENNING**

### Forvarnaverðlaun

Íslensku forvarnaverðlaunin verða afhent í annað sinn í apríl. Markmiðið er að verðlauna þá sem skara fram úr í forvarnastarfi. Tilnefningar má senda á www.forvarnahusid.is.

# Femínistar ræða að setja viðskiptabönn

**Viðskiptabönn á einstök fyrirtæki er baráttuaðferð sem Femínistafélagið ræðir nú um stundir. Með því móti mætti nota neytendavaldið til að ná betri árangri í baráttunni fyrir jafnrétti. Engar skipulagðar aðgerðir hafa verið.**

**FÉLAGSMÁL** Femínistafélagið ræðir nú að setja viðskiptabönn á einstök fyrirtæki. Þeim verði beitt til þess að ná betri árangri í baráttunni fyrir jafnrétti. „Við höfum rætt frá upphafi að neytendavaldið sé vald sem konur hafa og það sé þess virði að athuga hvernig hægt sé að nota það betur,“ segir Katrín Anna Guðmundsdóttir, viðskipta- og markaðsfræðingur, sem er talskona Femínistafélagsins. „Við höfum ekki verið með skipulagðar aðgerðir í sambandi við viðskiptabönn. En það eru hópar kvenna og karla sem kjósa að versla við fyrirtæki út frá auglýsingum eða jafnréttishugsjónum.“

Katrín Anna segir til að mynda hafi verið fjallað um það á póstlista félagsins að velja fyrirtæki eftir því hversu margar konur eru í forystu.

„Sjálf hef ég einkum hugleitt þetta út frá auglýsingum fyrirtækja. Ég nota viðskiptabönn mjög mikið og reyni þá að beina viðskiptum mínum til þeirra fyrirtækja sem auglýsa ekki með þeim hætti að það sé hamlandi fyrir jafnrétti. Ég sneiði til að mynda hjá fyrirtækjum sem nota klámvæðingu í sínum auglýsingum en vel fremur hin sem ég tel taka samfélagslega ábyrgð. Ég veit að það er þó nokkur hópur fólks sem sniðgengur fyrirtæki vegna auglýsinga. Þetta hafa ekki verið skipulagðar eða markvissara aðgerðir.“

Femínistafélagið er með á stefnuskrá sinni baráttu gegn klámvæðingu og lítilsvirðandi auglýsingum, en leiðir eru ekki skilgreindar, að sögn Katrínar Önnu. Baráttan byggist á starfsemi hópanna, sem skilgreina sjálfir hvernig þeir vilji berjast.



**FEMÍNISTAR RÆÐA VIÐSKIPTABÖNN** Femínistar hafa beitt ýmsum baráttuaðferðum, meðal annars flaggað bleikum fánum í hálfa stöng. Í kvöld klukkan 20 efnir Femínistafélagið til fundar um aðferðir og möguleika til að setja viðskiptabönn á einstök fyrirtæki. Hann verður í Bertelsstofu, Thorvaldsen bar.



**KATRÍN ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR** Segir að í auknum mæli sé krafist samfélagslegrar ábyrgðar af fyrirtækjum og neytendur versli í vaxandi mæli eftir því hvernig þau standi sig.

„Það er möguleiki á að Femínistafélafélagið standi einhvern tíma fyrir aðgerð sem felur í sér viðskiptabönn,“ segir hún. „Við höfum stundum rætt að taka saman lista yfir fyrirtæki sem við erum með í viðskiptabanni, sem einstaklingar, og fjalla um ástæður þess.

Ég tel að til þess að fara af stað með svo markvissa aðgerð þurfi að undirbúa hana vel og skipuleggja til þess að hún verði áhrifarík.

Forsendan fyrir því að hinn frjálsi markaður virki byggir á því að hann sé gagnvirkur. Það þýðir að fólk verður að velja og hafna sjálft. Ef maður á að velja og hafna þá verður maður að hafna því sem manni mislíkar.“

**jss@frettabladid.is**


# Krónikan

» NÝTT VIKURIT

KEMUR 15. FEBRÚAR

AUGLÝSINGAR
414 9400
auglysingar@kronikan.is

ÁSKRIFTIR
414 9400
askrift@kronikan.is






HLUTVERK STJÓRNMÁLAFLOKKA OG LÖGGJÖF UM FJÁRMÁL ÞEIRRA

MÁLSTOFA Í STJÓRNSKIPUNARRÉTTI

Lagadeild Háskóla Íslands, Lögbergi, stofu 101
miðvikudaginn 7. febrúar 2007, kl. 12:15-13:15

ERINDI FLYTJA:
Borgar Þór Einarsson, lögfræðingur og formaður SUS,
Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við félagsvísindadeild HÍ.

Fundarstjóri: Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild HÍ.







Allir velkomnir.
Nánari upplýsingar á www.lagadeild.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is


Framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu um viðskiptabönn:

# Öllum frjálst að hafa skoðanir

„Það er öllum frjálst að hafa skoðanir,“ segir Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, um hugleiðingar femínista um viðskiptabönn á einstök fyrirtæki, meðal annars með tilliti til klámvæðingar í auglýsingum.

Sigurður segir að samtök sem séu með yfirlýst markmið reyni að vinna eftir þeim leiðum sem taldar séu hafa áhrif.

Svo sé spurningin hversu mikilli útbreiðslu aðgerð af þessu tagi hefði, ef af yrði, og hversu sterka skírskotun slík skilaboð myndu hafa til fjöldans.

„Ef fyrirtæki finna ákveðið fyrir því að þetta sé eitthvað sem er mönnum mikið hjartans mál og alvara á bak við, því skyldu þau ekki breyta auglýsingastefnu sinni? Kannski yrði þetta einfaldlega tækifæri fyrir menn til að breyta um stefnu. Ég er ekki sannfærður um að það selji betur bíla að vera með hálfnakta konu á húddinu heldur en að fara leiðina sem Volvo fór þegar nokkrar konur voru fengnar til þess að hanna bíl.“

Sigurður segir það heillavænlegast að höndla neytendur sem vitsmunaverur og höfða til skynsemi fólks. Hann kveðst hafa trú á þeirri leið. **- jss**



**SIGURÐUR JÓNSSON** Vill að neytendur séu höndlaðir sem vitsmunaverur.


ferskt íslenskt grænmeti sérmerkt þér!
íslenskir
sveppir

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hverjir urðu heimsmeistarar í handknattleik á sunnudag?*
2 *Hverjir vilja leggja nýjan Kjalveg yfir hálendið?*
3 *Hvað heitir hálf-Íslendingurinn sem semur lög fyrir stórstjörnur?*

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 38

Saksóknari ekki sammála áliti sem fram kemur í bréfi skattrannsóknarstjóra:

# Takmarkar ekki vald lögreglu

**DÓMSMÁL** „Þetta er álit skattrannsóknarstjóra en við erum ekki sammála því,“ segir Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá ríkislögreglustjóra.

„Við vorum að biðja um ákveðnar upplýsingar sem við fengum ekki og töldum okkur eiga að fá. Við teljum um þessar skýringar ekki vera fullnægjandi og erum ekki sammála þeirri túlkun sem kemur fram í þessu bréfi,“ segir Helgi. Hann segir að ekki sé óskað eftir þessum upplýsingum nema grunur leiki á um að saknæmt athæfi hafi átt sér stað.

„Skattrannsóknarstjóri girðir ekki fyrir það hlutverk lögreglu og ákæruvalds sem getið er í lögum um meðferð opinberra mála. Okkur ber að sjá til þess að sekir menn sæti refsimeðferð, og það er ekki á ábyrgð skattrannsóknarstjóra að takmarka valdheimildir ákæruvaldsins,“ segir Helgi.

Hann gerir þó ekki athugasemdir við þá niðurstöðu skattrannsóknarstjóra að ekki sé hægt að taka upp mál á ný þegar það hafi fengið endanlega meðferð, svo sem sektarmeðferð yfirskattanefndar eða sektargerð skattrannsóknarstjóra.



HELGI MAGNÚS GUNNARSSON

Helgi bendir enn fremur á að aldrei hafi staðið til að tilgreindir einstaklingar yrðu allir ákærðir, heldur hafi markmiðið verið að afla upplýsinga til að ljóst yrði hvaða lok mál þessara einstaklinga hefðu fengið, þannig að málið væri fyllilega upplýst. - bj

Reyndu að stinga lögreglu af:

## Fjórir teknir fyrir innbrot

**LÖREGLUMÁL Fjórir innbrotsþjófar voru gómaðir í Mosfellsbæ í gær. Um hádegi í gær barst lögreglu tilkynning um að brotist hefði verið inn í íbúðarhús og að innbrotsþjófarnir væru enn á staðnum.**

**Þegar lögregla kom á staðinn reyndi fólkið að stinga af á bíl en náðist eftir stuttan eltingaleik.**

**Að sögn fulltrúa lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er ökumaður bílsins grunaður um að hafa verið undir áhrifum fíkniefna. Fjórmenningarnir voru færðir á lögreglustöð og yfirheyrðir.** - sþs



**REYÐARFJÖRÐUR** Ein mesta höfn landsins verður hér.

Álver Alcoa á Reyðarfirði:

## Höfnin skapar þrjátíu ný störf

**ATVINNUMÁL** Um 1,3 milljónir tonna verða fluttar um Reyðarfjarðarhöfn á hverju ári eftir að álverið þar tekur til starfa. Alcoa Fjarðaál hefur samið við Eimskip um þessa flutninga.

„Rúmlega 30 ný störf skapast á svæðinu til viðbótar þeim 40 störfum sem þegar eru til staðar hjá Eimskip á Austurlandi en þessi störf koma öll til vegna álversframkvæmda Alcoa Fjarðaáls. Ljóst er að höfnin verður mjög mikilvæg í framtíðinni vegna nálægðar hennar við Evrópu,“ segir í tilkynningu vegna samninga um flutningana. „Við fögnum þeim styrk sem þessi ákvörðun Eimskips hefur í för með sér,“ segir Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggðar. - gar

# Lögreglurannsókn ólögleg

**Skattrannsóknarstjóri hafnar ósk ríkislögreglustjóra um upplýsingar um skattamál níu einstaklinga tengdum Baugi Group. Sjálfstæð rannsókn lögreglu væri í andsöðu við ákvæði laga og framkvæmd undanfarið.**

**DÓMSMÁL** Ósk efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra um upplýsingar um skattamál níu einstaklinga tengdum Baugi Group hefur verið hafnað af embætti skattrannsóknarstjóra. Í bréfi embættisins til ríkislögreglustjóra kemur fram að ætli lögregla að taka sjálfstæða ákvörðun um að hefja refsimeðferð yrði það brot á lögum.

Í bréfum ríkislögreglustjóra til skattrannsóknarstjóra kemur fram að forsendur beiðni um upplýsingar sé rannsókn á skattskilum Baugs Group, Fjárfestingafélagsins Gaums, og Fjárfars, og ætluð brot forsvarsmanna félagana á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Í svarbréfi skattrannsóknarstjóra, sem skrifað er 14. desember 2006, segir að embættinu sé það beinlínis óheimilt samkvæmt lögum að láta slíkar upplýsingar í té. Það sé skattrannsóknarstjóra að rannsaka meint brot á skattalögum, og yfirskattanefndar að úrskurða um sektir, nema þegar máli sé vísað til opinberrar rannsóknar hjá lögreglu. Það hafi ekki verið gert í þessu tilviki.

„Yrði af því að lögregla tæki sjálfstæða ákvörðun um hvort hún hæfist handa um refsimeðferð á hendur einstaklingi án atbeina skattayfirvalda væri slík framkvæmd í algerri andstöðu við ákvæði [laga um tekjuskatt], og þá um leið veruleg breyting á því sem ríkt hefur í skattaframkvæmd og refsimeðferð skattsvikamála í a.m.k. 40 ár,“ segir í bréfi skattrannsóknarstjóra. Undir það skrifa Skúli Eggert Þórðarson, fyrrverandi skattrannsóknarstjóri, og Bryndís Kristjánsdóttir, sem tekið hefur við starfi hans.

„Eru þess engin dæmi að lögregla hafi farið fram með rannsókn eða saksókn af sjálfsdáðum í skattalagabrotum án þess að málefni þess sama skattaðila hafi áður sætt kæru frá skattayfirvöldum,“ segir þar enn fremur.

Er bent á að ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu leggi bann við því að manni sé gerð refsing tvisvar, og þar sem ákvörðun skattayfirvalda sé endanleg verði hún ekki borin undir önnur stjórnvöld eða dómstóla.

Skattrannsóknarstjóri fékk Róbert R. Spanó, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, til þess að vinna sérfræðiálit vegna málsins. Þar kemur fram að lögreglan geti ekki lögum samkvæmt hafið opinbera rannsókn á ætluðu refsiverðu broti á lögum um tekjuskatt, virðisaukaskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda þegar máli hafi verið lokið með endanlegum úrskurði yfirskattanefndar eða sektargreiðslu.

Einnig leiki „verulegur vafi“ á því að hægt sé að hefja slíka rannsókn vegna mála sem skattrannsóknastjóri hafi ákveðið að fella niður þar sem ekki hafi verið talin ástæða til opinberrar rannsóknar.

Í bréfi skattrannsóknarstjóra kemur fram að af þeim níu einstaklingum sem óskað sé upplýsinga vegna hafi einn þegar verið kærður, og lögregla hafi upplýsingar um hans mál. Einn þeirra sé erlendur ríkisborgari og því ekki skattskyldur hér á landi. Mál tveggja séu til meðferðar hjá skattrannsóknarstjóra og yfirskattanefnd, og því „með öllu fráleitt“ að skattskil þeirra eigi að sæta opinberri meðferð.



> „Eru þess engin dæmi að lögregla hafi farið fram með rannsókn eða saksókn af sjálfsdáðum í skattalagabrotum án þess að málefni þess sama skattaðila hafi áður sætt kæru frá skattayfirvöldum.
>
> SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON
> FV. SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI

Enn fremur hafi skattrannsóknarstjóri fjallað um mál hinna fimm einstaklingana, og tekið þá ákvörðun snemma árs 2004 að ekki væru efni til að taka skattaskil þeirra til sérstakrar rannsóknar.

„Ætli ríkislögreglustjóri að taka til rannsóknar mál sem skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur ekki talið efni til að vísa til opinberrar rannsóknar [...] er með grófum hætti verið að brjóta gegn þessum grundvallarreglum,“ segir í bréfi skattrannsóknarstjóra. brjann@frettabladid.is





Tvíburarnir Snorri og Viðar virtust hressir en við hjartað leyndist lífshættulegur galli sem kallaði á tafarlaust inngrip. Endurhæfing á Reykjalundi hefur fært þeim nýjan styrk til að takast á við verkefni lífsins.

# takk

## fyrir að skila okkur báðum út í lífið á ný

Happdrætti SÍBS byggir upp endurhæfingu að Reykjalundi sem gerir þúsundum kleift að leika við lífið á ný eftir áföll. Fáðu þér miða, veldu happanúmerið þitt. Verðlaunin geta orðið ógleymanlegur vinningur.

**Það er auðvelt að fá sér happanúmer**
Hringdu í síma 552 2150 eða kauptu á vefnum www.sibs.is

# Drögum í dag

HAPPDRÆTTI SÍBS

*...fyrir lífið sjálft*

**Yfir hálfur milljarður í pottinum 2007**

**60 Honda Jazz**
**á árinu**



22.911 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 1000 kr.



**FÓRNARLÖMB FLÓÐA** Tugir þúsunda heimila í Jakarta í Indónesíu skemmdust vegna flóða og leitaði þetta fólk skjóls í nálægum kirkjugarði. NORDICPHOTOS/AFP

Lögmaður formannsins með ólöglegu lyfin segir þau hafa verið keypt hérlendis:

# Fékk stera fyrir fæðubótarefni

**LÖGREGLUMÁL** „Hann segist ekki hafa komið að innflutningi og að hann sé ekki í sölu á þessu," segir Jón Egilsson, lögmaður Jóns Gunnarssonar sem handtekinn var þegar mikið magn meintra ólöglegra lyfja fannst við húsleit.

„Í sjálfu sér kannast hann við þessi efni sem voru tekin en fyrst þarf að vita hvaða efni þetta eru," segir Jón Egilsson og bendir á að eftir sé að efnagreina þau rúmlega 30 þúsund lyfjahylki og töflur sem fundust hjá Jóni Gunnarssyni, sem enn var formaður Kraftlyftingasambands Íslands þegar lögreglan lagði hald á efnin á laugardag.

Lögmaðurinn segir Jón ekki vita hvernig efnin bárust til landsins: „Honum var boðið þetta til kaups hérlendis, meðal annars í skiptum fyrir fæðubótaefni sem hann er að flytja inn. Hann gerði þetta í góðri trú um að sumt af þessu væri fæðubótarefni. Eins og þetta lítur út þá eru þetta ekki allt steralyf, heldur fæðubótarefni sem eru jafnvel lögleg erlendis og hægt að kaupa út úr búð." Aðspurður hvað Jón hafi ætlað sér með efnin svarar lögmaðurinn: „Hann ætlaði bara að kynna sér þessi efni og lesa sér til um verkan þeirra."

Jón Egilsson kveður skjólstæðing sinn ekki hafa vitað nákvæmlega hvaða efni hann var að kaupa. Jón Gunnarsson hafi lýst þeim sem hann átti viðskiptin við fyrir lögreglu en hann viti ekki hvort lögreglu hafi orðið ágengt með þær upplýsingar. - gar



**EFNIN SEM LAGT VAR HALD Á** Lögmaður Jóns Gunnarssonar segir hann ekki vitað hvað efni hann keypti. „Hann ætlaði bara að kynna sér þessi efni," segir Jón Egilsson. MYND/STÖÐ 2

Skoðanakannanir í Noregi:

# ESB-fylgjendum fjölgar

**NOREGUR Stuðningur við inngöngu Noregs í Evrópusambandið jókst um 3,6 prósent frá því í desember og mælist nú 41,8 prósent, samkvæmt niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar fyrir blöðin Nationen, Klassekampen og Dagen. Andstæðingar aðildar mælast þó enn fleiri; 46,3 prósent. Tólf prósent eru óákveðin.**

**Athygli vekur að talsverður kynjamunur er á afstöðunni til ESB-aðildar. Nú styðja fimmtíu prósent norskra karla inngöngu en fjörutíu prósent þeirra eru á móti. Hlutfallið er öfugt meðal kvenna.** - aa



**RADEK SIKORSKI** Var einn fárra ráðherra Póllandsstjórnar sem nutu virðingar á alþjóðavettvangi. NORDICPHOTOS/AP

Ráðherra segir af sér:

# Kvarnast úr Póllandsstjórn

**PÓLLAND, AP Radek Sikorski, varnarmálaráðherra Póllands, sagði af sér í gær eftir að Jaroslaw Kaczynski forsætisráðherra lýsti efasemdum um verk hans, að því er talsmaður stjórnarinnar greindi frá í Varsjá.**

**Sikorski var einn fárra ráðherra hinnar veikburða ríkisstjórnar sem nutu viðurkenningar á alþjóðavettvangi, en hann hafði sterk tengsl við Bandaríkin. Afsögn hans er því sögð visst áfall fyrir stjórnina, nú þegar samningaviðræður eru að hefjast við Bandaríkjamenn um hugsanlega uppsetningu skotstöðvar fyrir eldflaugavarnakerfi í Póllandi.** - aa

# Gjöld á einkabíla verði háð mengun

**Stýrihópur um vistvænt eldsneyti hefur skilað róttækum tillögum um gjaldtöku fyrir mengun af ökutækjum sem gera umhverfisvæn ökutæki betri kost. Nota á hagræna hvata í umhverfismálum segir iðnaðar- og viðskiptaráðherra.**

**UMHVERFISMÁL** Öll gjöld á einkabíla sem ekki eru vegna notkunar á vegum verða háð því hversu mikinn koltvísýring bíllinn gefur frá sér, ef tillögur stýrihóps um vistvænt eldsneyti verða að lögum. Tillögurnar voru kynntar í gær, og sagði Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, að sér hugnist vel að nota hagræna hvata við umhverfisvernd.

„Þetta er almenn þróun í heiminum. Hér kom fram ein tillaga um tilbrigði við þetta stef. Það er verið að reyna þetta mjög víða, við erum að reyna þetta líka. Það er sjálfsagt að fara inn á þessa braut, að nota hagræna hvata eftir því sem frekast er unnt," sagði Jón í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Persónulega líst mér vel á tillöguna en get auðvitað ekki tekið afstöðu til einstakra atriða á þessu stigi, því ég var auðvitað að sjá þessa tillögu fyrst núna. En ég geri ráð fyrir því að við munum taka þetta til skoðunar í ráðuneytinu. Þar munu fulltrúar annarra ráðuneyta einnig koma að því. Þetta fer í venjulega vinnslu og undirbúning," sagði Jón.

Tillögur stýrihópsins voru kynntar fyrir fjölmiðlum í gær, sem og afraksturinn af þeim hluta vetnisverkefnisins sem nú er lokið. Borgarbúar hafa flestir orðið varir við vetnisverkefnið, enda óku þrír strætisvagnar knúnir vetni um borgina í rannsóknarskyni.

Þeim akstri hefur nú verið hætt og reiknað er með að einn vagnanna verði safngripur á Samgöngusafninu á Skógum, segir Jón Björn Skúlason, framkvæmdastjóri Íslenskrar nýorku.

Jón Björn segir að nú fari í gang nýtt verkefni þar sem annars vegar verði keyptir 20-30 vetnisbílar og hins vegar sett vetnisknúin ljósavél í skip. Hann segir að bílarnir verði mest keyrðir af starfsmönnum orkufyrirtækja, en einnig hafi bílaleigan Hertz áhuga á að fá slíka bíla í leigu fyrir umhverfisvæna ferðamenn sem hafa ekki í huga að aka út fyrir höfuðborgarsvæðið.

Vetnisljósavélin verður hins vegar sett í hvalaskoðunarskipið Eldingu, sem gerð er út frá Reykjavík. Hún mun gera bátsverjum kleift að slökkva algerlega á öllum háværu dísilvélunum þegar hvalir eru í nánd, sem mun auka mjög ánægju af hvalaskoðuninni, segir Jón Björn.

En hvenær má búast við því að vetnisbílar verði algengir á götunum hér á landi? „Ég vona að ég geti farið út í búð í kringum árið 2015 og keypt mér vetnisbíl," segir Jón Björn. brjann@frettabladid.is



**NIÐURSTÖÐUR KYNNTAR** Jóni Sigurðssyni iðnaðarráðherra líst vel á tillögur stýrihóps um vistvænt eldsneyti og gerir ráð fyrir að þær verði teknar til skoðunar í ráðuneytinu.

Fjórir ætlaðir barnaníðingar:

# Tölvubúnaður er í rannsókn

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla höfuðborgarsvæðisins hefur yfirheyrt fjóra ætlaða barnaníðinga sem allir svöruðu tálbeituauglýsingu fréttaskýringaþáttarins Kompáss. Lögreglan hefur lagt hald á tölvubúnað þeirra allra og er hann nú til rannsóknar. Mál mannanna verða send Ríkissaksóknara innan tíðar, þar sem tekin verður ákvörðun um framhaldið, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Mennirnir töldu sig vera að ræða við þrettán ára stúlku á netinu og mættu svo til að hitta hana í kjallaraíbúð. Þar var fyrir þáttastjórnandi Kompáss. Stöð 2 afhenti síðan lögreglu hluta gagna sem urðu til við vinnslu þáttarins. - jss

Unglingsstúlka dæmd:

# Fékk VISA-kort á nafni annars

**DÓMSMÁL Gengið hefur dómur í Héraðsdómi Suðurlands í máli unglingsstúlku fyrir að hafa sótt um VISA-debetkort á nafni og reikningi annarrar konu. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að fresta ákvörðun um refsingu á skilorði í eitt ár. Stúlkan ritaði nafn konunnar á umsókina um VISA-kortið, en lagði inn ljósmynd af sjálfri sér. Síðan fór hún í hraðbanka og tók 500 krónur út af reikningi konunnar.**

**Stúkan játaði brotið. Hún hefur ekki sætt refsingu áður.** - jss




„Norðurmýrin leynir á sér yfir veturinn. Það munar miklu að drífa almennilega í þessum litlu hallandi götum." Subaru eigendur vita að hann er allt öðruvísi en aðrir bílar. „Hann er bara svo öruggur, t.d. þegar maður fer upp í bústað. Krafturinn í honum skemmir samt ekkert fyrir." Það ætti enginn að kaupa sér bíl án þess að koma fyrst og reynsluaka Subaru.

Sedan verð frá 2.490.000,- Wagon verð frá 2.640.000,- Cross Wagon verð frá 2.760.000,- SYMMETRICAL AWD

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00



Subaru er á sérlega góðu verði þessa dagana og að sjálfsögðufylgja frí vetrardekk með.

# IQ-CARE

HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR





**Þrýstijöfnun er lykilorðið**

## Ein besta heilsudýna í heimi

iq-care.com

**IQ-CARE** aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir dýpri og betri svefni.
**IQ-CARE** er svæðisskipt og gefur því réttan stuðning fyrir mjóbak og axlir.
**IQ-CARE** er með opnari efniseiginleika en flestar vörur úr skyldum efnum og andar því betur.
**IQ-CARE** aðlagast hraðar að líkamanum en flest rúm úr skyldum efnum.
**IQ-CARE** er ein sterkasta efnablanda sem þróuð hefur verið og endist því lengur en skyldar vörur.
**IQ-CARE** þrýstijöfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum.

## VELDU AÐEINS ÞAÐ BESTA!

### S-CAPE
WALLHUGGER



**Hjónarúm með**
**okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu**
**Dæmi: 160 x 200 cm kr. 369.900 stgr.**

Rúm sem dregst að veggnum þannig að þú helst við hlið náttborðsins.

- Mest seldi botninn í heiminum.
- Upplýst þráðlaus fjarstýring með öllum stillingum.
- Sterkir og hljóðátir þýskir lyftumótorar.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Öflugir nuddmótorar með sjálfvirkum tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- Öll liðarmót úr flugvélaplasti.
- 12 ára ábyrgð.



SWISSFLEX

50 ára reynsla



### Loftrúm án rafmagns

### PROFLEX



**Hjónarúm með**
**okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu**
**Dæmi: 160 x 200 cm kr. 219.900 stgr.**

Mest selda stillanlega rúmið á Íslandi.
Frábær reynsla.

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stillanlegt mjóbakssvæði.
- Hægt að fá stillanlega fætur sem ráða hæð rúmsins.
- 5 ára ábyrgð.

Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt rúm þá er PROFLEX lausnin.



Frí þrýstijöfnunarmæling sem greinir hvaða dýna hentar þér best

## SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI




Svefn & heilsa ★★★★★

AKUREYRI



EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR




Svefn & heilsa ★★★★★

REYKJAVÍK

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

www.svefn.is



**DREGIÐ TIL STAFS** Ung taívönsk stúlka æfir skriftina sína með dyggri aðstoð afa síns og blæs tyggjókúlu á meðan.
NORDICPHOTOS/AFP

Náttúruvaktin skorar á umhverfisráðherra að leyfa ekki framkvæmdir á friðlýstum svæðum:

# Lögverndun friðlýstra svæða sögð léttvæg

**UMHVERFISMÁL** Náttúruvaktin, baráttuhópur fyrir ósnortinni náttúru, hvetur umhverfisráðherra til að breyta stefnu sinni og veita ekki undanþágur til framkvæmda á friðlýstum svæðum eða svæðum á náttúruminjaskrá nema staðfest sé að brýnir almannahagsmunnir liggi til grundvallar framkvæmd og og að allar aðrir leiðir hafi fyrst verið kannaðar.

Í áskorun til ráðherra eru stjórnvöld sögð sýna svæðum á náttúruminjaskrá skeytingarleysi enda reyni Náttúruvaktin að verja þrjú slík svæði fyrir „óhóflegri framkvæmdagleði ráðamanna og verktakafyrirtækja“. Eru það Álafosskvos í Mosfellsbæ þar sem veglagning er hafin, Blikastaðarkró/Leiruvogur í Reykjavík þar sem Orkuveita Reykjavíkur vill leggja metangaslögn og Gufudalssveit þar sem leggja á veg.



JÓNÍNA BJARTMARZ



ÁSTA ÞORLEIFSDÓTTIR



**MÓTMÆLT Í ÁLAFOSS-KVOS** Náttúruvaktin skorar á umhverfisráðherra að veita ekki undanþágur til framkvæmda á friðlýstum svæðum.

Náttúruvaktin segir öll þessi svæði á náttúruminjaskrá og því njóti þau sérstakrar lögverndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. „Þessi lögverndun virðist léttvæg þegar framkvæmdagleðin grípur um sig og skiptir þá litlu hvað verður undan að láta eða hvaða gildi það hefur fyrir komandi kynslóðir,“ segir í áskoruninni til umhverfisráðherra. - bþs

Guðni Ágústsson:

# Gagnrýnir Evrópusambandið

**STJÓRNMÁL Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra gagnrýnir Evrópusambandið fyrir að banna notkun fiskimjöls í fóður jórturdýra. Á fundi með framkvæmdastjóra heilbrigðismála og neytendaverndar Evrópusambandsins í síðustu viku sagði Guðni engar vísindalegar forsendur fyrir banninu og fór þess á leit að afstaða til bannsins yði endurskoðuð.**



GUÐNI ÁGÚSTSSON

**Í för sinni ræddi Guðni einnig við framkvæmdastjóra landbúnaðar- og byggðamála Evrópusambandsins. Ræddu þeir meðal annars um samningaviðræður um unnar landbúnaðarvörur sem hefjast síðar í mánuðinum.** - bþs

SVÞ skýrir verðlækkanir á mat:

# Ekki eru allir með allt á hreinu

**SKATTALÆKKANIR** Samtök verslunar og þjónustu hafa sent dreifibréf til félagsmanna til að útskýra aðgerðir þær sem stjórnvöld hafa gripið til og stuðla eiga að verðlækkun á matvælum um næstu mánaðamót.

Í bréfinu segir að nokkuð hafi verið spurst fyrir um málið hjá samtökunum og greinilegt að ekki séu allir sem málið varðar í atvinnulífinu með allt á hreinu varðandi breytingarnar.

Eru þær skýrðar út á einfaldan máta og segir meðal annars:

„Virðisaukaskattur á allt sem hægt er að borða lækkar í sjö prósent.“ - bþs



**KEYPT INN** Aðgerðir til lækkunar matvöruverðs eru brýndar fyrir kaupmönnum.



**BLÁSIÐ Í GLÆÐURNAR** Hjónin Mitsutoshi og Setsuko Fukatsu drekka te saman til að styrkja hjónabandið.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skilnaðartíðni í Japan er mest meðal aldraðra hjóna:

# Lífi blásið í hrörnuð hjónabönd

**TÓKÝÓ, AP** Japanskir karlmenn sem eru komnir á efri ár leita nú margir hverjir leiða til að blása lífi í hjónabandið eftir að hafa ævilangt sett eiginkonuna í annað sætið á eftir starfinu. Margir tóku þátt í „degi hinnar ástkæru eiginkonu“ fyrir helgina, þar sem dagskipunin var að sinna eiginkonunum til tilbreytingar.

Skilnaðartíðni í Japan hefur aukist um meira en 60 prósent frá árinu 1985 og hefur mesta aukningin átt sér stað hjá eldra fólki. Skilnaður hjá hjónum sem hafa verið gift í meira en 20 ár hefur næstum tvöfaldast síðan árið 1985 og var fjöldinn kominn í 40.000 árið 2005.

Mun algengara er að konurnar eigi frumkvæði að skilnaðinum og skilji við menn sína eina í lok æviskeiðsins, sem er að meðaltali 78 ára langt hjá japönskum karlmönnum og eitt hið lengsta í heiminum.

Samtök tilbiðjandi eiginmanna í Japan (Japan Adoring Husbands Association) urðu til vegna þessa stækkandi vandamáls. Í fyrra komu samtökin á fót deginum sem tileinkaður er ástkæru eiginkonunni, þar sem eiginmenn eru hvattir til að fara óvenju snemma heim úr vinnunni, jafnvel fyrir klukkan átta um kvöldið, líta í augun á eiginkonu sinni og segja „takk fyrir“. - sdg

## Leiðir til að blása lífi í hjónabandið

Í Japan fjölgar skilnuðum mest meðal eldri hjóna og á konan oftast frumkvæðið að skilnaðinum. Ný samtök karla hvetja eiginmenn til að fylgja „Fimm gullnum reglum“ til að viðhalda hamingjusömu hjónabandi.

Fimm gullnar reglur í hjónabandi:
1. Gerðu einhver húsverk
2. Sýndu þakklæti
3. Spurðu hvernig dagur konunnar var
4. Kyngdu stoltinu og feimninni
5. Mundu hvernig þér leið þegar þú varðst ástfanginn

Heimild: Japan Adoring Husbands Association AP

Ökulagi ábótavant á höfuðborgarsvæðinu:

# Fjórtán manns teknir fyrir ölvunarakstur

**LÖGREGLUMÁL** Fjórtán ökumenn, þrettán karlmenn og ein kona, voru tekin fyrir ölvunarakstur í umdæmi lögreglu höfuðborgarsvæðisins um nýliðna helgi. Um helmingur þeirra sem teknir voru er um tvítugt og níu þeirra voru stöðvaðir í Reykjavík.

Þá voru átta ökumenn alls stöðvaðir vegna þess að þeir voru ekki með ökuréttindi. Alls var tilkynnt um 86 umferðaróhöpp um helgina auk þess sem tuttugu og einn ökumaður var tekinn fyrir að aka yfir leyfilegum hraða. - þsj

vodafone
Markmið okkar hjá þjónustuveri Vodafone er að þér verði svarað innan 30 sekúndna
1414 - til þjónustu reiðubúin
www.vodafone.is
Gríptu augnablikið og lifðu núna

Gistinóttum fjölgar í desember:

# Mesta aukningin á Austurlandi

**FERÐAÞJÓNUSTA** Gistinóttum á hótelum fjölgaði um 27 prósent í desember síðastliðnum frá sama mánuði árið áður.

Þetta kemur fram í samantekt Hagstofunnar.

Gistinóttum fjölgaði í öllum landshlutum en mest varð aukningin á Austurlandi þar sem þær voru tvöfalt fleiri en árið á undan.

Gistirými á hótelum í desember jókst milli ára. Fjöldi herbergja fór úr 3.511 í 3.897 sem er ellefu prósenta aukning og rúmum fjölgaði úr í 7.142 í 7.929.



**FJÖLGUN** Hótelherbergjum fjölgaði talsvert á síðasta ári.

Samkvæmt bráðabirgðatölum fjölgaði gistinóttum um þrettán prósent allt árið í fyrra, úr 1.035.100 árið 2005 í 1.168.900 árið 2006. **- bþs**

# Ómakleg árás

## Yfirlýsing frá fyrrum fréttamönnum Sjónvarpsins.

Í greininni „Þáttum forsetans hefur verið eytt”, sem Fréttablaðið birti föstudaginn 2. febrúar, er fjallað um störf þeirra sem unnu á fréttastofu Sjónvarpsins undir stjórn Emils Björnssonar á áttunda áratugnum. Í Fréttablaðinu segir orðrétt: „Þeir Vilmundur (Gylfason) og Ólafur (Ragnar Grímsson) innleiddu nýjan stíl á áttunda áratugnum sem markaði tímamót í blaðamennsku. Þérun var afnumin og viðtöl áttu helst að vera í beinni útsendingu. Áður voru viðtöl stundum tekin aftur og aftur þangað til ráðamenn voru sáttir við útkomuna.“ Hér er réttu máli hallað.

Þegar fréttastofa Sjónvarpsins hóf störf 30. september 1966 innleiddi Emil Björnsson fréttastjóri nýtt vinnulag, beinskeyttari viðtöl og ákveðnari spurningar en áður hafði tíðkast í viðtölum við ráðamenn, enda var Emil „framsýnn og merkilegur maður“ eins og forseti Íslands komst að orði í viðtali á 40 ára afmæli Sjónvarpsins 30. september síðastliðinn. Viðmælendum var ekki greint frá spurningum fyrirfram og þeir sögðu fréttamönnum ekki fyrir verkum. Að halda því fram að viðtöl við ráðamenn hafi verið endurtekin uns ráðamenn voru „sáttir við útkomuna“ er alrangt. Með þeim ummælum er starfi Emils Björnssonar sem brautryðjanda og fyrsta fréttastjóra Sjónvarpsins sýnd óvirðing. Vegið er að starfsheiðri hans og okkar sem unnum undir hans stjórn á fréttastofunni, þegar látið er að því liggja að fréttastofunni hafi verið stjórnað af valdhöfum.

Þau okkar sem störfuðu með Vilmundi Gylfasyni að gerð fjölmargra Kastljósþátta, í fréttastjóratíð Emils Björnssonar minnast þess með mikilli ánægju. Á það samstarf bar aldrei skugga. Sú fullyrðing greinarhöfundar, að starfsmenn Ríkisútvarpsins hafi „eytt kerfisbundið“ þáttum sem Ólafur Ragnar Grímsson hafi stýrt er alröng.

Framkvæmdastjóri Sjónvarps og dagkrárstjórar á fyrstu árum Sjónvarpsins tóku með reglulegu millibili ákvarðanir um hvað af því efni sem tekið hefði verið upp á myndbönd skyldi geymt og hvað þurrkað út – til þess að hægt væri að nýta aftur fokdýr tveggja tommu breið myndbönd, sem þá voru nýlega komin til sögunnar. Þar var ekki farið í manngreinarálit heldur reynt að meta hvert sögulegt gildi efnið hefði og hvort líklegt væri að það yrði sýnt aftur. Ekki er ósennilegt, að auk Ólafs Ragnars, skipti þeir hundruðum Íslendingarnir sem birtust í sjónvarpsþáttum sem ekki eru lengur til.

Eflaust má deila um einstakar ákvarðanir yfirstjórnar Sjónvarpsins í þessu efni fyrir þremur til fjórum áratugum, ákvarðanir sem oftast voru teknar nokkrum dögum eftir sýningu þáttanna. Fráleitt er að láta í það skína að sérreglur hafi gilt um þætti Ólafs Ragnars Grímssonar eða Kastljóssþætti þar sem Vilmundur Gylfason var einn umsjónarmanna.

Ástæðan til þess að ekki var meira efni geymt en raun bar vitni var fyrst og fremst bág fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins eins og safnastjóri Ríkisútvarpsins raunar benti Fréttablaðinu á.

*Magnús Bjarnfreðsson,*
*Markús Örn Antonsson,*
*Ólafur Ragnarsson,*
*Eiður Guðnason,*
*Jón Hákon Magnússon,*
*Ómar Þ. Ragnarsson,*
*Svala Thorlacius,*
*Guðjón Einarsson,*
*Helgi E. Helgason,*
*Bogi Ágústsson.*

# Athugasemd Fréttablaðsins

Heimild Fréttablaðsins um breytta siði í sjónvarpi var bókin Herra forseti eftir Pálma Jónasson þar sem fjallað er um feril Ólafs Ragnars Grímssonar. Þar segir á blaðsíðu 24: „*Venjan hafði verið sú að viðtöl við ráðamenn voru tekin upp fyrirfram, þeir voru þéraðir og gátu krafist þess að allt yrði tekið upp aftur ef þeim líkaði ekki niðurstaðan. Hinir nýju þættir Ólafs Ragnars voru hins vegar í beinni útsendingu og hörð gagnrýni ríkjandi.*“

Hvað aðrar athugasemdir fyrrverandi fréttamanna Ríkissjónvarpsins varðar er það staðreynd að þáttum Ólafs og Vilmundar var eytt með kerfisbundnum hætti. Því var hvergi haldið fram í frétt Fréttablaðsins að þáttum þeirra hefði verið eytt umfram annað efni eða „látið í það skína að sérreglur hafi gilt um þessa þætti“.

Tekið var fram í fréttinni að starfsmenn RÚV hefðu ekki átt neinna kosta völ og bæði í undirfyrirsögn og meginmáli var bent á að bágur fjárhagur RÚV hefði verið orsök endurnýtingarinnar.

Tilgangur fréttarinnar var meðal annars að benda á menningarlegt verðmæti fréttatengds efnis og því birtist framhaldsfrétt um útþurrkun gamals sjónvarpsefnis á Stöð tvö, tveimur dögum síðar.

Það er að lokum harmað að fréttamennirnir kjósi að blanda heiðri Emils heitins Björnssonar inn í yfirlýsingu sína.





e-kortið er gott fyrir veskið

Með því að nota e-kortið færðu alltaf endurgreiðslu í beinhörðum peningum af öllum þínum viðskiptum innanlands



Þú sækir um á www.ekort.is

Þú sparar í hvert skipti sem þú notar e-kortið

- Þú færð endurgreiðslu hvar sem þú verslar innanlands.
- Þú færð endurgreiðslu af öllum boðgreiðslum eins og orkureikningum, leikskólagjöldum, fasteignagjöldum, sjónvarpsáskriftinni og öllu hinu sem fylgir því að reka heimili.
- Þú færð 0,65–25% viðbótarendurgreiðslu og ýmis sértilboð hjá yfir 200 fyrirtækjum.
- Með því að nota e-kortið getur þú áunnið þér tugi þúsunda króna sem þú notar í það sem þér hentar.

SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@ekort.is / www.ekort.is

e kort

## „ORÐRÉTT“

*Hingað og ekki lengra*

**„Skyldi það vera þar sem hundurinn liggur grafinn? Að konur sem sækjast eftir völdum séu karlaveldinu slík ógn að ekkert sé til sparað til að skjóta þær niður - helst á bólakaf?“**

ERLA INDRIÐADÓTTIR VELTIR FYRIR SÉR STÖÐU KVENNA Í STJÓRNMÁLUM.

Morgunblaðið 5. febrúar.

*Aðstoðarmaðurinn býður sig fram*

**„Snattið í kringum hásætið færir mönnum einstaka reynslu og innsýn í viðjar valdsins en það getur líka flækt menn í vafasama vefi.“**

HALLGRÍMUR HELGASON MINNIR ILLUGA GUNNARSSON Á GAMLAR „SYNDIR“.

Fréttablaðið 5. febrúar.

nær og fjær

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** LAUFEY ERLA JÓNSDÓTTIR VERKEFNASTJÓRI

## *Á leið á fjallamennskunámskeið*



„Það er í nógu að snúast hérna á Stofnun Vigdísar, ég er núna að leggja lokahönd á undirbúning fyrirlesturs sem við stöndum fyrir á fimmtudaginn næstkomandi,“ segir Laufey Erla Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. „Þá mun Guðbergur Bergsson ræða um þýðingu sína á Hundrað ára einsemd og Don Kíkóta, en það er hluti af fyrirlestraröð sem við erum með um þýðingar öndvegisverka. Ég hvet alla til að kynna sér það verkefni.“

Laufey segist njóta útivistar og félagsstarfs og vill leggja sitt af mörkum í samfélaginu. Hún er því á leiðinni á fjallamennskunámskeið sem nýliði hjá Hjálparsveitum skáta í Reykjavík. „Já, við komum til með fara út í óbyggðir og tjalda og ef aðstæður eru til og snjór þá byggjum við okkur snjóhús til að sofa í. Við mundum svo ísaxirnar og æfum okkur í sigi og lærum ýmis trix.“

Einnig er gamall draumur að rætast hjá henni Laufey, þegar hún fer til útlanda á árinu: „Ég er að undirbúa utanlandsferð með útskriftarárgangi mínum úr Menntaskólanum á Akureyri. Það er tíu ára útskriftarafmæli í ár. Við ætlum að fara með gamla sögukennaranum okkar til London á árinu og er það gamall draumur. Fólk er búið að safna í áratug fyrir þessu og ég hlakka mikið til fararinnar.“

## ÓÐAVERÐBÓLGA

### MILLJARÐAR TRILLJÓNA

■ Mesta óðaverðbólga í sögunni varð í Ungverjalandi á árunum 1944 til 1946. Í júní 1944 fengust rúm þrjátíu pengo, þáverandi gjaldmiðill Ungverjalands, fyrir einn Bandaríkjadal. Ellefu mánuðum síðar fengust 1.320 pengo fyrir dal og þremur mánuðum síðar, eða í nóvember 1945, var einn dalur 108.000 pengo virði. Í mars 1946 kostaði einn dalur 1.750.000 pengo, og tveimur mánuðum síðar kostaði hann 59 milljarða pengo. Hámarki verðbólgunnar var langt í frá náð þá, því að í júlí 1946 kostaði einn dalurr 460.000.000. 000.000.00 0.000.000.000.000 pengo, eða 460 milljarða trilljóna pengo.

## SJÓNARHÓLL

NÝR KJALVEGUR



RAGNAR SVERRISSON KAUPMAÐUR

### *Góð hugmynd*

„Mér finnst þetta bara hið besta mál,“ segir Ragnar Sverrisson, kaupmaður á Akureyri, um þá hugmynd Norðurvegar ehf. að leggja nýjan þjóðveg yfir Kjöl. „Það voru fjárfestar héðan frá Akureyri sem byrjuðu með þetta. Þeir ætluðu fyrst að fara yfir Stórasand og koma niður hjá Þingvöllum. Mér leist ekki vel á þá hugmynd því ég þóttist vita að hún samræmdist illa umhverfissjónarmiðum en svo núna þegar þeir eru komnir á þessa braut finnst mér það hið besta mál og ég vona bara að þetta gangi hjá körlunum,“ segir Ragnar.

„Þetta breytir samt ekki þeirri skoðun minni að aðalsamgöngubæturnar fyrir okkur Norðlendinga núna felast í því að tengja betur saman byggðirnar hér, þá til að mynda með Vaðlaheiðargöngum og hins vegar með göngum úr Barkárdal og yfir í Hjaltadal til að stytta leiðina yfir í Skagafjörðinn. Kjalvegurinn kemur sér auðvitað líka vel enda á hann eftir að auka strauminn milli Norður- og Suðurlands. Hann verður líka til bóta fyrir ferðamenn sem geta skotist milli landshluta á skömmum tíma til að elta veðrið. Fyrir mér er það ekki spurning að menn eiga eftir að koma í hópum að sunnan yfir í góða veðrið hjá okkur hér fyrir norðan,“ segir Ragnar.

# Óskar eftir „barnlausum“ ömmum og öfum

**Það er misjafnt hvernig fólk kýs að verja frítíma sínum. Flest fólk telur sig ekki hafa nægan frítíma til að koma öllu því í verk sem því dreymir um að gera fyrir sjálft sig. Halldóra Kristjánsdóttir er ekki í þeim hópi.**



**HALLDÓRA KRISTJÁNSDÓTTIR** starfar sem leiðsögumaður en vill nýta frítíma sinn í að koma börnum til aðstoðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég er barnlaus amma með aflögu tíma,“ segir Halldóra glettin. Hún á sjálf fjögur uppkomin börn en segir að því miður sjái hún engin ömmubörn í augsýn í nánni framtíð. Í stað þess að reka á eftir eigin börnum hefur hún ákveðið að leita uppi önnur börn sem gætu þurft á ömmu að halda og líka að virkja það fólk sem gæti verið í svipuðum sporum og hún er sjálf í.

„Það hefur verið mikil umræða um fátækt barna í samfélaginu. Mig langar að geta nýtt tíma minn til þess að skapa eitthvað sem þessi börn vantar, falleg föt eða leikföng. Ég sé oft uppskriftir að fötum og kitlar í fingurna af löngun til að fá að búa eitthvað fallegt til en ég vil að það geti komið til góða en endi ekki í skápum barna sem eiga nóg af öllu fyrir,“ útskýrir hún.

Halldóra segist sjá fyrir sér að í framtíðinni geti fólk tekið sig saman, mælt sér mót og skapað sitthvað sem börn sem búa við félags- eða efnalegan skort gætu notið góðs af. Það telur hún einnig geta verið góðan félagsskap fyrir eldra fólk sem skortir félagsskap.

„Ég auglýsi bara hér með eftir barnlausum ömmum eða öfum sem vilja láta gott af sér leiða í góðum félagsskap,“ segir Halldóra.

„Ég get ekki ímyndað mér að erfitt reynist að finna börn sem gætu þurft á einhverju fallegu að halda. Það vantar bara fólk til að taka sig saman með viljann og góðan hug að vopni. Í því fólki vil ég endilega heyra. Því næst gætum við haft samband við Fjölskylduhjálp Íslands eða önnur góðgerðasamtök og látið gott af okkur leiða,“ segir Halldóra galvösk.

Hún hvetur því alla sem hafa áhuga á því að taka þátt í þessu verkefni til að hafa samband við sig í gegnum netfangið drastl@centrum.is sem og þá sem hafa ábendingar um börn sem myndu vilja fá eitthvað sem þau skortir frá henni.

karen@frettabladid.is


MARKAÐURINN

Einfalt mál



Hafliði Helgason í hádegisfréttum Stöðvar 2 kl. 12:12 alla virka daga


Svartþröstur nemur land hér á Íslandi:

# Skemmtilegur flækingsfugl

Svartþrösturinn hefur verið árviss flækingsgestur á Reykjavíkursvæðinu undanfarin ár og þessa dagana má víða sjá hann norpa í snjónum. Guðmundur A. Guðmundsson fuglafræðingur segir að svartþrestir hafi komið hingað reglulega síðustu tuttugu árin svo hér er ekki um nýjan gest að ræða. „Þeir hafa aðallega sest að í Fossvoginum en árið 2001 komu þeir í stórum hóp og verptu þá víðar um landið,“ segir Guðmundur.

Svartþrösturinn hefur nú vetursetu hér á landi og að sögn Guðmundar getur veturinn reynst þeim harður. „Ég hugsa að þeir reiði sig töluvert á fóðurgjafir enda er lítið um ber eða annað slíkt á íslenskum gróðri yfir veturinn. Það er sjálfsagt að gefa fuglunum enda eru þetta skemmtilegir flækingar og góð viðbót í fuglaflóruna,“ segir Guðmundur og bætir því við að svartþrösturinn komi hingað frá Evrópu og Skandinavíu þar sem hann er algengur.

Það er ekki erfitt að þekkja svartþröstinn í útliti enda er hann talsvert stærri en venjulegir skógarþrestir. Karlfuglinn er svartur á lit með ljósan gogg og ljósan hring kringum augun en kvenfuglarnir eru súkkulaðibrúnir. „Það má líka þekkja þá á hávaðanum því þetta eru frekar hávaðasamir fuglar,“ segir Guðmundur. „Þeir vakna snemma á morgnana á vorin og byrja að syngja um klukkan þrjú á nóttunni.“



**SVARTÞRÖSTUR** Þessi fullorðni karlfugl gerði sig heimakominn í garði ljósmyndara Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**599** kr/pk.
Ostafylltar ýsurúllur



**799** kr/kg.
Smálúðuflök



**999** kr/kg.
Hornafjarðarhumar



**799** kr/kg.
Línuýsa í bitum 1 kg. - roðlaus/beinlaus




**199** kr/stk.
Skinney síld 800 ml.

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda í dag.
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

H-N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## Svona erum við

> Fjöldi grunnskólanema sem læra spænsku:




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** NORRÆNA BLAÐAMANNAMIÐSTÖÐIN OG TENGD DEILA

## *Gömul stofnun í endurnýjun*

Norræna blaðamannamiðstöðin, NJC, hefur verið nokkuð í fréttum nýverið vegna ákvörðunar Þorgerðar Katrínar menntamálaráðherra um að fara ekki eftir tilmælum Blaðamannafélags Íslands, BÍ, við skipun fulltrúa í sérfræðinganefnd NJC.

**Hvað er Norræna blaðamannamiðstöðin?** NJC er fimmtíu ára gömul endurmenntunarstofnun blaðamanna á Norðurlöndunum og Norðvestur-Rússlandi. Hún er til húsa í Árósum í Danmörku og hefur að hluta til verið fjármögnuð af Norræna ráðherraráðinu. NJC er að breytast og mun heita „UPDATE - miðstöð fyrir fagmenntun blaðamanna“. UPDATE verður ný stofnun og sameinast þar nokkrar danskar menntunarstofnanir blaðamanna.

Búist er við að þar stundi um 3.000 manns nám á næsta ári.

**Hvers vegna fór ráðherra ekki eftir tilmælum BÍ?** Ráðherra segir að ekki hafi þótt heppilegt að lektor í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri yrði í sérfræðinganefndinni. Nefndin hefði þurft að gera tillögur um námsleiðir og mögulega um nám við háskóla á Íslandi. Lektorinn hefði því verið í óþægilegri stöðu, beggja megin borðsins.

Formaður BÍ svarar því til að henni hafi verið tjáð í símtali hinn 6. desember að tilnefning félagsins hefði verið samþykkt. Aldrei hafi verið minnst á neina hagsmunaárekstra.

BÍ hafi síðan komist að því fyrir tilviljun að ráðherra hefði skipað sinn eigin starfsmann í nefndina.

Að auki bendir formaður BÍ á að í sérfræðinganefndinni séu nú þegar fulltrúar frá skólastofnunum á hinum Norðurlöndunum.

**Heimild: njc.dk og press.is**



## SPURT & SVARAÐ

LYFJAPRÓFANIR

### *Óréttmætur skuggi á ÍSÍ*



ÓLAFUR E. RAFNSSON formaður ÍSÍ

Formaður Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT) var handtekinn á föstudag eftir að mikið magn af sterum fannst á heimili hans. KRAFT er ekki innan Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ) og fátítt að lyfjapróf séu framkvæmd á mótum á þess vegum. Ólafur E. Rafnsson, forseti ÍSÍ, segir umfjöllun undanfarinna daga varpa skugga á þá sem stunda íþróttir innan vébanda ÍSÍ. Atvikið hafi komið upp utan hreyfingarinnar og kastljósið hefði átt að beinast að þeim aðilum.

**Hvernig er lyfjaeftirlit hjá ÍSÍ?**
Það er annars vegar fræðsla og forvarnir, svona fyrirbyggjandi aðgerðir. Og hins vegar eru það lyfjapróf sem eru umfangsmesti þátturinn og hátt í 200 próf sem eru tekin á ári. Þeim hefur fjölgað mikið á undanförnum árum.

**Eru mörg íþróttafélög sem eru ekki aðilar að ÍSÍ?**
Við höfum aðeins lögsögu yfir okkar sambandsaðilum og allar viðurkenndar íþróttagreinar eru undir okkar hatti nema kraflyftingamenn, sem klufu sig út úr ÍSÍ á sínum tíma.


# Hvað er að frétta?

Fréttastofa beintengd við tölvuna þína_



www.visir.is


# Vaxandi umsvif Kínverja í Afríku

**Hu Jintao Kínaforseti hélt í gær áfram yfirreið sinni um Afríku, sem hann hóf fyrir viku, og flaug frá Zambíu til Namibíu. Alls heimsækir hann átta Afríkulönd að þessu sinni, en ferðin vekur athygli á vaxandi umsvifum Kínverja þar syðra.**



**Í SÚDAN** Hu Jintao Kínaforseti situr hér annar frá vinstri við hlið Omars al-Bashir, forseta Súdans, í hópi fylgdarliðs í Kartúm á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þetta er þriðja ferð Hus á þessar slóðir síðan hann varð fyrst varaforseti fyrir níu árum og forseti fyrir fjórum. Bæði þessi ferð og fyrsti kínversk-afríski leiðtogafundurinn, sem haldinn var í Peking í haust sem leið, eru til merkis um ört vaxandi tengsl asíska efnahagsrisans og hinnar náttúruauðlindaríku Afríku.

### Ört vaxandi umsvif

Á allrasíðustu árum hafa kínverskir ráðamenn farið hver á fætur öðrum í heimsóknir til Afríkulanda, notið þar safarí-ferða og látið heimamenn bera sig á höndum sér í þakklætisskyni fyrir ódýr lán án pólitískra skilyrða og umfangsmiklar fjárfestingar Kínverja í þessum löndum.

Hlutur Kínverja í utanríkisviðskiptum Afríkuríkja sunnan Sahara hefur vaxið hröðum skrefum og var orðinn um tíu prósent á árinu 2005. Því er hann að það eigi eftir að tvöfaldast fram til ársins 2010. En eins og tímaritið The Economist bendir á eru nú merki um að veður séu að skipast í lofti hvað varðar umsvif Kínverja í Afríku.

Í Sambíu, þar sem Hu varði helginni og undirritaði samninga um stórauknar fjárfestingar Kínverja í námuvinnslu, hét einn frambjóðandinn í forsetakosningum í fyrra því að hann myndi hrekja kínverska fjárfesta úr landi, næði hann kjöri, í kjölfar mannskæðra uppþota sem urðu í koparnámu í meirihlutaeigu Kínverja.

Í Nígeríu, olíuauðugasta landi álfunnar, hafa kínverskir olíuverkamenn og verkfræðingar orðið skotspænir gíslatökumanna, rétt eins og vestrænir keppinautar þeirra í olíuiðnaðinum hafa ítrekað lent í.

### Kemur færandi hendi

En eins og venjulega kemur Hu færandi hendi hvar sem hann ber niður fæti í Afríkuferðinni. Þær hafa tvímælalaust átt þátt í að bæla gagnrýnisraddir. Strax við upphaf ferðarinnar boðaði hann alls um þriggja milljarða dollara viðbótarlán á kostakjörum til Afríkuríkja, og að þróunaraðstoð Kínverja við þau yrði tvöfölduð á næstu þremur árum.

Það sem þiggjendum þessa fjár þykir einna mest um vert er að því fylgja ekki ströng pólitísk skilyrði eins og vestrænir lánardrottnar og þróunaraðstoðarveitendur tíðka að láta fylgja hverri greiðslu og hverju verkefni. Kínversku fjárfestarnir setja það lítið fyrir sig hvort ráðamenn í viðkomandi Afríkulandi eru sakaðir um að brjóta mannréttindi á þegnum sínum eða því um líkt. Þetta er það sem öðru fremur gerir Hu vinsælan og velkominn gest á viðkomustöðum hans í fátækustu álfu heims.

### Verndarhendi yfir Súdanstjórn

Það land sem vafalítið hefur notið þessa mest er Súdan. Súdönsk yfirvöld hafa gefið hinum kínversku fjárfestum mjög frjálsar hendur við olíuleit og -vinnslu í landinu.




Um fimm prósent allrar þeirrar olíu sem Kínverjar flytja inn kemur úr súdönskum olíulindum. Á móti hafa Kínverjar stutt Súdanstjórn með ráðum og dáð í rimmu hennar við alþjóðasamfélagið út af ófremdarástandinu í Darfúrhéraði, auk þess að kosta vegalagningar og önnur slík hefðbundin þróunarverkefni. Mestu hefur munað um stuðning Kínverja við að hindra að friðargæslulið á vegum SÞ fái að fara til Darfúr. Nærri ár er síðan öryggisráð SÞ samþykkti að senda slíkt lið á vettvang til að stöðva það sem bandarískir ráðamenn hafa gengið svo langt að kalla þjóðarmorð á svörtum íbúum Darfúr, en ráðamenn í Kartúm hafa getað staðið gegn því með fulltingi Kínverja.

En með þessu fulltingi hætta Kínverjar á að verða álitnir meðsekir í blóðsúthellingunum í Darfúr. Diplómatískur þrýstingur fer því vaxandi á Kínverja að breyta um afstöðu í þessu máli og að þeir beiti áhrifum sínum í Súdan til að knýja stjórnina þar til að fallast á komu friðargæsluliðsins. Þótt Hu hafi staldrað við í Kartúm í tvo daga fyrir helgi bar þessi mál þó ekki á góma.

Enga slíka skugga ber á viðdvöl Hus í Windhoek, höfuðborg Namibíu, þar sem tekið var á móti honum með trumbuslætti og dansi í gær. Viðræður hans við namibíska ráðamenn snúast um fjárfestingar í námuiðnaði, þróunaraðstoð og vaxandi áhuga fjölmennustu þjóðar heims á Namibíu, einu fámennasta landi Afríku, sem ferðamannalandi. Viðskipti landanna meira en tvöfölduðust á milli áranna 2005 og 2006.




FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

# ÞVOTTADAGAR

## EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS




Ítarleg notendahandbók á íslensku fylgir báðum tækjunum.

**AEG LAVAMAT 76820**
ÞVOTTAVÉL
með íslensku stjórnborði
- Taumagn: 7 kg • Vinduhraði 1600/1200/1000/600 s/mín.
- 24 þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi
- Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott og ull

**AEG LAVATHERM 57820**
ÞURRKARI
barkalaus með íslensku stjórnborði
- Taumagn: 6 kg • Mjög lágvær
- Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig

**TILBOÐ: Kr. 175.000 / PARIÐ** (Áður: Kr. 213.900)

## GÆÐINGAR Á GÓÐU VERÐI:




SAMSUNG Q1457 / Q1657

**SAMSUNG þvottavél**
1400 snúninga, 7,5 kg.
Óvenju stór tromla – 57,5 l.
Vatnsnotkun 60 l pr. 7,5 kg.
Mjög hljóðlátar – aðeins 50. db

**TILBOÐ:**
**Kr. 99.900** (1400 snún.)
**Kr. 109.900** (1600 snún.)




SAMSUNG P1253 / B1445

**SAMSUNG þvottavél**
1200 snúninga, 6 kg.
Mjög hljóðlátar
Tölvustýrð
Hraðþvottur á aðeins 30 mín.

**TILBOÐ:**
**Kr. 59.900** (1200 snún.)
**Kr. 69.900** (1400 snún.)




LAVAMAT 52820

**AEG þvottavél**
1200 snúninga, 6 kg.
Fjöldi prógramma
Íslenskt stjórnborð

**TILBOÐ:**
**Kr. 69.900**
(Áður: Kr. 85.914)



AEG 50862U-W Hvít
**TILBOÐ:**
**Kr. 79.900**
(Áður: Kr. 96.667)

AEG 50862U-W Stál
**TILBOÐ:**
**Kr. 89.900**
(Áður: Kr. 107.419)

AEG 50862U-W og 50862U-M

**AEG uppþvottavél**
5 kerfi,
Íslenskt stjórnborð,
**Mjög hljóðlát – aðeins 41 db**

**GERÐU HREINLEGA GÓÐ KAUP!**

NÝ TÆKNI
**SILVER NANO**
sem drepur bakteríur.
Svitalykt hverfur úr fötunum jafnvel án þvottaefna. Þetta hefur sérstaklega áhrif á föt sem þarf að þvo við lágan hita t.d. íþróttaföt.

Þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar á **TILBOÐSVERÐI**!

**ORMSSON**
www.ormsson.is

... og hjá UMBOÐSMÖNNUM UM LAND ALLT

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | ORMSSON RADIONAUST SÍMI 461 5000 | ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | MODEL AKRANESI SÍMI 431 3333 | ÁRVIRKINN SELFOSSI SÍMI 480 1160 | ÞRISTUR ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | VÍK NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | VÍK REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 | VÍK EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | BÓKABÚÐIN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 |

KVIKA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hernaðaruppbyggingu Bandaríkjamanna á Persaflóa er beint gegn Íran:

# Minnir á aðdraganda Íraksstríðs

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Flugmóðurskip og önnur stór herskip bandaríska flotans eru nú á stöðugri vakt á Persaflóa, berandi þau skilaboð til ráðamanna í Teheran að Bandaríkjaher sé reiðu-búinn að grípa hvenær sem er til hernaðarárásar gegn Íran. Samhliða þessari hernaðaruppbyggingu í grennd við landamæri Írans hefur George W. Bush Bandaríkjaforseti gerzt æ hvassyrtari í garð klerkastjórnarinnar og þykir mörgum sem þetta minni illþyrmilega á aðdraganda Íraksstríðsins á árinu 2002 og fram á árið 2003.

Francis Fukuyama er einn þekktasti hugsuður Bandaríkjanna sem lengi var tengdur Repúblikanaflokki Bush og er nú prófessor við alþjóðastjórnmálafræðiskóla Johns Hopkins-háskóla í Washington. Hann liggur ekki á skoðun sinni er hann fjallar um þessa þróun og lærdóminn sem Bush-stjórnin virðist þverskallast við að draga af Íraksstríðinu í skoðanapistli sem danska blaðið Politiken birti fyrir helgi.

Fukuyama bendir á, að Bush hafi með stefnunni um „fyrirbyggjandi stríð“ gegn Írak reynt að sýna öllum valdabröltsurum heimsins, sem ættu sér draum um að koma sér upp kjarnorkuvopnum, að með slíkum áformum væru þeir að taka mikla áhættu. „Því miður var kostnaðurinn fyrir Bandaríkin svo hár, að lærdómurinn [sem af hinu fyrirbyggjandi stríði verður dreginn] varð þveröfugur,“ skrifar Fukuyama. „Fælingarmáttur hefðbundins herafla Bandaríkjanna er nú svo lítill, að líkurnar á fyrirbyggjandi stríði minnka í raun ef valdabröltsríki tekst að kjarnorkuvígvæðast.“

Fukuyama klykkir út með að ríkisstjórn Bush hafi í Íraksmálinu „hagað sér eins og uppdráttarsjúkt barn með athyglisbrest“.

Að sögn Fukuyama hafa ógöngurnar í Írak heldur ekki aftrað nokkrum forsvarsmönnum nýíhaldsstefnunnar svonefndu í að tala fyrir því að beita Írana hervaldi til að hindra að þeim takist að kjarnorkuvígvæðast. Fukuyama var reyndar sjálfur einn af upphafsmönnum nýíhaldsstefnunnar, en sagði skilið við hana árið 2003. Þekktustu forsvarsmenn stefnunnar í þessu samhengi eru Paul Wolfowitz, fyrrverandi aðstoðarvarnarmálaráðherra og „höfundur Bush-kenningarinnar“ um fyrirbyggjandi stríð (og reyndar fyrrverandi rektor SAIS-alþjóðastjórnmálafræðiskólans sem Fukuyama starfar nú við), Dick Cheney varaforseti, Donald H. Rumsfeld, fyrrverandi varnarmálaráðherra, og fleiri af helstu ráðgjöfum Bush yngri. Sumir þeirra hafa slegið því föstu að Íran stafi nú meiri ógn en af Írak í tíð Saddams Hussein. En að sögn Fukuyama horfa þessir menn framhjá því, að röksemdir þeirra fyrir innrásinni í Írak hafa „eyðilagt trúverðugleika Bandaríkjanna og grafið undan getu landsins til að beita öflugum verkfærum í rimmunni við Írana“.

Þegar maður eins og Fukuyama gefur stefnu Bandaríkjastjórnar slíka falleinkunn er vert að veita því athygli. Það er líka hægt að taka undir með niðurlagsályktun hans um að þegar ný-íhaldsmennirnir í Washington viðhafa nú hliðstæðar röksemdir fyrir því að beita Írana hörðu og þeir gerðu fyrir fimm árum í Íraksmálinu, séu nú góðar horfur á að í þetta sinn muni öllu færri vera reiðubúnir að taka mark á þeim.

Eftir stendur alþjóðasamfélagið, engu nær lausn á því hvernig fá má Írana ofan af kjarnorkuvígvæðingaráformum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Þráspurt**

Það hefur verið erfitt fyrir stjórnmálamenn í Hafnarfirði að fóta sig í umræðunni um stækkun álversins í Straumsvík. Formaður Samfylkingarinnar segir þetta vera mál sveitarstjórnarmanna og Lúðvík Geirsson segir það íbúa að taka ákvörðun. Um helgina voru fjölmargir Hafnfirðingar spurðir út í afstöðu sína til málsins. Annars vegar hringdi fólk frá Capacent og hins vegar fólk á vegum Blaðsins. Líklega munu niðurstöður þeirra kannana birtast í fjölmiðlum á næstu dögum.



**Skattur skattur**

Steingrímur J. Sigfússon lagði fram nýtt frumvarp á Alþingi í gær. Í því leggur hann til að þeir sem sýsla með eigið fé og hafa einungis fjármagnstekjur greiði tekjuskatt. Það á við um þá sem eru í engri launaðri vinnu. Hafi einstaklingar sex milljónir króna í fjármagnstekjur á ári greiði þeir tekjuskatt miðað við hálft starf en fullt starf séu fjármagnstekjurnar 24 milljónir króna eða meira.

**Forsætisráðherraefni**



Birgir Hermannsson, stjórnmálafræðingur og fyrrverandi aðstoðarmaður Össurar Skarphéðinssonar, segir í grein í Fréttablaðinu á sunnudaginn að Steingrímur J. Sigfússon eigi ekkert tilkall til þess að vera forsætisráðherra. Færir hann ýmis rök fyrir þeirri afstöðu sinni. „Engum kollega hans á Norðurlöndum dytti í hug að verða forsætisráðherra og slíkt dytti heldur engum öðrum í hug,“ skrifar Birgir. „Makalaust er að í grein um íslenska stjórnmálaumræðu skuli helstu rökin um meginstef greinarinnar vera hvað stjórnmálamenn á Norðurlöndum gera eða gera ekki. Stjórnmálafræðingnum til upprifjunar er rétt að halda til haga að jafnaðarmannaflokkar á Norðurlöndum eru hundrað ára gamlir en Samfylkingin verður sjö ára í vor,“ skrifar Páll Vilhjálmsson á heimasíðu sína og virðist lítið sáttur.

bjorgvin@frettabladid.is

# Allt fast og öllum sama?



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

Í DAG | Kjaramál

Sveitarstjórnarmenn og -konur þessa lands eru líklega flestir foreldrar; pabbar og mömmur, afar og ömmur. Þeir, eins og aðrir foreldrar, ala önn fyrir sínum börnum og vilja þeim allt hið besta, þar á meðal góða og trygga grunnmenntun. Meðal annars þess vegna þykir mér undarlega staða uppi í kjaramálum grunnskólakennara. Grunnskólinn er vinnustaður allra íslenskra barna frá 6-16 ára aldurs og þar eru þau 30-36 stundir á viku frá því um 20. ágúst og fram undir miðjan júní. Þar er lagður grunnur að menntun þessarar þjóðar sem segist, á hátíðar- og tyllidögum, setja menntun í forgang og að hún sé forsenda framfara og þróunar í landinu. Það hlýtur því að teljast ákaflega mikilvægt að til starfa með börnunum í grunnskólunum veljist áhugasamt og hæft fólk. Og þannig er það, sem betur fer en miðað við framkomu sveitastjórnarmanna að undanförnu eru blikur á lofti.

Núverandi „kjarasamningur“ gerir ráð fyrir endurskoðun í samræmi við verðlagsþróun í landinu. Sveitarstjórnarmenn neituðu að ræða við grunnskólakennara um slíka endurskoðun í heilt ár. Þegar samræður loks hófust buðu þeir 0,75% ofan á hinn svokallaða „samning“ til að koma til móts við 6-7% verðbólgu í landinu. Þessu tilboði var ekki beint fagnað af hálfu kennara og skyldi engan undra. Launavísitala opinberra starfsmanna hækkaði um 11,3% fyrstu ellefu mánuði síðasta árs en laun grunnskólakennara um 2,5% á sama tíma. Nú er svo komið að meðaldagvinnulaun leikskólakennara eru um þrjátíu þúsund krónum hærri en sambærileg laun grunnskólakennara og eru þeir fyrrnefndu þó ekkert sérstaklega vel settir. Hinn svokallaði kjarasamningur grunnskólakennara rennur út um næstu áramót en framlengist sjálfkrafa verði honum ekki sagt upp. Vonir voru bundnar við aðkomu ríkissáttasemjara að málinu en nú herma fregnir að allt sé fast og jafnvel ekki að vænta frekari fundahalda á næstunni, hvað þá niðurstöðu. Ég hygg að fleirum sé farið eins og mér að vera þessa dagana enn reiðari yfir framkomu samninganefndar sveitarfélaganna en

*Nú er svo komið að meðaldagvinnulaun leikskólakennara eru um þrjátíu þúsund krónum hærri en sambærileg laun grunnskólakennara og eru þeir fyrrnefndu þó ekkert sérstaklega vel settir.*

launum sjálfum – og er þá langt til jafnað.

Það er afar brýnt að sveitarstjórnarmenn kynni sér nú hug grunnskólakennara og líðan á þessum fjölmenna vinnustöðum sem börn og unglingar í landinu deila með kennurum og öðru starfsfólki. Ég legg til að þeir komi sér persónulega í samband við einn eða fleiri kennara og reyni að mynda sér skoðun á ástandinu sjálfir, án íhlutunar samninganefndar sinnar. Víða eru hæg heimatökin, t.d. hægt að ræða við umsjónarkennara barnsins eða barnanna. Ástandið er nefnilega afar slæmt og ef kennarar eru bæði reiðir og bitrir gagnvart vinnuveitendum sínum er hætt við að það fari að bitna á vinnunni þeirra. Almenna reglan er sú að ef starfsmanni líður vel í starfi vinnur hann betur eins og flestir vinnuveitendur vita mæta vel. Kennurum virðist ekki líða mjög vel þessa dagana, ekki ef marka má hljóðið í þeim sín á milli og alvarlegast að sveitastjórnarmönnum virðist vera alveg sama. Það er svo önnur saga að það er löngu tímabært að fleiri kennarar láti í sér heyra á opinberum vettvangi. Þögnin út á við er þrúgandi, ekki síst ef miðað er við það sem heyrist inni á kennarastofum víða um land. Það stendur bæði upp á forystu kennara í landinu og okkur sjálf að láta í okkur heyra. Þess vegna legg ég líka til að kennarar komi sér í samband við sveitarstjórnarmenn, einn eða fleiri og ræði við þá um ástandið undir fjögur augu. Flestir þeirra eiga börn eða barnabörn í skólunum svo það eru hæg heimatökin. Það er nefnilega bjargföst sannfæring mín að foreldrar landsins vilja ánægða og áhugasama kennara til að starfa með börnunum, fræða þau og hvetja. Núverandi ástand í kjaramálum er hins vegar til þess eins fallið að brjóta fólk niður. Þetta getur ekki verið vilji sveitarstjórnarmanna né annarra foreldra.

# Fordómar prófessorsins

UMRÆÐAN

Flokksþing frjálslyndra



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Það er greinilegt að hinn mikli fjöldi fólks sem tók virkan þátt í flokksþingi Frjálslynda flokksins hefur vakið óhug meðal sjálfskipuðum varðhundum umræðunnar.

Frjálslyndi flokkurinn hefur verið í fararbroddi við að ræða ýmis mál sem brenna á þjóðinni en sjálfskipaðir verðir umræðunnar hafa reynt að þagga hana niður, s.s. umræðu um útlendinga og kvótakerfið.

Í fjölmiðlum hefur verið dregin upp mjög sérstök mynd af þeim nokkur hundruð Íslendingum sem tóku þátt í fundinum og samþykktu vandaða stjórnmálaáætlun flokksþingsins. Látið hefur verið að því liggja að þetta hafi verið samkoma sem hafi daðrað við hatur í garð fólks af erlendum uppruna. Það á ekki við nokkur einustu rök að styðjast og sýnir það að nauðvörn andstæðinga flokksins felst í að sverta samkomuna.

Mikið hefur verið gert úr ringulreið sem skapaðist um skeið þegar stór hópur fólks streymdi til skráningar á þingið skömmu áður en kosning átti að hefjast.

Morgunblaðið hefur gert mikið úr þeirri þvögu sem varð, sem starfsfólk þingsins greiddi farsællega úr þegar á leið. Og kosning fór fram eins og lög gerðu ráð fyrir. Ég vil nota tækifærið og hrósa því fólki sem vann óeigingjarnt starf á þinginu og réði fram úr ástandi sem ekki varð séð fyrir.

Enginn gerði athugasemd við framkvæmd kosningarinnar nema sá frambjóðandi sem fór halloka í sjálfum kosningunum eftir að úrslit lágu fyrir og síðan komu helstu fylgismenn í kjölfarið. Frambjóðandinn sem um ræðir hafði stefnt leynt og ljóst að því að fara úr Frjálslynda flokknum ef hún næði ekki undirtökunum í flokknum.

Það hefur verið með ólíkindum að fylgjast með því hvernig ýmsir reyna að sverta þann fjölda fólks sem tók þátt í lýðræðislegu starfi á vegum Frjálslynda flokksins. Þó tók steininn úr þegar Baldur Þórhallsson, sem starfar sem prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands og á að stunda gagnrýnin vinnubrögð, gleypti í fréttatíma RÚV við öllum rangfærslum um framkvæmd kosninganna, miklaði þær og dró síðan í framhaldinu í efa trúverðugleika Frjálslynda flokksins.

Ekki veit ég til þess að prófessorinn hafi haft nokkurt samband við þá valinkunnu heiðursmenn sem sáu um framkvæmd kosninganna til þess að kynna sér málavöxtu.

Ég skora hér með á Baldur Þórhallsson, prófessor í Háskóla Íslands, að setja sig í samband við kjörnefnd Frjálslynda flokksins, setja sig inn málavöxtu og vera ekki að fella dóma sem byggðir eru á litaðri fréttamennsku flokksblaðs Sjálfstæðisflokksins.

*Höfundur er alþingismaður.*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.112 **+0,27%** **Fjöldi viðskipta:** 511 **Velta:** 13.044 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Landsbankinn** | 1,33% | **Flaga** | 1,23% |
| **Mosaic Fashion** | 0,69% | **Icelandair** | 1,08% |
| **Bakkavör** | 0,60% | **Össur** | 0,91% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,20 +0,24% ... Actavis 69,90 -0,14% ... Alfesca 4,80 -0,62% ... Atlantic Petroleum 575,00 +0,35% ... Atorka 6,62 +0,30% ... Bakkavör 66,70 +0,60% ... Eimskipafélagið 31,70 -0,63% ... FL Group 29,60 -0,34% ... Glitnir 25,60 +0,00% ... Kaupþing 958,00 +0,21% ... Landsbankinn 30,50 +1,33% ... Marel 73,60 -0,14% ... Mosaic Fashions 14,50 +0,69% ... Straumur-Burðarás 19,20 +0,00% ... Össur 109,00 -0,91%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Glitnir færir sig til Finnlands

**Kaupir tæp sjötíu prósent í fjármálafyrirtækinu FIM Group fyrir þrjátíu milljarða króna.**

Glitnir hefur eignast 68,1 prósent hlutafjár í finnska eignastýringarfyrirtækinu FIM Group og vill kaupa allt útistandandi hlutafé. Kaupverðið nemur 341 milljón evra, um þrjátíu milljörðum króna, sem greiðist annars vegar með reiðufé og hins vegar með nýjum bréfum í Glitni.

Glitnir greiðir átta evrur fyrir hvern hlut sem svarar til þrjátíu prósenta yfirverðs miðað við lokagengi FIM í Kauphöllinni í Helsinki fyrir síðustu helgi.

Þessi kaup Glitnis koma ekki á óvart, enda hafa það verið yfirlýst markmið stjórnenda bankans að kaupa þóknunartengda starfsemi á Norðurlöndum. Sameiginlega eru Glitnir og FIM þriðji stærsti aðilinn á norrænum verðbréfamarkaði talið í veltu. Markaðshlutdeild Glitnis fer úr 4,9 prósentum í 5,6 prósent.

Gangi kaupin eftir, sem er háð samþykki yfirvalda í Finnlandi og á Íslandi, mun Glitnir stýra eignum fyrir 757 milljarða króna. Eignir sjóða FIM Group nema um þremur milljörðum evra (267 milljörðum króna) og rekur félagið 31 verðbréfasjóð. Á snærum þess starfa 284 starfsmenn. Skrifstofur félagsins eru tíu á stöðum í Finnlandi en auk þess rekur það útibú í Stokkhólmi og Moskvu. Hagnaður var 1,1 milljarður króna fyrir skatta á fyrstu níu mánuðum ársins í fyrra.

Stefnt er að frekari vexti FIM erlendis á sviði sjóðastýringar, verðbréfamiðlunar og fyrirtækjaráðgjafar, jafnt fyrir fagfjárfesta og einstaklinga.

Matsfyrirtækið Fitch staðfesti óbreyttar lánshæfiseinkunnir Glitnis eftir að greint var frá kaupunum. **- eþa**




**GLITNIR KAUPIR MEIRIHLUTA Í FIM GROUP** Í samræmi við yfirlýst markmið bankans um ytri vöxt.



**Í BORGARTÚNI Í REYKJAVÍK** Hagstofa Íslands birti í gær hagvísa í Hagtíðindum sínum en þar kemur fram að vöruskiptahalli er minni í janúar en desember.

## Viðsnúningur á þessu ári

Halli á vöruskiptum við útlönd nam 6,5 milljörðum króna í janúar samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands og 2,5 milljörðum minna en í fyrra mánuði þegar hann nam níu milljörðum. Í janúar í fyrra nam hallinn 8,4 milljörðum króna.

Ítarleg sundurliðun á vöruskiptajöfnuði fyrir desember og janúar liggur ekki fyrir þar sem bara hafa verið birtar bráðabirgðatölur. „Þannig liggur ekki fyrir þróun innflutnings tengds stóriðju né þróun innflutnings á neysluvörum en óreglulegir liðir eins og innflutningur á eldsneyti geta haft veruleg áhrif á tölur milli mánaða og skekkt myndina," bendir greiningardeild Kaupþings á í skrifum sínum.

Greiningardeildin gerir ráð fyrir að þegar yfirstandandi stóriðjuframkvæmdum ljúki verði viðsnúningur á vöruskiptum við útlönd og telur að í ár muni innflutingur dragast saman um átta prósent frá fyrra ári. „Þá er jafnframt gert ráð fyrir samdrætti í einkaneyslu sem mun draga úr innflutningi á neysluvörum." **- óká**



**NÓG AÐ GERA HJÁ MIÐLURUM** Árið 2006 var metár í erlendum verðbréfakaupum.

## Kaupamet verðbréfa slegið

Árið 2006 var metár í kaupum á erlendum verðbréfum að því er fram kemur í gögnum Seðlabanka Íslands. Þrjátíu milljarða króna aukning varð í kaupum á erlendum hlutabréfum milli áranna 2005 og 2006.

Á árinu voru erlend verðbréf keypt fyrir um 146 milljarða króna. Fyrra met féll árið 2005 þegar kaupin námu 123,5 milljörðum. Greiningardeild Glitnis bendir á að lífeyrissjóðirnir eigi drjúgan hlut af fjárfestingum í erlendum verðbréfum. Eignir þeirra í erlendum bréfum jukust um tæpa 106 milljarða króna á síðasta ári miðað við lok nóvember. Þá nemi erlend verðbréf 28,1 prósenti af hreinni eign sjóðanna. Erlend verðbréfaeign innlánsstofnana jókst um 58 prósent á milli áranna 2005 og 2006. **- hhs**





*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ebba Thorarensen**
Efstaleiti 10, Reykjavík,

andaðist föstudaginn 26. janúar. Útför hennar fór fram frá Dómkirkjunni 1. febrúar. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

**Jónína Ebenezersdóttir** **Böðvar Valgeirsson**
**Ragnheiður Ebenezersdóttir** **Stefán Friðfinnsson**
**Ásgeir Ebenezersson**
**og ömmubörn.**



*Útför*

**Guðmundar Friðrikssonar**
rafvirkjameistara frá Seldal í Norðfirði

fer fram frá Fossvogskirkju, í dag þriðjudaginn 6. febrúar og hefst athöfnin kl. 15.00. Jarðsungið verður frá Norðfjarðarkirkju laugardaginn 10. febrúar kl. 11.

**Ríkey Guðmundsdóttir** **Sigurliði Guðmundsson**
**Elma Guðmundsdóttir**
**Friðrik Guðmundsson** **Þórheiður Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn,*

**Sæmundur K. B. Gíslason**
Sæbólsbraut 51, Kópavogi,,

varð bráðkvaddur laugardaginn 3. febrúar.
Útför verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Erla Sigvaldadóttir.**



*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Guðmundur Einar Þórðarson**
viðskiptafræðingur, Klukkurima 93, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 2. febrúar sl.
Útför fer fram frá Bústaðakirkju í dag, þriðjudaginn 6. febrúar kl. 11.00.

**Hulda Theódórsdóttir**
**Elín Anna Guðmundsdóttir** **Sigurður Gunnarsson**
**Pálína R. Sigurðardóttir** **Kristján G. Kristjánsson**
**Brynja Guðmundsdóttir**
**Ingibjörg Guðmundsdóttir** **Eyþór K. Guðjónsson**
**Eyvindur Ívar Guðmundsson** **Eyrún Steinsson**
**Eyrún Ýr Guðmundsdóttir** **Ari Rafn Vilbergsson**
**og barnabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Oddný Ríkharðsdóttir**
Blikaási 12, Hafnarfirði,

lést 2. febrúar á Landspítalanum við Hringbraut eftir hetjulega baráttu sína. Hún verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 12. febrúar kl.13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

**Jakob Guðnason**
**Aðalheiður Ásta Jakobsdóttir** **Rachid Benguella**
**Jóhanna Kristín Jakobsdóttir** **Finnur Geir Sæmundsson**
**Baldur Freyr og Ásta Lísa**
**Anja Ríkey Jakobsdóttir**
**Guðný Heiðbjört Jakobsdóttir,** **Guðjón Jóhannesson**
**Gunnhildur, Brynjar Gauti, Kolbrún Halla og Jóhanna Magnea.**

**RONALD REAGAN (1911-2004) FYRRVERANDI BANDARÍKJAFORSETI FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI.**

*„Fólk sem hefur frelsi til að velja velur alltaf frið."*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 6. FEBRÚAR 1820

## *Frelsingjar snúa aftur til Afríku*



Á þessum degi árið 1820 hófust fyrstu skipulögðu flutningarnir á þrælum sem höfðu fengið frelsi sitt aftur frá Bandaríkjunum til Afríku. Frelsingjarnir ýttu úr vör í New York og var ferðinni heitið til Freetown í Síerra Leóne.

Fólksflutningarnir voru skipulagðir af samtökum sem höfðu verið stofnuð fjórum árum fyrr í þessum tilgangi. Bandaríkjastjórn lagði fram 100 þúsund dali svo að hægt væri að koma þeim þrælum til síns heima sem höfðu verið fluttir ólöglega til landsins eftir að bann var lagt á þrælaverslun árið 1808.

Áður höfðu Bretar ferjað leysingja til Afríku og stofnuðu bæinn Freetown árið 1792.

Árið 1821 stofnaði Ameríska nýlendufélagið nýlenduna Líberíu sunnan við Síerra Leone en þar gátu frelsingjar frá Bandaríkjunum leitað skjóls án þess að hlíta breskri lögsögu.

Fæstum frelsingjunum hugnaðist að yfirgefa heimili sín í Bandaríkjunum og flytja til vesturstrandar Afríku. Þeir sem vildu afnema þrælahald gagnrýndu líka gjörninginn og sögðu hann festa þrælahald frekar í sessi. Næstu fjóra áratugi fluttu hins vegar um fimmtán þúsund frelsingjar til Líberíu, sem hlaut sjálfstæði frá Bandaríkjunum árið 1847. Fyrrum herraþjóðin viðurkenndi það sem sjálfstætt ríki árið 1862 og Líbería varð þar með fyrsta sjálfstæða lýðveldið í Afríku.

**ELLÝ GUÐMUNDSDÓTTIR:** STÝRIR UMHVERFIS

# Allir gangi í sö



**ELLÝ KATRÍN GUÐMUNDSDÓTTIR** Nýr forstj
skýra stefnu til að tengja saman ólíka þræ

Ellý Katrín Guðmundsdóttir, núverandi sviðsstjóri Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, tekur við starfi forstjóra Umhverfisstofnunar í lok mars. Ellý, sem hefur starfað hjá Reykjavíkurborg frá árinu 2002, sagði nýtt starf leggjast ljómandi vel í sig. „Ég geri mér grein fyrir að þetta er stórt og mikið verkefni, en mér finnst það líka vera forréttindi að vera treyst fyrir því að takast á við þetta. Á sama tíma er óneitanlega tregi í mér að hverfa frá núverandi vinnustað mínum," sagði hún.

Þó að starfsvettvangurinn sé hinn sami segir Ellý hlutverk Umhverfisstofnunar töluvert frábrugðið starfi umhverfissviðs sveitarfélags. „Á sveitarstjórnarstiginu er maður dálítill fótgönguliði. Þar er starfið áþreifanlegra. Maður er að virkja með sér fólk og virkja íbúana til að taka þátt og getur séð breytingarnar gerast hratt," útskýrði Ellý, sem segir bæði mikið álag og mikla ánægju hljótast af vinnu á því stigi. „Ég held að það sé mjög góð reynsla að hafa unnið á sveitarstjórnarstiginu áður en maður færir sig yfir á landsvísu," bætti hún við.

Hvað framtíðarverkefni Umhverfisstofnunar varðar telur Ellý mikilvægt að líta til lengri tíma. „Mér er kannski sérstaklega hugleikið að hafa skýra stefnu, þannig að við getum tengt saman öll þessi ólíku verkefni og þá ólíku þræði sem umhverfismálin eru. Þau snerta svo ofboðslega margt í okkar þjóðfélagi," sagði hún. „Það eru mjög ólíkir aðilar sem draga sama vagninn, svo þessi samþjöppun er mér mjög hugleikin," bætti hún við.



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hringur Hjörleifsson**
Akranesi, áður búsettur á Ósi 2, Skilmannahreppi,

andaðist á sjúkrahúsi Akraness þriðjudaginn 30. janúar. Jarðarförin verður frá Akraneskirkju föstudaginn 9. febrúar kl. 10.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeir sem vildu minnast hans er vinsamlegast bent á sjúkrahús Akraness.

**Sigrún Halldórsdóttir**
**Halldór G. Hringsson**
**Gunnjóna Sigrún Hringsdóttir** **Jónas Sigurðsson**
**Guðbjörg Hringsdóttir** **Páll Guðmundsson**
**Hjörleifur Hringsson** **Elín Baldursdóttir**
**Sigrún Edda Hringsdóttir** **Hafsteinn Jónsson**
**Hinrik Hringsson** **Ingibjörg Þráinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ingunnar Ólafsdóttur**
Álftamýri 16, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 11E Landspítala við Hringbraut.

**Sólveig Pétursdóttir**
**Ólafur Pétursson** **Margrét Þorgeirsdóttir**
**Guðný Pétursdóttir**
**Auður Pétursdóttir** **Ríkharður Sverrisson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Garðar Vigfússon**
Húsatóftum III, Skeiðum,

lést á heimili sínu laugardaginn 3. febrúar. Jarðsungið verður frá Skálholtskirkju laugardaginn 10. febrúar klukkan 13.00.

**Elín Ingvarsdóttir**
**Helga Garðarsdóttir**
**Ingvar Garðarsson**
**Vigfús Garðarsson** **Pascale Darricau**
**Unnar Garðarsson** **Elínborg Harðardóttir**
**Sigríður Garðarsdóttir** **Steinþór Guðjónsson**
**Davíð Garðarsson** **Hrafnhildur Jónsdóttir**
**Hugrún Valgarðsdóttir** **Sævar Valdimarsson**
**barnabörn og systkini hins látna**


**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson Hermann Jónasson Geir Harðarson Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar




*Ástkær eiginkona mín og móðir,*

**Björg Haraldsdóttir**
Breiðvangi 18, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum Hringbraut, laugardaginn 3. febrúar.

**Jóhann Petersen** **Katrín Þórhildur Jóhannsdóttir**



*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, og langafi,*

**Björgvin Hannesson**
Suðurhlíð 38 b, Reykjavík,

er látinn. Jarðarförin auglýst síðar.

**Margrét Hallgrímsdóttir**
**Ríkharður Sverrisson** **Auður Pétursdóttir**
**Magnús Björgvinsson**
**Andrés Björgvinsson**
**Ingveldur Björgvinsdóttir** **Eyþór Eggertsson**
**afabörn og langafabörn.**

## ALLT HITT

[ HEILSA ]



**Tryggingastofnun** greiddi sína síðustu greiðslu vegna fæðingarorlofs í síðustu viku. Fæðingarorlofssjóður, sem var stór hluti af starfsemi stofnunarinnar í sex ár, er nú kominn undir Vinnumálastofnun á Hvammstanga og er fólki bent á að senda umsóknir þangað.

**Matarskammtar** Íslendinga hafa farið stækkandi síðustu ár samfara auknu framboði fæðutegunda. Lýðheilsustöð vekur athygli á því að þrátt fyrir að fjölbreytt mataræði sé mikilvægt að halda matarskömmtum innan eðlilegra marka.

**Inflúensan** er komin og nauðsynlegt að fara varlega ef að maður fær hana og gefa sér tíma til þess að ná sér að fullu áður en farið er út aftur.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 6. febrúar, 37. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.53 | 13.42 | 17.31 |
| Akureyri | 9.49 | 13.26 | 17.05 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Örn Árnason hleypur annað hvort eða hjólar og fer í sund á eftir. Hann vill komast aftur í fyrra form og ætlar að viðhalda því. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Lyftir lóðum á brókinni einni saman

***Örn Árnson leikari fer í ræktina fimm sinnum í viku, til að hlaupa eða hjóla.***

Örn Árnason, leikari og skemmtikraftur, hefur iðkað sund um árabil. Um síðustu áramót tók hann ákvörðun um að herða róðurinn með því að bæta líkamsrækt þar ofan á.

Örn hefur frá áramótum mætt klukkan sex á morgnana alla virka daga til að æfa í leikfimisal Fylkisheimilisins. „Ég tek á því í rúman klukkutíma, annað hvort með því að hlaupa eða hjóla," útskýrir hann. „Svo hleyp ég bara á brókinni yfir götuna til að fara í sund í Árbæjarlauginni," segir hann í gríni.

„Ég vil þó taka það fram að ég er ekki í einhverju átaki eða í megrunarkúr, heldur vil ég bara huga betur að heilsunni," segir Örn. „Ég er náttúrlega í vinnu sem krefst þess að maður sé í góðu líkamlegu formi."

Örn bætir við að aldurinn hafi enn fremur verið honum ákveðin hvatning í því að skella sér í ræktina. „Ég var í góðu líkamlegu formi áður fyrr en hef fundið hvernig dregið hefur úr því með aldrinum. Ætli það megi ekki segja að ég sé að reyna að komast aftur í gott form og ætla að viðhalda því."

Aðspurður vill leikarinn þó ekki kannast við það að líkamsræktin sé hluti af undirbúningsvinnu fyrir nýtt hlutverk. „Nei, Hollywood hefur enn ekki haft samband," segir Örn. „Það er heldur ekki neinna leiksigra að vænta á hvíta tjaldinu. Ég hef þó ekki undan neinu að hvarta, síst af öllu verkefnaskorti. Geri gott úr því sem ég hef, enda þeirrar trúar að hver sé sinnar gæfu smiður."

*roald@frettabladid.is*


Sálarrannsóknarfélag Íslands
Stofnað 1918



**Guðmundur Ragnar Mýrdal,**
sem búsettur er í Kaliforníu verður hjá SRFÍ frá 19.febrúar og fram í mars. Hann verður með draumanámskeið í tveimur hlutum, mánudagana 19. febrúar og 26. febrúar.
Hann verður einnig með einkatíma í heilun.



**Alan Holmes,**
er Kanadískur miðill sem verður hjá SRFÍ frá 14., til 23. mars, hann verður með einkatíma, námskeið og skyggnilýsingarfund.
Nánar á Skrifstofu SRFÍ Garðastræti 8 s.551-8130

***Nánar á Skrifstofu SRFÍ, Garðastræti 8, s.551-8130***
***www.srfi.is srfi@srfi.is***



**Súkkulaði** er flestra meina bót og alveg nauðsynlegt að láta eftir sér slíkar lystisemdir af og til. Í dökku súkkulaði eru andoxunarefni og súkkulaðið er hollara því dekkra sem það er.



Hólmfríður Þorgeirsdóttir, verkefnastjóri Næringar hjá Lýðheilsustöð, hvetur fólk til að nota mjúka fitu í stað harðrar.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Mjúk fita í stað harðrar

***Þrátt fyrir að neysla á fitu hafi minnkað stórlega síðastliðin ár er neysla á harðri fitu enn ansi útbreidd. Harða fitan eykur LDL-kólesterólið í blóði en hægt er að sporna við því með breyttum lífsháttum og notkun mjúkrar fitu í stað harðrar.***

„Harða fitan er enn allt of stór hluti þeirrar fitu sem við neytum og hún leynist víða. Við neyslu á harðri fitu hækkar LDL-kólesteról í blóðinu og eykur líkurnar á hjarta- og æðasjúkdómum. Þess vegna hvetjum við fólk til að breyta um lífshætti og tileinka sér notkun á hollari fitu,“ segir Hólmfríður Þorgeirsdóttir, verkefnastjóri Næringar hjá Lýðheilsustöð.

Í matvælum eins og smjöri, rjóma og öðrum feitum mjólkurvörum og í feitu kjöti, bakarísvörum, snakki og sælgæti er mikið af harðri fitu sem er varhugaverð að sögn Hólmfríðar.

„Við mælum með notkun á olíu í staðinn en það er ekki nóg að það sé jurtafita því hún getur líka verið hörð eins og til að mynda kókosfeiti og palmetín,“ segir Hólmfríður, sem einnig tekur fram að mismunandi tegundir olíu henti mismunandi tegundum matargerðar.

Olía eða mjúk fita er yfirleitt í fljótandi formi við stofuhita og því auðþekkjanleg. Dæmi um slíka fitu eru ólífuolía, sólblómaolía, maísolía, rapsolía, sojaolía og jarðhnetuolía. Sömuleiðis er fitan í fiski og lýsi mjúk og einnig fitan í hnetum, möndlum, fræjum og lárperu (avókadó).

Allar nánari upplýsingar um harða og mjúka fitu er að finna á síðum Lýðheilsustöðvar. www.lydheilsustod.is

*- rh*

# Innbyggð reiði veldur bakverkjum

***Þeir sem bíta í tunguna og byrgja reiðina inni eru líklegri til að þjást af bakverkjum.***

Í nýjasta hefti vísindaritsins Psychosomatic Medicine birtust niðurstöður könnunar þar sem tengsl bakverkja og reiði sem enga útrás fær voru könnuð. Niðurstöðurnar eru á einn veg: ekki byrgja reiðina inni.

Rafskautum var komið fyrir á baki 94 einstaklinga. Þeir voru beðnir að rifja upp erfið atvik er vakið höfðu reiði þeirra og spurt var út í viðbrögð þeirra við aðstæðunum. Í ljós kom að þeir sem ekki höfðu fengið útrás, hver svo sem orsökin var, voru með 30 prósent stífari bakvöðva en þeir sem útrás fengu fyrir reiðina. Þessi stífleiki skilaði sér svo í bakverkjum og eymslum.

Þetta þarf ekki að koma á óvart þar sem reiði örvar líkamsstarfsemina á svipaðan hátt og ótti gerir. Adrenalín losnar og spenna í líkamanum eykst og kallar hún á átök eða að hlaupið sé í burtu. Sé hvorugt gert hleðst spennan upp.

Lausnin við þessu vandamáli er ekki sú að tapa sér á staðnum og hella sér yfir nærstadda með tilheyrandi brambolti. Einhvern veginn verður maður að fá útrás, andlega með því að tjá sig óhindrað og líkamlega með því til dæmis að hlaupa eins og berserkur eða bæta persónulegt met í bekkpressu. Hvað sem þú gerir, ekki gera ekki neitt.

*- tg*



Það er nauðsynlegt að fá útrás fyrir reiðina. Það þarf hins vegar að gerast á heilbrigðan hátt.

NORDICPHOTO/GETTY IMAGES



Til að hárið haldist fallegt er gott að taka B-vítamín og borða rétta fæðu.

## Heilbrigt og fallegt hár

SJAMPÓ OG HÁRNÆRING DUGA EKKI TIL AÐ HALDA HÁRINU FALLEGU.

Til þess að hárið okkar sé fallegt og heilbrigt dugar því miður ekki að kaupa bara rándýr sjampó og borga hárgreiðslufólki háar upphæðir fyrir sín störf. Hárið getur ekki bætt sig sjálft, eins og húðin, en það er hægt að stuðla að því að gera hárið heilbrigðara.
Fyrst er að skoða mataræðið.
Ef það skortir mikinn fisk, ger, hveitikím og lifur er nauðsynlegt að bæta þessu í mataræðið til að hressa upp á hárið. Það þarfnast nefnilega þeirra steinefna og vítamína sem þessar fæðutegundir innihalda. B-vítamín eru að sama skapi ómissandi fyrir heilbrigðan hárvöxt og því ættu allir sem vilja fegra hár sitt að kaupa sér gott B-vítamín og taka það daglega í réttu magni.
Auk þess er gott að nudda hársvörðinn reglulega, nota próteinbætt sjampó og mjög góða hárnæringu.

*- mhg*

HLS kynnir:
6 vikna heilsu-, lærdóms- og skemmtiferð um Suður Indland í byrjun mars.
Áhugasamir hafi samband í síma: 896-6548

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
YOGA YOGA YOGA
Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
og kraftyoga
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is

Kröftugu Detox tækin komin
Hreint vatn í byrjun
30 mín. seinna
Hjálpar líkamanum að hreinsa eitur og úrgangsefni úr sogæðakerfinu.
Pantanir óskast sóttar sem fyrst, takmarkað magn.
Uppl. Í símum 892-8861 (Sóley) / 692-9079 (Þóra)

SLENDERTONE
Nýjar línur
á auðveldan hátt
FLEX-buxur verð kr
19.995.-
Vaxtalaus kjör í 3 mán með Visa/Euro kr. 6.665.- pr. mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Ný tæki - Léttari greiðslur
Ný glæsileg netverslun www.hreysti.is

Dr.Hauschka
Náttúrulegar snyrtivörur
Kynning á miðvikudaginn 7. feb. í versluninni Yggdrasil, Skólavörðustíg 16 frá kl. 13-18
Kynning á hinum heimsþekktu náttúrulegu Dr. Hauschka snyrtivörum.
Dr. Hauschka snyrtifræðingur veitir persónulega ráðgjöf.
Yggdrasill

-fæst í apótekum og stórmörkuðum
Tilboð
2 fyrir 1
MARAÞON
Vítamín og steinefni fyrir athafna- og íþróttafólk



## Persona.is

EGGERT S. BIRGISSON, SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

# Áhrif verkja á persónuleika

*Geta langvarandi verkir breytt persónuleika fólks?*

Sæl/Sæll
Persónuleiki er erfitt hugtak og ég held að ekki hafi verið sett fram nein skilgreining á persónuleika sem allir eru sammála um. Það er því snúið að svara spurningunni um það hvort langvarandi verkir geti breytt persónuleikanum ef almennt ríkir ekki samkomulag um það hvað persónuleiki er.

Það má þó segja almennt og vonandi án þess að koma sér í mikil vandræði að persónuleiki manneskju birtist í því sem hún gerir, segir og hugsar. Sé maður sáttur við þessa skilgreiningu á persónuleika þá er tvímælalaust hægt að segja að langvarandi verkir geti haft áhrif á persónuleika fólks.

Langvarandi verkir geta haft áhrif á og breytt hegðun, líðan og hugsun fólks. Sá eða sú sem er með langvarandi verki hefur sjaldan jafn mikið þrek og áður og erfiðara getur orðið að stunda vinnu og sinna félagsstörfum. Þunglyndis- og kvíðaeinkenni geta gert vart við sig, fólk dregur sig í hlé, verður dapurt eða kvíðir framtíðinni. Oft mætir fólk líka litlum skilningi annarra því verkir sjást ekki utan á fólki og í raun getur fólk sem er undirlagt af verkjum litið vel út, verið jafnvel sólbrúnt og hraustlegt. Verkir sem stafa af vefjagigt til dæmis sjást ekki utan á fólki eins og verkir sem stafa af handleggsbroti gera. Langvarandi verkir geta einnig haft þau áhrif að minni fólks skerðist og athyglin versnar. Þar getur verið um samspil við kvíða að ræða en einnig geta þreyta og streita átt sinn hlut í því að fólk man ekki eins vel og tekur ekki vel eftir.

Verkir geta stafað af ýmsum orsökum og það er alls ekki alltaf sem hægt er að gefa lyf við verkjum svo árangurinn verði viðunandi. Verkir eru huglægir og það er ekki alltaf auðvelt fyrir þann sem er með stöðuga og langvarandi verki að skýra líðan sína fyrir öðrum. Þeir sem hafa einhvern tíma verið með slæma vöðvabólgu í herðum geta þó kannski ímyndað sér hvaða áhrif það hefur að vera stöðugt með slíka verki mánuðum og jafnvel árum saman. Það getur verið nógu pirrandi að finna fyrir slíku í nokkra daga en að finna fyrir því árum saman hlýtur að hafa slæm áhrif á flesta.

Það er þó hægt að gera ýmislegt til að draga úr verkjum og auka vellíðan. Þunglyndi og kvíði lækka sársaukaþröskuld og gera það einnig að verkum að fólk tekur frekar eftir verkjum og öðrum einkennum í líkamanum. Það er því æskilegt að meðhöndla kvíða og þunglyndi sé annaðhvort eða bæði til staðar. Streita getur einnig aukið á verki og því er æskilegt að draga úr henni. Hæfileg hreyfing og gott mataræði hjálpa til og góður svefn er ákaflega mikilvægur. Þeir sem eru með verki þekkja það hvernig slæmur svefn eykur á verki og getur komið fólki í vítahring verkja og ónógs svefns.

Það er því ekki vonlaust að eiga við verki sem ekki er hægt að meðhöndla eingöngu með lyfjum, fólk getur gert ýmislegt til að hjálpa sér sjálft þó verkirnir hverfi kannski ekki alveg. Almennt má einnig segja að þeim sem trúa því að þeir hafi einhverja stjórn yfir verkjunum gangi betur að eiga við þá en þeim sem trúa því að þeir hafi engin ráð til að takast á við verkina.



Á síðustu sex árum fengu 242 Íslendingar og 143 erlendir ríkisborgarar almennt lækningaleyfi.

# Um fjörutíu læknar fá leyfi á ári

***Alls voru 1.120 læknar starfandi á Íslandi í árslok 2006 en Landlæknisembættið hefur tekið saman fjölda almennra lækningaleyfa á tímabilinu 2001-2006.***

Að meðaltali fengu 40 Íslendingar almennt lækningaleyfi á ári hverju á tímabilinu 2001 til 2006 en Landlæknisembættið tók nýlega saman fjölda almennra lækningaleyfa sem veitt hafa verið á þessu tímabili. Að auki voru veitt að meðaltali 24 leyfi á ári til einstaklinga með erlent ríkisfang. Á síðustu sex árum fengu alls 242 Íslendingar og 143 erlendir ríkisborgarar almennt lækningaleyfi.

Alls voru 1.120 læknar starfandi á Íslandi í árslok 2006, ef taldir eru læknar, 70 ára og yngri, með lögheimili á Íslandi, þar af voru 21 með erlent ríkisfang.

Algengt er að erlendir ríkisborgarar fái lækningaleyfi á Íslandi án þess að búa eða starfa hér á landi. Eingöngu 3 af 36 erlendum ríkisborgurum sem fengu almennt lækningaleyfi á árinu 2006 eru með lögheimili á Íslandi.

Norðmenn eru fjölmennastir í hópi þeirra erlendu ríkisborgara sem veitt er almennt lækningaleyfi. Af þeim erlendu ríkisborgurum sem fengu almennt lækningaleyfi á árunum 2001-2006 voru liðlega 52 prósent Norðmenn, tæp 12 prósent Þjóðverjar, tæp 10 prósent Danir og nær 6 prósent Svíar.

*www.landlaeknir.is*

# Stelpur slasast oftar í knattspyrnu

***Knattspyrnumeiðsli eru algengari hjá stúlkum en drengjum. Meiðslin eru hins vegar alvarlegri hjá drengjunum.***

Rannsókn á heimsóknum barna og unglinga á bráðamóttökur í Bandaríkjunum vegna knattspyrnumeiðsla hefur leitt ýmislegt í ljós. Könnunin náði til 1,6 milljón heimsókna á síðustu 13 árum og er þetta í fyrsta skipti sem svo viðamikil rannsókn fer fram á öðrum en atvinnumönnum.

Í rannsókninni kemur fram að stúlkur eru mun líklegri til að slasa sig í knattspyrnu en strákar. Það eru hins vegar helmingi meiri líkur á því að strákarnir þurfi að leggjast inn vegna meiðsla sinna. Meiðsli þeirra eru sem sagt alvarlegri.

Meiðsli eru af ýmsum toga en tognanir eru algengustu mein stúlkna og ungra stráka. Meiðsl á andliti, hálsi og höfði eru algengust hjá ungum leikmönnum frá 2 til 4 ára, en algengustu meiðslin hjá 15 til 18 ára leikmönnum er heilahristingur. Skýringin á því felst ekki einungis í harðari leik þar sem þyngri skrokkar taka þátt, heldur líka að börn og foreldrar eru farnir að kunna á minni meiðsl og hvernig á að bregðast við þeim án þess að fara á bráðamóttöku. *- tg*



Heilahristingur er algengustu knattspyrnumeiðsl sem koma til kasta bráðamóttöku í Bandaríkjunum hjá 15 til 18 ára unglingum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM










**Skerpir athygli**

Heilsu-hornið

Póstsendum um land allt

S: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn

Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi



**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

Heilsuvöru-markaður

Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**13. febrúar Erum við andleg og líkamleg eiturefna-úrgangs-ruslaskrímsli...?!**
*Edda Björgvinsdóttir leikkona*

**15. febrúar Heilsukostur-Matreiðslunámskeið**
*Meistarakokkar Maður lifandi*

**20. febrúar Lífstíll, mataræði og óæskileg röskun á örveruflóru líkamans**
*Helgi Valdimarsson læknir*

**27. febrúar Hreinsun líkamans með jurtum og mat**
*Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir*

**01. mars Heilsukostur - Matreiðslunámskeið**
*Meistarakokkar Maður lifandi*



**STAFGANGA Í LAUGARDAL**

Stafgöngunámskeið hefst 13. febrúar n.k.

TÍMAR FYRIR BYRJENDUR: þriðjud- og fimmtudaga kl 17:30
TÍMAR FYRIR LENGRA KOMNA: þriðjud- og fimmtudaga kl 17:30

SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is

GUÐNÝ ARADÓTTIR * stafgönguþjálfi * sími 616 8595
JÓNA H. BJARNADÓTTIR * stafgönguþjálfi * sími 694 3571

STAFGANGA – áhrifarík leið til líkamsræktar



**Blóðþrýstingsmælar**

**Boso-medistar S**
Blóðþrýstingsmælir á úlnlið.
**Tækifærisverð: 3.500 kr.**






Einfaldir í notkun.
Geyma 30 mælingar í minni.
Skjár sýnir þrjú gildi samtímis: púls, efri og neðri mörk.
Hlífðarbox fylgir með.

**Boso-medicus family**
Blóðþrýstingsmælir á upphandlegg.
**Tækifærisverð: 8.900 kr.**

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

ATARNA – STINA M. / FIT



allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga


# Hver mínúta er dýrmæt

***Heilinn er stjórnstöð allrar starfsemi líkamans og ef skyndileg röskun verður á henni er mikilvægt að leita aðstoðar sem fyrst. Sé um heilablóðfall að ræða er hver mínúta dýrmæt.***

Afleiðingar og einkenni heilablóðfalls geta verið margvísleg. Þó eru nokkur atriði sem nærstaddir geta reynt að nota við greiningu þess. Sé gripið inn í nógu snemma og sjúklingnum komið undir læknis hendur getur reynst unnt að snúa afleiðingum heilablóðfalls við. Byrjunareinkennin eru meðal annars:

1. Dofi, minnkandi kraftur eða lömun í annarri hvorri hlið líkamans. Einkennin geta verið bundin við handlegg, hönd, fótlegg eða náð yfir alla hliðina. Því er eitt ráð til greiningar það að biðja manneskjuna að lyfta báðum handleggjum upp.

2. Slappleiki í munni og erfiðleikar við að brosa, borða og kyngja. Því er eitt greiningarráðið að biðja viðkomandi að brosa. Einnig að biðja hann að reka út úr sér tunguna og ef hún sveigist til annarrar hliðarinnar getur það verið merki um heilablóðfall.

3. Taltruflanir, svo sem óskýrmæli, erfiðleikar við að finna rétt orð eða mynda setningar. Stundum skerðist líka skilningur á töluðu máli. Því er gott að biðja manneskjuna að tala og segja einfalda setningu í samhengi. Þá kemur í ljós hvort skilningurinn er í lagi og hvort hún eigi auðvelt með mál.



Blóðþrýstingsmæling er eina leiðin til að greina háþrýsting.



Mælt er með því að fólk láti mæla þekkta áhættuþætti; blóðþrýsting, blóðfitu og blóðsykur eftir fertugt og fyrr ef hjarta- og æðasjúkdómar eru í ættinni.

Byrjunareinkenni geta líka verið skyndilegur og slæmur höfuðverkur, ógleði, uppköst eða skert meðvitund.

Ef viðkomandi á í vandræðum með eitt eða fleiri af þessum atriðum er mikilvægt að hringja í 112 og lýsa einkennunum og biðja um neyðaraðstoð.

Heilablóðfall er fjórðungi algengara meðal karla en kvenna en með því að hugsa vel um hjarta- og æðakerfið minnka líkur verulega á að fá sjúkdóminn. Fyrirbyggjandi þættir eru einkum þeir að fylgjast vel með blóðþrýstingnum og halda honum innan eðlilegra marka, hreyfa sig, sleppa reykingum og neyta áfengis í hófi.

*Heimild m.a. Heilablóðfall, bæklingur Hjartaverndar*

# Hryðjuverk og heilsa

***Hryðjuverk valda áfallastreitu hjá mun breiðari hópi en áður var talið. Áhrifanna gætir enn í New York eftir árásirnar á Tvíburaturnana.***

Bresk rannsókn bendir til þess að 11 til 13 prósent íbúa lands sem verður fyrir hryðjuverki upplifi einhvers konar áfallastreitu. 30 til 40 prósent þeirra sem verða fyrir árásinni eða verða vitni að henni þróa með sér áfallastreituröskun innan sex vikna. Tveimur árum síðar eiga 20 prósent enn við vandann að stríða.

Sé litið til hryðjuverkanna 11. september 2001 í New York áttu 5 prósent íbúa borgarinnar við einhvers konar andleg vandamál að stríða vegna árásarinnar sex mánuðum eftir að hún átti sér stað. 28 prósent barna sýndu einhver einkenni og voru flest þeirra í formi fólksfælni, aðskilnaðarótta og áfallastreituröskunar. *- tg*



Áfallastreituröskun vegna árásanna 11. september 2001 var enn að finna meðal íbúa New York hálfu ári seinna.



Arna Schram, formaður Blaðamannafélags Íslands, flytur erindi á málþinginu.

# Það er engin skömm að þunglyndi

***Málþing um þunglyndi verður haldið í Áskirkju í kvöld. Arna Schram heldur framsögu.***

Samtökin Höndin, sem eru alhliða mannúðar- og mannræktarsamtök, halda málþing þriðjudagskvöldið 6. febrúar undir yfirskriftinni Það er engin skömm að þunglyndi. Framsögumenn eru Arna Schram, formaður Blaðamannafélags Íslands, og Salbjörg Bjarnadóttir, verkefnastjóri Þjóðar gegn þunglyndi. Fundarstjórar eru Eyjólfur Magnús Scheving og Páll Eiríksson. Hörður Gunnarsson fer með frumsamda prósa.

Höndin er vettvangur til sjálfstyrkingar og aðstoðar fólk að feta fyrstu skrefin til nýs lífs. Markmið Handarinnar er að styðja fólk til sjálfshjálpar, hvort sem er vegna þunglyndis eða annarra áfalla í lífinu. Kjörorð samtakanna er Leið til sjálfshjálpar – allir með.

Málþingið verður haldið í Áskirkju, neðri sal, og hefst klukkan 20.30. Allir velkomnir.

# Sólarvítamínið góða

***Skortur á D-vítamíni getur leitt til lystarleysis, önuglyndis og beinþynningar.***

D-vítamín fáum við annars vegar frá sólarljósi og hins vegar úr ákveðnum fæðutegundum. Þetta mikilvæga vítamín er fituleysanlegt, sem þýðir með öðrum orðum að líkaminn geymir umframmagn af D-vítamíni í lifrinni til betri tíma.

D-vítamín er nauðsynlegt til að skjaldkirtill og fleiri kirtlar starfi eðlilega. Það hindrar tannskemmdir og tannrótarbólgur auk þess að koma í veg fyrir beinkröm. Það stuðlar að upptöku kalks, fosfórs og annarra steinefna og því verður það æ algengara að D-vítamíni sé bætt í kalktöflur. Rannsóknir á beinþéttni hjá eldri borgurum leiða ítrekað í ljós nauðsyn þess að þeir taki inn D-vítamín til að koma í veg fyrir beinþynningu. Fólk á norðlægum slóðum þarfnast aukins D-vítamíns á veturna vegna þess hve dagsbirtu nýtur þá stutt.

Í feitum fiski eins og laxi, síld og lúðu er að finna mikið magn af D-vítamíni, en mest er þó af því í þorskalifur, enda er lýsi unnið úr henni og um árabil höfum við Íslendingar reitt okkur á það sem góðan D-vítamíngjafa. Í fræspírum, sveppum, sólblómafræjum, mjólkurafurðum og eggjum er nokkuð af D-vítamínum og því áríðandi að hafa þessar fæðutegundir reglulega á borðum.

Hjá börnum er helsta einkenni D-vítamínskorts beinkröm, tannskemmdir og kyrkingslegur vöxtur en fullorðnir finna helst fyrir lystarleysi, þróttleysi, vöðvaslappleika, önuglyndi, ótímabærri öldrun og beinþynningu ef þá skortir D-vítamín og þegar skorturinn kemst á alvarlegt stig verða beinin mjúk og aflagast. Skortur á D-vítamíni er talinn gera karla veikari fyrir krabbameini í blöðruhálskirtli og ristli en konur veikari fyrir brjóstakrabbameini. Því er það mjög mikilvægt fyrir okkur öll að neita D-vítamíns reglulega og þá sérstaklega í skammdeginu.

*- mhg*




Lýsi er auðugt af D-vítamínum en þau má líka finna í feitum fiski, sólblómafræjum, fræspírum og eggjum.

# Þarfaþing úr hafinu

***Um aldaraðir hefur mannfólkið notað þara sér til heilsubótar.***

Þari er stórmerkilegur sjávargróður sem við mannfólkið höfum lengi nýtt okkur til heilsueflingar en hann inniheldur fleiri vítamín og steinefni en nokkur önnur fæða, meðal annars B2-vítamín, kólín, karótín, kalk og járn.

Þari hefur áhrif á skjaldkirtilinn vegna joðsins sem í honum er, en þetta þýðir að fólk sem er of horað vegna skjaldkirtilssjúkdóma getur fitað sig með þara og það fólk sem er of digurt getur grennt sig með honum. Í þara eru góð efni fyrir heilavefinn og í honum eru einnig efni sem styrkja neglur og æðakerfi og þar sem hann er steinefnaríkur er hann stundum ráðlagður við hárlosi. Hómópatar ráðleggja þara gegn offitu, lélegri meltingu, vindgangi og þrálátri hægðatregðu en þessir kvillar hrjá ansi margan Íslendinginn í dag og því um að gera að bæta svolitlum þara í mataræðið, til dæmis í töfluformi eða með því að maula söl.

*- mhg*



Bogi og Nok á veitingastaðnum Hliði á Álftanesi bjóða gestum sínum afnot af sjópotti sem inniheldur heilsusamlegan sjávargróður.




IQ-CARE
HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR
Þrýstijöfnun er lykilorðið



Ein besta heilsudýna í heimi
iq-care.com

**IQ-CARE** aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir dýpri og betri svefni.
**IQ-CARE** er svæðisskipt og gefur því réttan stuðning fyrir mjóbak og axlir.
**IQ-CARE** er með opnari efniseiginleika en flestar vörur úr skyldum efnum og andar því betur.
**IQ-CARE** aðlagast hraðar að líkamanum en flest rúm úr skyldum efnum.
**IQ-CARE** er ein sterkasta efnablanda sem þróuð hefur verið og endist því lengur en skyldar vörur.
**IQ-CARE** þrýstijöfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum.

**VELDU AÐEINS ÞAÐ BESTA!**

S-CAPE
WALLHUGGER



**Hjónarúm með**
**okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu**
**Dæmi: 160 x 200 cm kr. 369.900 stgr.**

**Rúm sem dregst að veggnum þannig að þú helst við hlið náttborðsins.**

- Mest seldi botninn í heiminum.
- Upplýst þráðlaus fjarstýring með öllum stillingum.
- Sterkir og hljóðátir þýskir lyftumótorar.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Öflugir nuddmótorar með sjálfvirkum tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- Öll liðarmót úr flugvélaplasti.
- 12 ára ábyrgð.



SWISSFLEX
50 ára reynsla



Loftrúm án rafmagns

PROFLEX



**Hjónarúm með**
**okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu**
**Dæmi: 160 x 200 cm kr. 219.900 stgr.**

**Mest selda stillanlega rúmið á Íslandi. Frábær reynsla.**

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stillanlegt mjóbakssvæði.
- Hægt að fá stillanlega fætur sem ráða hæð rúmsins.
- 5 ára ábyrgð.

**Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt rúm þá er PROFLEX lausnin.**



Frí þrýstijöfnunarmæling sem greinir hvaða dýna hentar þér best

SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI




Svefn & heilsa
AKUREYRI



EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR




Svefn & heilsa
REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00
www.svefn.is





# Reyklausir bekkir vinna til verðlauna



KEPPNIN REYKLAUS BEKKUR STENDUR NÚ YFIR.

Tveir bekkir hafa unnið til verðlauna í keppninni í febrúar en næst verður dregið hinn 21. mars næstkomandi.

Bekkirnir sem unnu eru 7. RK í Borgaskóla, Reykjavík og 7. RE í Brekkubæjarskóla, Akranesi.

Til að eiga möguleika á fyrstu verðlaunum er bekkjum boðið að senda inn áhugavert efni tengt tóbaksvörnum en lokaskil eru fimmtudaginn 3. maí. Í fyrstu verðlaun er utanlandsferð fyrir allan bekkinn. Önnur verðlaun eru iPod shuffle og í þriðju verðlaun er dagsferð innanlands.

Nánari upplýsingar: www.lydheilsustod.is

Unglingum er boðið að taka þátt í samkeppni um reykleysi hjá Lýðheilsustöð þar sem skemmtileg verðlaun eru í boði.


## Listmeðferð

**Sköpun-tjáning-meðvitund**

**Listmeðferðarhópar fyrir fullorðna**

Viltu styrkja sjálfsvitund þína í gegnum sköpunarkraftinn? Í gegnum myndræna tjáningu getur þú unnið úr reynslu þinni og tilfinningum. Listsköpun getur verið vegvísir að þínum innri manni.

**Tveir hópar í boði**
4x laugardaga kl: 13-16
4x sunnudaga kl: 13-16
**Hefjast í mars**

SKÖPUN
LISTMEÐFERÐARSTOFA

**Skráning og frekari upplýsingar veita:**
Birna Matthíasdóttir 659-5502 og Sólveig Katrín Jónsdóttir 696-3343
Netfang: skopun@skopun.is - Vefsíða www.skopun.is




Geir Friðgeirsson, barnalæknir í Domus Medica, segir það algjört lykilatriði að látið sé vita í skóla og leikskóla ef barn greinist með njálg. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

# Óværa í endaþarmi

***Óværa á borð við lús og njálg kemur upp í skólum og leikskólum á hverjum vetri og veldur foreldrum gjarnan miklu hugarangri og óþægindum því enginn vill fá slíkan vágest heim með barninu sínu. Geir Friðgeirsson barnalæknir leiðir okkur í sannleikann um njálginn, hvernig ber að forðast smit og í hverju meðferð við slíku er fólgin.***

„Njálgur er eitt af þeim vandamálum sem koma alltaf upp annað slagið og ekki síst á leikskólum," segir Geir, spurður um hversu algengt sé að njálgur komi upp. „Það er fyrst og fremst hreinlæti sem getur komið í veg fyrir smit en það er líka alveg rosalega mikilvægt að fólk láti vita í skóla eða leikskóla ef barn greinist með njálg. Ef hægt væri að ná að meðhöndla öll börn og alla í fjölskyldunni þá væri hægt að komast fyrir þetta og útrýma því. Eggin eru límkennd og límast við föt, rúmföt og leikföng þannig að mikilvægt er að allir fái meðhöndlun á sama tíma."

Geir segir það ákveðið vandamál að fólk láti stundum ekki vita að barn sé með njálg því það skammist sín fyrir það. Það sé mjög slæmt því þá eru engar ráðstafanir gerðar í skólanum eða leikskólanum. „Meðferð við njálgi þarf að endurtaka eftir tvær til þrjár vikur en á þeim tíma minnkar smithætta verulega. Eggin eru þó gríðarlega lífseig og geta lifað í allt að þrjár vikur fyrir utan líkamann. Þetta er því alveg bráðsmitandi og getur sýkt fólk á öllum aldri og þess vegna er gríðarlega mikilvægt að meðhöndla alla fjölskyldumeðlimi í einu," segir Geir og bætir því við að einkennin séu frekar augljós. „Krakkar verða órólegir í svefni og eru með mikinn kláða í endaþarmi en það eru helstu einkenni. Það á að vera tiltölulega auðvelt að greina þetta. Ormarnir eru ljósleitir, um sentimetri að lengd og eru greinanlegir í saur til dæmis en þeir skríða út um endaþarminn og verpa þar á nóttunni. Á daginn eru þeir hins vegar í leyni inni í endaþarminum," segir Geir og bætir því við að ekki sé nauðsynlegt að leita til læknis því hægt sé að kaupa lyf við njálgi án lyfseðils.

„Þetta er nokkuð algengt og ekkert síður algengt en lúsin þannig að margar fjölskyldur sem hafa þurft að taka meðferð við njálgi."

Geir segir gríðarlega mikilvægt að þrífa vel leikföng, handlaugar, klósett og fleira daglega bæði í leikskólanum og heima ef njálgur kemur upp. Smitleiðin er í gegnum munn, oftast með því að fingur með eggi á er settur upp í sig. Þá fara egg í gegnum meltingarveg og klekjast út í endaþarmi á tveimur til fimm vikum.

*sigridurh@frettabladid.is*




*Í BÍTIÐ Á BYLGJUNNI*
6.55-9.00 ALLA VIRKA MORGNA

HEIMIR OG SIRRÝ TAKA Á MÓTI ÞÉR
Í BETRI STOFU BYLGJUNNAR.
FULLUR ÞÁTTUR AF ÖLLU SEM
ÞÚ ÞARFT FYRIR DAGINN.

*Dægurmál, fréttir, veður, íþróttir og allt þar á milli*

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!




Hugmyndin um að börn færu í skurðaðgerð vegna offitu þótti fáránleg ekki alls fyrir löngu.

# Of feit börn undir skurðarhnífinn

***Börnum sem fara í aðgerð vegna offitu mun fjölga í Bandaríkjunum á næstunni.***

Offita er eins og margir vita orðið gríðarlegt vandamál í Bandaríkjunun og víðar í hinum vestræna heimi. Skurðaðgerðum á maga offitusjúklinga hefur fjölgað mikið á stuttum tíma en þær hafa þó hingað til ekki þótt henta börnum enda eru þau enn að vaxa og þroskast.

Alltaf hafa þó einhver börn lagst undir hnífinn í þeim tilgangi að takast á við offitu en aðgerðirnar voru áhætturíkar enda lést um einn af hverjum fimmtíu sem fóru í magaaðgerð. Um 350 börn í Bandaríkjunum fóru í magaaðgerð árið 2004, sem þykir ekki mikið þar í landi.

Nú þegar tækni í skurðaðgerðum hefur fleytt fram og fjöldi of feitra barna er orðinn eins mikill og raun ber vitni eru fleiri sem eru orðnir jákvæðari fyrir því að gera magaaðgerðir til að vinna á móti offitu barna.

Fjögur sjúkrahús í Bandaríkjunum hafa nú tekið höndum saman og hafið viðamikla rannsókn á því hvernig börn bregðast við magaaðgerðum af ýmsu tagi.

www.foxnews.com

## Hugsar hnattrænt um hjúkrun

DR. CONNIE DELANEY HJÚKRUNARFRÆÐINGUR HELDUR OPINN OG FRÓÐLEGAN FYRIRLESTUR Í EIRBERGI HINN 8. FEBRÚAR.

Hnattrænt og þverfræðilegt samstarf auðgar uppbyggingu þekkingar í hjúkrun. Þetta er efni fyrirlestrar sem dr. Connie Delaney heldur í Eirbergi klukkan 14.35 á fimmtudag, en hún er forseti hjúkrunarfræðideildar University of Minnesota og prófessor við hjúkrunarfræðideild og læknadeild þess skóla. Auk þess er hún prófessor við Háskóla Íslands. Connie er einn fremsti fræðimaður í heiminum á sviði upplýsingatækni á heilbrigðissviði og hefur undanfarinn áratug starfað með fræðimönnum á því sviði innan HÍ. Þar hefur hún miðlað ríkulegri þekkingu sinni og reynslu. Það er Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði sem stendur að fyrirlestrinum, sem er öllum opinn.



Connie Delaney notar upplýsingatæknina í þágu læknavísindanna.



Fólk úr öllum stéttum samfélagsins á Ítalíu er farið að neyta kókaíns.

# Kókaínneysla eykst töluvert á Ítalíu

KÓKAÍNNEYSLA HEFUR AUKIST GRÍÐARLEGA Á ÍTALÍU.

Ítalir neyta mikils magns af kókaíni, segir Giuliano Amato, sem er ráðherra í ítölsku ríkisstjórninni. Ástæðuna telur hann vera að fólk úr öllum stéttum sé farið að neyta efnisins, en ekki bara þeir ríku.

„Óhugnanlega mikil eftirspurn er eftir kókaíni,“ segir Amato og bætir við að erfitt sé fyrir yfirvöld að ráðast gegn þessari þróun þar sem eftirspurn er úr öllum hópum samfélagsins, og ungum jafnt sem gömlum.

Ítölsk dagblöð sögðu síðasta föstudag að yfirlýsing Amatos kallaði á viðbrögð frá almenningi og staðfesti orð Amatos með því að segja að kókaín væri orðið mikil markaðsvara. Kókaínneysla á Ítalíu hefur tvöfaldast síðastliðin fimm ár og um sjö prósent Ítala nota efnið að staðaldri. Í viðskiptahverfum Mílanó er talið að um tíu prósent fólks séu neytendur.

„Kókaín er ekki lengur talið vera eiturlyf heldur hluti af flottum lífsháttum,“ segir faðir Gino Rigoldi, prestur í Mílanó, sem rekur meðferðarstofnun fyrir eiturlyfjaneytendur. „Þetta er bara orðið eins og að vera í flottri peysu eða í réttu skónum.“

Ítalska lögreglan lagði hald á um fjögur tonn af kókaíni á síðasta ári.

# *Branson í stofnfrumuviðskipti*

***Richard Branson fjárfestir í framtíðinni.***

Hinn umdeildi auðkýfingur Richard Branson, kenndur við fyrirtæki sitt Virgin, hefur nú komið á laggirnar líklega umdeildustu viðskiptahugmynd sinni til þessa sem er stofnfrumubanki.

Stofnfrumubankinn á vegum Virgin var stofnaður formlega fimmtudaginn 1. febrúar í Davos í Sviss. Fyrirtækið býður foreldrum að koma í geymslu stofnfrumum barna sinna sem hægt væri að nota síðar í læknisfræðilegum tilgangi. Blóð úr naflastreng og legköku nýfæddra barna er sett í kæli og komið í geymslu.

Blóðið er ríkt af stofnfrumum, sem eru ósérhæfðar, frumstæðar frumur sem geta bæði fjölgað sér og sérhæfst í sérstakar frumugerðir.

Þær búa yfir nokkrum eiginleikum sem greinir þær frá öðrum frumum líkamans. Þær geta skipt sér og þannig endurnýjað sig, þær eru ósérhæfðar og að lokum geta þær þroskast í sérhæfðar frumur. Þetta á jafnt við um fóstur- og fullorðinsstofnfrumur.

Stofnfrumur aðlagast þannig líkamanum vel og geta komið í stað skemmdra og veikra fruma. Hins vegar er talið ólíklegra að líkaminn hafni stofnfrumum sem teknar eru úr naflastreng eða legköku.

Vísindamenn binda vonir við að geta ræktað stofnfrumur og stýrt þroskun þeirra í sérhæfðar frumur og vefi sem nýta mætti til að meðhöndla sjúkdóma og áverka.

Sú kenning hefur verið sett fram að í framtíðinni megi ef til vill nota stofnfrumur til að meðhöndla sjúkdóma eins og parkinsonsveiki, sykursýki og hjartasjúkdóma.



Richard Branson hefur komið á fót stofnfrumubanka.

Stofnun stofnfrumubankans er hluti af þeirri stefnu Bransons að fjárfesta í tækni framtíðarinnar.

Hann hefur þegar komið á fót Virgin Galactic, sem er ætlað að fara með ferðamenn út í geim. Þá hefur hann lagt allan gróða af flugfélaginu Virgin Atlantic í að þróa umhverfisvænt eldsneyti.

Stofnfrumubankar hafa starfað í nokkurn tíma í Bandaríkjunum og er það orðið nokkuð algengt að fólk láti draga blóð úr naflastreng nýfædds barns til geymslu.

*- sgi*

# Ávaxtasafi gegn nýrnasteinum

***Fátt er sársaukameira en nýrnasteinar. Appelsínusafi gæti sparað þér sársaukann.***

Nýrnasteinar eru steinefnakristallar sem myndast í nýrum eða þvagrás. Þeir eru yfirleitt ekki stórir, en stærðin er frá því að vera líkt og sandkorn upp í að vera á stærð við sítrónu. Venjulega berast þeir niður þvagrásina og út úr líkamanum, en séu þeir mjög stórir má brjóta þá niður með hljóðbylgjum. Í verstu tilfellum þarf uppskurð til að ná til þeirra.

Vísindamenn í Texas í Bandaríkjunum hafa komist að því að appelsínusafi er öflug forvörn í baráttu gegn nýrnasteinum. Þetta á reyndar við um fleiri ávaxtasafa sem innihalda sítrusefni.

Sítrusefni eiga það sameiginlegt að hindra kristöllun steinefna og um leið myndun nýrnasteina. Sítrusefni í appelsínum er sérstaklega öflugt að þessu leyti og slær þar við öllum öðrum ávöxtum.

*- tg*



Ávaxtasafar geta komið í veg fyrir nýrnasteina. Appelsínusafi er þar fremstur meðal jafningja.

## Blöðruhálskrabbamein greint fyrr

VÍSINDAMENN HAFA FUNDIÐ SKILVIRKARI AÐFERÐ TIL AÐ GREINA KRABBAMEIN Í BLÖÐRUHÁLSKIRTLI.

Bandarískir vísindamenn hafa í samvinnu við lyfjafyrirtækið Onconome sótt um einkaleyfi fyrir nýrri aðferð við greiningu á krabbameini í blöðruhálskirtli. Aðferðin felst í skimun eftir sérstöku próteini sem losnar út í blóðrásina á fyrstu stigum krabbameins í blöðruhálskirtli.

Búið er að prófa aðferðina á 330 körlum og benda niðurstöður til þess að hún sé öruggari og skilvirkari en sú aðferð sem nú er notuð. Verði notkun aðferðarinnar að veruleika standa vonir til þess að greining verði auðveldari og nákvæmari og forðast megi óþarfa aðgerðir í kjölfar misgreiningar.

*- tg*



Blöðruhálskrabbi leggst helst á karlmenn fimmtíu ára og eldri.




## Bækur

til sölu, tveir háfar, uppþvottavél og gamalt sófasett uppl. í síma 8923904

## Verslun







allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

# ÞJÓNUSTA

## Barnagæsla

Í útrás? Tek að mér að skoða erlend fyrirtæki og bankasamskipti Jón, s. 696 1311.

## Hreingerningar

Hreingerningar ehf.
Öll almenn ræstingaþjónusta fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir.
Sími: 862 6778 og 868 5599

Tek að mér regluleg þrif. Fyrirtæki og heimili. Einnig flutningsþrif. S. 848 7367.

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör ehf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930.

**Bókhald og skattframtöl**
Vsk. uppgjör, launauppgjör og fleira. 5 ára reynsla ánægðra viðskiptavina. S. 865 9328.

Bókhald og VSK uppgj. fyrir verktaka og fyrirtæki. Uppl. 861 4401 eða gul@itn.is

## Málarar

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 868 2310.

**Þarftu að láta mála?**
Alhliða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 866 3287.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

**Búslóðaflutningar**
Píanó flutn. og allir almennir flutn. Aukamaður ef óskað er. MJ flutningar. S. 692 7078 & 616 1108.

## Húsaviðhald

567 7570 · 892 7544
SÖGUN · BORUN
BROT
BORTÆKNI
BEKKING · REYNSLA
www.bortaekni.is
STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
567-7570

FAGÞAK
Alhliða lausnir á flötum þökum
Yfir 20 ára reynsla af PVC dúkum
Sími 820 3415
fagthak@fagthak.is

STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
MALBIKSSÖGUN
ÞRIFALEG UMGENGNI
SAGTÆKNI efh
Bæjarflöt 8, 112, RVK
www.sagtaekni.is
567-4262 & 893-3236

Viðhaldsvirkni Ehf
S. 661 0117 & 690 9117
Málarameistarar, múrarar og smiðir, sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna. Svo sem málun utan sem innan. Sandspörslun. Steypumúr uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum, tröppu- viðgerðum sem og margt fleira.
www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is

JIS
Steinsögun & Kjarnaborun JIS ehf
S: 659 - 6343
Við bjóðum uppá :
- Veggsögun
- Gólfsögun
- Raufarsögun
- Malbikssögun
Kjarnaborum fyrir :
- Loftræstingu
- Rafmagnslögnum
- Vatns & hitalögnum
- & fleiru.
Fljótleg og góð þjónusta
Gerum tilboð þér að kostnaðarlausu
Steinsögun & Kjarnaborun JIS ehf.
S: 659-6343

HÚSEIGNAÞJÓNUSTAN
Sími 892-1565

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.).

pípumeistarinn

**Pípulagnir**
Pípulagningarmeistari getur bætt við sig stórum sem smáum verkefnum. Uppl. í síma 892 8720.

Umhverfisprýði ehf
Hellulagnir
Vegghleðslur
Varmalagnir
Sólpallar
Grindverk
Túnþökulagnir
Öll almenn jarðvegsvinna
S: 659 0173
umhverfisprydi@yahoo.com

**Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

**Byggingafélag**
Getum bætt við okkur verkefnum jafnt úti sem inni. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 893 9722, Kristján.

**ÓS verk**
Getum bætt við okkur verkefnum í innréttingauppsetningum og parketlögnum. S. 824 1956.

## Stífluþjónusta

Stíflulosun
Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S. 892 7260 & 567 0530.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkharður S. 615 2000, 8-23 alla daga.

Ódýrar fartölvuviðgerðir. FAST VERÐ 5000 KR. Í boði er einnig hugbúnaður að verðmæti 65.000 kr. Þú borgar 1000 kr.!!! Hafðu samband. Fjóla sími 893 9942

# TIL SÖLU

GRANÍT HÚSIÐ
www.granithusid.is
S: 544 5100
Granítborðplötur
granítflísar
handlaugar
Helluhraun 2 - Hafnarfjörður

# TIL SÖLU

Svampur & Dýnur
Smiðjuvegur 4, Kópavogi
Hringdu 555-4224
Svampur
Sniðinn eftir máli
Margar gerðir
Áklæði
Mikið úrval
Eldtefjandi
Ofnæmisprófað
Dýnur
Framleiddar í öllum stærðum fyrir:
Heimili
Húsbíla
Báta
Sumarhús
Gistiheimili
Elliheimili
Skóla
Íþróttahús
og margt fleira
svampdynur@simnet.is

**Kökuhornið**
**Óskum eftir að ráða hressan og duglegan starfskraft í verslun okkar að Bæjarlind 1-3. Uppl. í síma 897 0702, Sirrý & 861 4545 Guðni.**

**KVÖLDVINNA**

Rótgróið og traust fyrirtæki óskar eftir fólki á aldrinum 20 - 60+ til að vinna við úthringingar 2-5 kvöld vikunnar. Fyrirtækið framkvæmir m.a. landsafnanir fyrir mörg af stærstu félagasamtökum í landinu og fer starfið fram frá skrifstofu okkar sem staðsett er í Reykjavík. Vinnutími 18-22 virka daga.

Hæfniskröfur:
Góð íslenskukunnátta (talað mál) Engin reynsla í sölumennsku áskilin.

Upplýsingar í síma 699 0005 milli kl.12-20 alla virka daga.

**Helgarvinna**
**Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 7.30 - 16.30 laugardag og sunnudag. Nánari upplýsingar veitir Ellisif í síma 553 5280 eða 660 2153.**

**Mosfellsbakarí**
**Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirtalin störf. Frá 06.30 - 13.00 virka daga, og einn dag aðra hverja helgi. Einnig eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi. Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.**

BÆJARBAKARÍ

**Starfskraftar óskast**
Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu, á tvískiptar vaktir. Getum einnig bætt við helgarstarfsfólki. Umsóknareyðublöð á staðnum & í s. 555 0480, Sigurður.

**Húsasmiðjan**
**Óskar eftir afgreiðslumanni á kassa í verslun Húsasmiðjunar í Grafarholti.**
**Upplýsingar í síma 664 3624**

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT — KORNIÐ — BAKARI

**Starfsfólk óskast!**
**Kornið Hjallarbrekku 2. 200 Kópavogi óskar eftir starfsfólki til afgreiðslu í bakaríinu. Vinnutími frá 07.00 - 13.00. Hentar mjög vel eldra fólki. - Borgartúni vantar helgarstarfsfólk. Nánari uppl. í s. 864 1585. Dagbjartur.**

**Café Bleu**
**Óskum eftir að ráða gott starfsfólk í þjónustustörf og einnig vanan starfsmann í eldhús. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu. Uppl. gefur Jón í s. 690 1074.**

**Café Bleu Kringlunni S. 588 0300.**

**Potrzebny mówiacy po Angielsku operator dzwigu typu. Liebherr 112,15-20 ton Wysokosc 40-50 metrów. Powinien posiadac uprawnienia I dokumenty na dzwig budawlany Duzo pracy i dobre wynagrodzenie**
**Informacje pod numerem Telefonu: Sæmundur í síma 8930847 lub Baldur í síma 8933847**

**Góð aukavinna !**
Óska eftir fólki í símasölu á mjög góðri vöru 2-3 kvöld í viku, unnið frá kl. 18-22. Uppl. í s. 553 9600 frá kl. 12-22.

Pomoc domowa/darmowe zakwaterowanie Potrzebna uczciwa osoba do pomocy w domu. Sprzatanie, pranie, czasmi opieka nad dziecmi. Traktowac jako prace dodatkowa w zamian za zakwaterowanie w centrum Reykjaviku. oferty przesylac: helgi@lex.is, najlepiej po angielsku lub islandzku.

Bifreiðastjóri með meirapróf óskast til aksturs á fötluðu fólki innanbæjar. Upplýsingar í síma 860 0761.

Vantar beitningamenn á Reykjavíkursvæðinu. Mikil vinna. Uppl. í s. 849 0794.

Óskum eftir að ráða nú þegar duglegan og ábyggilegan starfskraft í útkeyrslu og sölustarf. Uppl. í s. 588 3665.

## TILKYNNINGAR

### Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

### Einkamál

Vel mentuð, en einmana 65 ára kona óskar eftir að kynnast karlmanni á svipuðum aldri. Svar sendist Fréttablaðinu merkt "Kynning".

# ÚTBOÐ VIÐGERÐIR.

**Húsfélagið Skúlagötu 46 Reykjavík óskar hér með eftir tilboðum í ýmsar viðgerðir utan- og innanhúss.**



***Helstu verkþættir eru:***
- Endursteining og múrviðgerðir utanhúss.
- Svalaílagnir.
- Lagfæring á glervegg (Profilit glerprófílar) á austurlið, rif og enduruppsetning.
- Lagfæring á sprungnum gólfplötum, með epoxyinndælingu, flísalögn og málun.

Verkin skal að fullu lokið 1. september 2007.

Útboðsgögn verða til sölu á Verkfræðistofunni Hamraborg sf. Hamraborg 10, Kópavogi, gegn 5.000 kr. gjaldi.

Tilboð verða opnuð á á sama stað miðvikudaginn 7. febrúar 2007 kl. 16.00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

VH Verkfræðistofan Hamraborg
Hamraborg 10 - 200 Kópavogi
Sími: 554 2200 - Fax: 564 2277
Netfang: saevar@hamraborg.is





# Reyðarfjörður - TIL LEIGU OG SÖLU



## Melgerði 7, 9 og 11

2., 3. og 4. herbergja íbúðir.

Melgerði 7: Tilbúnar til afhendingar.

Melgerði 9: Frágengnar íbúðir afhendar strax 1. febrúar.

Melgerði 11:
Til afhendingar í nóvember 2007.

## ÞAÐ ER GOTT AÐ BÚA Á AUSTURLANDI

Austurland er landshluti í mikilli sókn. Þar eru góðir skólar, gott fólk og falleg náttúra. Það vantar frískt og duglegt fólk á austurland í öll störf.

Mikill fjöldi fólks er nú að koma til austurlands til að vinna við álverið, þjónusta það sem og fjórðunginn allan. Við það skapast grundvöllur til nýsköpunar á austurlandi og tækifæri til að bjóða uppá nýja verslun og þjónustu fyrir ört fjölgandi íbúa fjórðungsins. Hingað vantar frumkvöðla, sérfræðinga og fagfólk. Hugsanlega vantar okkur þig.

**Nýttu þetta einstaka tækifæri!**



2. HERBERGJA - VERÐ FRÁ: **13.703.846***

3. HERBERGJA - VERÐ FRÁ: **16.940.179***

4. HERBERGJA - VERÐ FRÁ: **19.620.267***

* [Verðlistar eru bundnir byggingarvísitölu janúar mánaðar 2007, 356,3]

Allar nánari upplýsingar á vefnum, **www.nmedia.is/ffa**, hjá FFA og Fasteignasölum.

domus 545 0555 — Fasteigna- og skipasala Austurlands ehf. 580 7905 — ffa Fasteignafélag Austurlands 567 3400

RE/MAX
www.remax.is
enginn í heimi selur fleiri fasteignir...

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 50
(Bláu húsin við Faxafen)
Sími: 513-4300
Vilhjálmur Bjarnason - Lögg. fast.sali

**Fensalir 8, 201 Kópavogur**
**Opið hús í dag 6. feb. kl. 18 – 18:30**

Frum





**Verð 24.000.000 kr.**
Glæsileg 100,7 fm 3ja herb. á fyrstu hæð í litlu fjölbýlishúsi á þessum vinsæla stað í Kópavogi. Flísar á gólfi í anddyri og góður fataskápur sem nær upp í loft. Svefnherbergi eru með flísum á gólfum og í hjónaherbergi eru góðir skápar sem ná upp í loft. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf. Sérsmíðuð innrétting, upphengt wc, baðkar og sturtuklefi. Þvottahús er inni í íbúð og er flísalagt. Stofan er falleg og björt stofa með flísum á gólfi, útgengt á ca. 25 fm suðvestur verönd. Eldhús með fallegri innréttingu, flísar á gólfi, flísar á milli skápa, AEG tæki, halógen eldavél og halógen lýsing.
**Kolbeinn gsm. 694 9100 tekur á móti gestum**

# SJÓNARHORN



Kuldinn beit ekki á þessa hressu drengi sem skemmtu sér hið besta í sleðabrekkunni í Breiðholti.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# TOPP 5: DAKOTA FANNING

Þótt bandaríska leikkonan Dakota Fanning sé aðeins þrettán ára hefur hún unnið hvern leiksigurinn á fætur öðrum síðan hún lék í I Am Sam (2001). Engin merki eru um að vinsældir Fanning fari dvínandi þótt hún sé komin á unglingsárin og aldrei að vita nema ferill hennar verði betri en flestra barnastjarna, sem hverfa af hvíta tjaldinu þegar aldurinn færist yfir. Hver veit nema þarna sé á ferð næsta Jodie Foster.

**1. Man on Fire (2004)** Lífvörður hefur hendur í hári mannræningja, sem rændi stúlku sem hann gætti. Góður samleikur Denzels Washington og Fanning bjargar myndinni frá því að verða þunnildi frá leikstjóranum Tony Scott. Þess má geta að Fanning fór í sund-, píanó- og spænskukennslu fyrir myndina.

**2. I Am Sam (2001)** Þroskaheftur maður berst með kjafti og klóm til að halda forræði yfir dóttur sinni. Fanning er ótrúlega sannfærandi í hlutverki dótturinnar og öðru hverju tekst henni að skyggja á samleikara sína Sean Penn og Michelle Pfeiffer, sem hljóta að teljast góð meðmæli.

**3. War of the Worlds (2005)** Fjölskylda flýr undan óvinveittum geimverum. Fanning var tekin fram yfir fjölda ungra leikkvenna þegar hún var ráðin í hlutverk dóttur Toms Cruise. Við það tilefni sagði hún sig hafa dreymt um að leika á móti honum síðan í æsku. Fanning var tíu ára þegar hún lék í myndinni.

**4. Dreamer (2005)** Feðgin hjúkra slösuðum veðreiðahesti. Krúttleg fjölskyldumynd byggð á sönnum atburðum. Kurt Russell, sem leikur föður Fanning í myndinni, keypti veðreiðahest handa leikkonunni á meðan á tökum stóð. Fanning nefndi hestinn Goldie í höfuðið á sambýliskonu Russells, leikkonunni Goldie Hawn.

**5. Hide and Seek (2005)** Ekkill hefur áhyggjur af sálarástandi dóttur sinnar. Varla með merkilegri myndum Fanning, hvað þá Roberts de Niro, en með henni tók ferill leikkonunnar nýja stefnu. Fanning sýndi og sannaði að henni var fleira til lista lagt en að leika litlar sætar stelpur með spékoppa.






Handrið og stigasmíði

Mikið úrval af handriðum inni sem úti. Stigar fáanlegir á lager - Gerum tilboð í sérsmíði.

Nýtt -glerpunktafestingar 50mm

Q-Railing - Engin rafsuða - einfalt og snyrtilegt!
Inni og úti handriða- og stigasmíði, 304 og 316 ryðfrítt stál

ATLANTSKAUP

Upplýsingar á www.atlantskaup.is
Atlantskaup efh. Bæjarflot 6, 112 Reykjavík S:533-3700.

Tölvunámskeið fyrir foreldra

Haldið í samstarfi við: infoSec.is

Hringdu núna!!! 421 4025

tölvuskóli suðurnesja

Túngötu 1
Reykjanesbær
Sími 421 4025
www.tss.is
skoli@tss.is

Þetta námskeið er ætlað fyrir foreldra til þess að tryggja öryggi barna og unglinga. Á því er farið yfir ýmsar leiðir til að fylgjast með hvað börnin eru að gera í tölvunni og á netinu, sett eru upp forrit og farið yfir leiðir til að fyrirbyggja ranga notkun og farið yfir ýmsa fræðslu fyrir börn varðandi hættur á netinu og hvernig best er að fræða börn á hættunum.

**Námskeiðið innifelur meðal annars:**
- Hvernig þú getur stjórnað hversu mikinn tíma börnin mega vera í tölvunni.
- Hvernig þú getur stjórnað tölvu- og netnotkun.
- Hvernig þú getur fylgst með hvaða vefsíður eru skoðaðar með ýmsum leiðum.
- Hvernig þú getur fylgst með notkun á skilaboðaforritum eins og messenger.
- Hvernig þú getur komið í veg fyrir uppsetningu á forritum án þín leyfis.
- Hvernig þú getur læst aðgangi og komið í veg fyrir að börnin skoði þín gögn.
- Þá verður farið yfir gerð notkunarsamnings, þ.e. þar sem foreldrar og börn eru sammála um notkun á tölvunni.

## MERKISATBURÐIR

**1643** Hollenski sæfarinn Abel Tasman uppgötvar Fídji-eyjar í Kyrrahafi.

**1778** Bretar segja Frökkum stríð á hendur.

**1899** Parísarsáttmáli fullgiltur, en með honum seldi Spánn Bandaríkjunum Kúbu, Púertó Ríkó, Guam og Filippseyjar fyrir 20 milljón dali.

**1931** Nýi hafnargarðurinn í Reykjavík stórskemmist; bólverkið bilar og sandurinn úr garðinum rennur út í höfn.

**1958** Naustið býður þorramat reiddan fram í trogum, fyrst íslenskra veitingahúsa.

**1988** Alfred Jolson vígður biskup kaþólska safnaðarins á Íslandi að viðstöddum fjölda erlendra gesta.

**1971** Geimfararnir í Apollo 14 búast til heimferðar eftir að hafa dvalið á tunglinu í 33 klukkustundir.

**1994** Martti Ahtisaari vinnur fyrstu beinu forsetakosningarnar í Finnlandi.



✝

*Elskulegur sonur minn, bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Gunnar Friðrik Ólafsson**

Háholti 14, Hafnarfirði,

lést mánudaginn 29. janúar og verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 7. febrúar kl 13.00.

**Guðlaug Hanna Friðjónsdóttir**
**Hulda Ólafsdóttir Scoles** **Dave Scoles**
**Anna Ólafsdóttir**
**Guðrún Ólafsdóttir** **Adolf Örn Kristjánsson**
**Friðjón Ólafsson** **Erna Herbertsdóttir**
**og frændsystkini.**



✝

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Svavar Jónsson**

Öxl, Austur- Húnavatnssýslu,

lést á Heilbrigðisstofnunni á Blönduósi 31. janúar síðastliðinn. Útförin verður gerð frá Blönduóskirkju laugardaginn 10. febrúar klukkan 14.00.

**Jón Reynir Svavarsson**
**Sigríður Bára Svavarsdóttir**
**Ásdís Svavarsdóttir** **Jörgen Inge Persson**
**Guðmundur Jakob Svavarsson** **Anna Margrét Arnardóttir**
**Dröfn Svavarsdóttir** **Torfi Gunnarsson.**
**Svavar Guðjón Eyjólfsson** **Thelma Andrésdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

STOFNUN

# mu átt



óri Umhverfisstofnunar telur mikilvægt að marka
ði umhverfismála. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Sem dæmi um sameiginleg verkefni nefnir Ellý sjálfbæra þróun. Sjálfbær þróun felur í sér að hægt sé að mæta þörfum núlifandi fólks án þess að skerða möguleika eftirkomandi kynslóða til að mæta sínum. „Það er yfirmarkmiðið. Við höfum verið að vinna að sjálfbærri þróun á sveitafélagsstiginu og hið sama er verið að gera á landsvísu. Það þurfa allir að ganga í sömu átt,“ sagði Ellý.

**sunna@frettabladid.is**

## AFMÆLI



**Ragnar Árnason** hagfræðingur er 58 ára.



**Birgir Andrésson** myndlistarmaður er 52 ára.



**Signý Sæmundsdóttir** söngkona er 49 ára.



**Már Wolfgang Mixa** forstöðumaður er 42 ára.



**Eiríkur Bergmann Einarsson** stjórnmálafræðingur er 38 ára.


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



**Fyrir hverju vilt þú berjast?**

- UMFERÐARÖRYGGI OG UMFERÐARFLÆÐI
- TVÖFÖLDUN SUÐURLANDSVEGAR
- BETRI VEGUM, FLEIRI VEGRIÐUM OG HRINGTORGUM
- BÆTA HRINGVEGINN OG BURT MEÐ EINBREIÐAR BRÝR
- ÖRYGGIM VEGUM Á VESTFJÖRÐUM
- MEIRI LÖGGÆSLU, UMFERÐARÁRÓÐUR OG HÆKKUN SEKTA
- MEIRI FJÁRMUNUM TIL VEGAGERÐAR VARIÐ Í ÖRYGGISMÁL
- FORGANGSRÖÐUN VERKEFNA OG GÖNG Á LANDSBYGGÐINNI
- HEILDARSTEFNA Á ALÞINGI Í UPPBYGGINGU VEGAKERFISINS

Með **SAMSTÖÐU** getum við náð árangri.

Í nóvember árið 1999 var stofnaður áhugahópur um örugga Reykjanesbraut. Með samstöðu íbúa svæðisins, þingmanna og framkvæmdaraðila tókst að hefja framkvæmdir við tvöföldun Reykjanesbrautar fyrr en áætlað var. Og nú eftir rúmlega sjö ára baráttu og jákvæðan áróður hópsins er fyrsti áfangi brautarinnar tilbúinn og árangurinn staðreynd. Í stað allt að sex banaslysa á ári hefur enginn látist á brautinni frá því að fyrsti áfanginn var vígður árið 2004.

Við getum náð árangri – líka á þínu svæði. Markmiðin eru skýr.
**Gerum alla vegi landsins örugga með SAMSTÖÐU og slysalausri sýn árið 2007**

Skráðu þig í þinn baráttuhóp á **www.nullsyn.is**

Við styðjum grasrótarsamtökin Samtöðu:

UMFERÐARSTOFA

SAMSTAÐA
SLYSALAUS SÝN




# STUÐ MILLI STRÍÐA: Veturinn endalausi

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** VAKNAÐI UPP VIÐ HVÍTA JÖRÐ.



Veturinn ætlar engan endi að taka. Fyrir örfáum dögum eygðu íbúarnir von um að frosthörkurnar væru að baki. Voru búnir að taka fram golfkylfurnar eða sumarfatnaðinnn. Rigningin sem bleytti göturnar var fyrirboði þess sem koma skyldi; hiti og sól. Rétt áður en bjartsýniskastið náði hámarki voru hitagráðurnar komnar niður fyrir núllið og jörðin aftur orðin hvít. Að morgni mátti heyra andvarp og stunur í Vesturbænum yfir kulda og snjó. Ofnarnir stilltir í það hæsta og hlýju fötin grafin upp úr kössunum sem höfðu fengið það einfalda hlutverk að taka við ryki inni í geymslu. Skafan týnd og krítarkortið verður að nægja til að taka hrímið af gluggum glæsikerrunnar.

Á þessum tímapunkti fer hin alræmda farfuglaþjóð í norðri á stjá. Hún er fyrir löngu orðin jafnfræg og svipaðar tegundir á Bretlandseyjum og í Þýskalandi. Sest að í „heitu löndunum“ á meðan vetrarhörkurnar heima fyrir standa yfir. Hinir smávöxnu íbúar í suðurhöfum eiga sér einskis ills von þegar rauðnefjar einoka sundlaugarbakkann og teyga ölið sem mest þeir mega. Eins og slíkur lúxus sé hreinlega ekki leyfilegur á heimaslóðum. Boeing 747 minnir helst á rútuna sem ferjar fólkið í Þórsmörk fyrstu helgina í ágúst. Um að gera að taka nokkur lög, klípa í einhverja rassa og slafra í sig einni eða tveimur smáflöskum af vodka.

Þegar þessir fuglar snúa aftur heim, sannfærðir um að á þessum hálfa mánuði hafi vetur konungur lokið sér af, blasir við þeim kunnugleg sjón. Flugstjórinn hefur upp raust sína í hátalarakerfinu og staðfestir illan grun farþeganna, að úti sé þriggja gráðu frost, þykkt lag af snjó. Og fram undan sé hálfur febrúar, heill mars og allur apríl þar til sumarið loks sé gengið í garð.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






**Gullnu reglur Græna ljóssins**

**1 Ekkert hlé**
Myndin sýnd í einum rykk

**2 Minna af auglýsingum**
Sýning myndarinnar byrjar fyrr

**3 Engin truflun**
Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

græna ljósið
- Ekkert hlé á góðum myndum

FRÉTTABLAÐIÐ
Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.
Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölunni til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

**www.graenaljosid.is** – Skráðu þig á póstlistann og þér verður boðið á forsýningar allra mynda Græna ljóssins

**! Kl. 13.00**
*Kristín Guðmundsdóttir sýnir á Café Karólínu á Akureyri. Sýningin „Barnslegar minningar + löstur mannsins“ samanstendur af textaverkum á glasamottur og veggi. Verkin skiptast í tvo hluta, annars vegar minningar barns um aðvaranir þeirra eldri og svo hins vegar syndir þeirra eldri og hvernig hægt sé að forðast þær. Sýningin stendur til 2. mars.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Hannes um heimildarmyndir

Dr. Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði, heldur erindi í hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélagsins í dag og ræðir um heimildargildi heimildarmynda.

Hannes greinir frá eigin reynslu af heimildarmyndagerð og bendir á að stundum séu heimildarþættir nær skáldskap en sagnfræði. Hann tekur enn fremur dæmi af því sem fremur mætti kallast myndskreyttir útvarpsþættir en eiginlegar heimildarmyndir og stefnu Leni Riefenstahl, sem gekk í þveröfuga átt, en hún vildi sýna frekar en segja og taldi



**SKÁLDSKAPUR OG SAGNFRÆÐI** Hannes Hólmsteinn Gissurarson ræðir um heimildarmyndir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

að textinn væri helsti óvinur heimildarmyndarinnar.

Jafnframt því sem Hannes Hólmsteinn ræðir um það val, sem ætíð fer fram, þegar heimildarmyndir eru gerðar og jafngildir sköpun frekar en frásögn, skýrir hann út ýmis önnur atriði, svo sem tæknibrellur til að auka áhrif boðskapar, þ. á m. notkun tónlistar og bakhljóðs. Hannes Hólmsteinn telur að lifandi myndir séu ómetanlegar heimildir um fortíðina, en heimildagildi þeirra verði að meta á gagnrýninn hátt.

Erindi sitt flytur Hannes í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands kl. 12.05. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

### > Ekki missa af...

... ljósmyndasýningu **Sissú** í **Skotinu, Ljósmyndasafni Reykjavíkur** í Grófarhúsi. Sýningin fjallar um áferð og athafnir sem verða til við breytingar í umhverfi mannsins.

... sýningu **Kristins E. Hrafnssonar** í gallerí i8 við Klapparstíg.

... sýningu **Hlaðgerðar Írisar Björnsdóttur** og **Arons Reys Sverrissonar** í Listasafni Reykjanessbæjar.



**STEFÁN PÁLSSON** Ræðir um nýútgefin fræðirit, kennslubækur og bækur almenns eðlis.

## Nýjustu fræði

Stefán Pálsson sagnfræðingur flytur fyrirlestur annað kvöld þar sem hann gerir upp síðasta jólabókaflóð með sérstakri áherslu á fræðirit, kennslubækur eða bækur almenns efnis.

Fyrirlesturinn er í boði Hagþenkis, félags höfunda fræðirita og kennslugagna. Hann verður haldinn í ReykjavíkurAkademíunni, Hringbraut 121, 4. hæð. Áður en Stefán hefur mál sitt mun Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur í ReykjavíkurAkademíunni flytja stutta hugvekju um stöðu fræðirita og fræðiritahöfunda. Hagþenkir veitir í ár sem endranær Viðurkenningu Hagþenkis, sem fellur í skaut fræðirita- eða kennslugagnahöfundi eða höfundum. Síðastliðinn miðvikudag var kynntur listi tíu framúrskarandi fræðirita sem koma til greina við veitingu Viðurkenningarinnar en 28. febrúar verður tilkynnt hver hlýtur Viðurkenningu Hagþenkis að þessu sinni.

Dagskráin í ReykjavíkurAkademíunni hefst kl. 20 annað kvöld.

- khh

## Aukin fræðsla, uppboð og kanónur

**Menningarmiðstöðin Skaftfell á Seyðisfirði hefur fest sig í sessi sem vagga myndlistar í bænum og hefur sýningarhald þar blómstrað á undanförnum árum. Margt er á döfinni, spennandi sýningarár er hafið og á næstunni verður efnt til uppboðs á verkum sem velunnarar Skaftfells hafa gefið til styrktar starfseminni.**



ERLA ÞÓRARINSDÓTTIR



HULDA HÁKON



FINNUR ARNAR ARNARSSON

Þórunn Eymundardóttir, framkvæmdastjóri Skaftfells, er komin suður í höfuðstaðinn til þess að fylgja eftir uppboðssýningunni sem nú verður sett upp í versluninni Liborius í Mýrargötu. Uppboðið sjálft fer fram 17. febrúar en þar verða boðin upp rúmlega fjörutíu verk eftir þrjátíu og sjö listamenn. Uppboðshaldari verður fjölmiðlamaðurinn Egill Helgason.

„Við gerum okkur vonir um að það verði vel mætt og að öll verkin muni seljast,“ segir Þórunn og útskýrir að uppboðið fari iðulega fram hjá sölugalleríum en fyrirmynd þessa sé sótt til uppboðs sem eitt sinn var haldið var til styrktar Síldarminjasafninu á Siglufirði. „Aðalheiður Eysteinsdóttir myndlistarkona benti okkur það en þar gáfu listamenn sem voru velunnarar safnsins verk á uppboð til styrktar starfseminni. Það er reglulega gaman fyrir okkur að gera þetta líka því annars vegar erum við með mjög fallega sýningu á verkum listafólks sem allt tengist Skaftfelli með einum eða öðrum hætti en jafnframt vilja þessir listamenn leggja sitt af mörkum til þess að Skaftfell geti vaxað og dafnað.“

Þórunn áréttar að um sé að ræða verk eftir listamenn sem fæstir séu á mála hjá sölugalleríum og að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. „Þetta eru verk eftir alls konar listafólk á ólíkum aldri, með mismundandi hugmyndafræði og áherslur.“ Í uppboðsskránni má meðal annars finna nöfn Birgis Andréssonar, Jóns Laxdal, Elínar Helenu, Dieters Roth, Sigurðar Guðmundssonar, Sigrúnar Sirru Sigurðardóttur, Hallgríms Helgasonar og Jóns Óskars.

Þórunn segir að skráð upphafsverð verkanna samkvæmt uppboðsskrá sé frá fimm til fjögurhundruð þúsund krónur og að flest þeirra séu veggverk en einnig stöku skúlptúrar í ýmsum stærðum.

**Kanónurnar austur**

Í Skaftfelli stendur nú yfir sýning á verkum Haralds Jónssonar en fram undan eru fjölmargar spennandi sýningar. Þar má fyrst nefna árlega sýningu nemenda Listaháskóla Íslands sem unnin er í samvinnu við Dieter Roth Akademíuna og erlenda gestanema. Listafólkið dvelur í tvær vikur á staðnum og vinnur það að verkum sínum á verkstæðum bæjarins og síðan verður afrakstrinum afhjúpaður 17. mars.

Á árstíðabundnum sýningum Skaftfells vor, sumar og haust verða öflugir hópar með samsýningar. Vorsýningin, sem markar upphaf listahátíðarinnar „Á seyði“, verður samstarfsverkefni Finns Arnar Arnarssonar, Jóns Garðars Henryssonar og Þórarins Blöndal en á haustsýningunni sameina Erla Þórarinsdóttir, Hulda Hákon, Jón Óskar og Steingrímur Eyfjörð krafta sína. Tumi Magnússon var valinn sýningarstjóri sumarsýningar Skaftfells þetta árið og mun hann velja sér tvo listamenn til samstarfs.

„Þetta er níunda starfsár sjálfseignarstofnunarinnar á Skaftfelli og hróður okkar hefur aukist með árunum,“ útskýrir Þórunn þegar talið berst að þeim kanónum íslenskrar myndlistar sem sækja í að sýna í Skaftfelli. „Hér er mikill metnaður og vandað til sýningarhalds en það starf hefur borið árangur því sífellt fleiri virtari listamenn sækja nú um að sýna hjá okkur,“ segir hún.

Nú er einnig fimmta starfsár Vesturveggjarins, sýningarrýmis í Bistrói Skaftfells á fyrstu hæð hússins þar sem ungt listafólk á athvarf sitt. Í ár einkennist sumarsýningaröð Vesturveggsins af verkum listafólks sem staðsetja sig á mörkum tónlistar og myndlistar og verða þar settar upp sex sýningar.

**Aukin myndlistarfræðsla**

Þórunn segir að fleira sé á döfinni því verið sé að skipuleggja sérstakar fræðslusýningar og efni fyrir nemendur og aðra áhugasama listunnendur. „Við verðum með fræðslusýningar á vor- og haustönn, sú fyrri verður helguð klassískri myndlist en sú síðari íslenskri samtímalist.“ Á sýningum þessum verða lánsverk frá öðrum söfnum og mun fagfólk velja þau með hliðsjón af markmiðinu að fræða almenning um íslenska myndlist en Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor við Listháskóla Íslands, vinnur að gerð fræðsluefnis sem fylgja mun sýningunum. „Margir þekkja aðeins klassíska íslenska landslagsmyndlist og myndir af fólki við störf sín, hefðbundin málverk og stöku skúlptúr,“ segir Þórunn en bætir við að áratugi vanti í myndlistarþekkingu landans og því sé verkefni þetta hugsað til að brúa bilið yfir í samtímamyndlist sem enn sé víðsfjarri framandi. „Við viljum setja þessa fræðslu fram á skemmtilegan og aðgengilegan hátt svo fólk geti betur notið sýninga á samtímalist,“ segir hún. Stefnt er að því að nemendur í efstu bekkjum grunnskóla og á framhaldsskólastigi muni geta nýtt sér þessar sýningar í framtíðinni sem og aðrir gestir.

Nánari upplýsingar um starfsemi Skaftfells má finna á heimasíðu menningarmiðstöðvarinnar, www.skaftfell.is.

- khh

## Framtíð Kosovo

Margrét Heinreksdóttir flytur erindi á Lögfræðitorgi Háskólans á Akureyri í dag og fjallar þar um framtíð héraðsins Kosovo.

Héraðið, sem áður fyrr var sjálfsstjórnarhérað í fyrrum Júgóslavíu hefur verið undir alþjóðlegri stjórn síðan í júní 1999 eftir að Atlantshafsbandalagið hafði með loftárásum á Serbíu og Kosovo hrakið þaðan hersveitir Serba, sem höfðu svipt héraðið stjórnarskrárbundinni sjálfsstjórn. Síðan hefur verið deilt um framtíð héraðsins og það hvort því beri – eða ekki – réttur samkvæmt þjóðarétti til að njóta sjálfsákvörðunarréttar. Í erindinu sínu á Lögfræðitorgi fjallar Margrét um þróun sjálfsákvörðunarréttarins sem slíks og röksemdir með og móti því, að Kosovobúar geti gert til hans tilkall.

Margrét Heinreksdóttir stundaði nám í heimspeki, þýsku og íslensku við Háskóla Íslands og lauk kandidatspróf frá lagadeild skólans vorið 1986 og var síðar við framhaldsnám í Svíþjóð. Hún



**MARGRÉT HEINREKSDÓTTIR** Ræðir um þróun sjálfsákvörðunarréttar og vanda Kosovo-héraðs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

starfaði um árabil sem lögmaður og við fjölmiðla, bæði á Morgunblaðinu og hjá RÚV. Á árunum 2002-2003 dvaldi hún á vegum íslensku friðargæslunnar 2002-2003 og var síðan framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands uns hún tók við lektorsstöðu við Háskólann á Akureyri 2004.

Fyrirlesturinn fer fram í stofu L201 í Sólborg við Norðurslóð og hefst kl. 12.

- khh

## Launamunur og viðskiptabönn

Femínistafélag Íslands kemur að tveimur viðburðum í dag, annars vegar opinni málstofu í Öskju kl. 16.30 en um kvöldið heldur félagið reglubundinn fund sinn á Thorvaldsen bar.

Málstofan í Öskju er á vegum MBA náms Háskóla Íslands og Femínistafélagsins og er yfirskrift hennar: „Hvernig má minnka launamun kynjanna“. Þar kynna nemendur í námskeiðinu „Greining viðfangsefna og ákvarðanir“ tillögur sínar þar að lútandi. Þátttakendur unnu í hópastarfi tillögur um ákvörðun, aðgerð eða breytingu sem væri líkleg til að stuðla að minnkun launamunar kynjanna. Hóparnir voru átta talsins, en úr þeim hópi voru fjórar tillögur valdar til kynningar.

Fundarstjórar verða Snjólfur Ólafsson, kennari námskeiðsins, og Katrín Anna Guðmundsdóttir, talskona Femínistafélagsins.

Félagið skipulegur regluleg „Hitt“ í Bertelstofu á Thorvaldsen bar og verður þar rætt um viðskiptabönn í kvöld. Þar flytja Páll




**FEMÍNISTAR MÓTMÆLA** Eru viðskiptabönn raunhæfur kostur í jafnréttisbaráttu er meðal þess sem femínistar velta fyrir sér í fundum dagsins. Mynd úr safni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ásgeir Davíðsson lögfræðingur og fyrrgreind Katrín Anna Guðmundsdóttir, viðskipta- og markaðsfræðingur, erindi og velta fyrir sér hvort viðskiptabönn séu raunhæfur kostur í baráttunni fyrir jafnrétti. Að því loknu verður opnað fyrir umræður.

Dagskráin á Thorvaldssen hefst kl. 20 í kvöld.

- khh

# MARKAÐURINN

# Einfalt mál




## EINA VIÐSKIPTABLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT

Hvort sem þú ert sérfróður um viðskipti eða einn af þeim sem finnst viðskiptafréttir yfirleitt of flóknar og háfleygar, getur þú fylgst með öllu því sem er að gerast í viðskiptalífinu í gegnum Markaðinn. Við færum þér fréttirnar skýrt og skorinort.








**Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga** | **Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2** | **Markaðurinn á Vísi alla daga**

**VIÐSKIPTAFRÉTTIR ALLA DAGA VIKUNNAR**

Fíton/SÍA FI019902

# Nýju fötin keisarans



**LEIKSTJÓRINN ROBERT ALTMAN** Gerði stólpagrín að tískuvikunni í París.

Kvikmyndasafn Íslands sýnir mynd Roberts Altman, Prét-á-Porter kl. 20 kvöld. Myndin er paródía á tískuvikuna í París og var kvikmynduð á einni slíkri.

Altman lést í nóvember í fyrra en hans er meðal annars minnst fyrir myndirnar Gosford Park frá 2001 og Short Cuts sem hann gerði árið 1993. Hans síðasta mynd var A Prairie Home Companion.

Altman gerði ekki myndir sem voru öllum að skapi og þær voru ekki gerðar eftir Hollywood formúlum. Umsagnir um Prét-á-Porter voru misvísandi en flestum bar saman um að henni væri vel leikstýrt og að í henni kæmu fram margir mjög góðir leikarar. Endirinn er að sögn sumra hreint stórkostlegur og hefur verið líkt við nútímalega útgáfu af sögunni um Nýju fötin keisarans.

Með helstu hlutverk í myndinni fara Sophia Loren, Marcello Mastroianni og Kim Basinger.

Sýningar Kvikmyndasafnsins fara fram í Bæjarbíói í Hafnarfirði en húsið er opnað um það bil hálftíma fyrir sýningu. Myndin verður síðan endursýnd næstkomandi laugardag kl. 16. **-khh**


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter.
Fös. 9/2 uppselt. **Síðasta sýning!**

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 10/2 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 11/2 kl. 14:00 **örfá sæti laus,** lau.17/2 kl. 14:00 **örfá sæti laus, sun. 18/2 nokkur sæti laus, lau. 24/2 kl. 20:00, sun. 25/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun 4/3 kl. 14:00, sun. 11/3 kl. 14:00, sun.** 11/3 kl. 14:00, sun. 18/3 kl. 14:00, sun. 25/3 kl. 14:00.

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Forsýningar fim. 1/3, fös. 2/3 og lau. 3/3. Miðaverð kr. 1.500,-
Frumsýning fim. 8/3 uppselt, 2. sýn. fös. 9/3 **örfá sæti laus**, 3. sýn. lau. 10/3 **örfá sæti laus,** 4. sýn. mið. 14/3 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fim. 15/3 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fös. 16/3 **örfá sæti laus,** 7. sýn. lau. 17/3 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. lau. 24/3 **nokkur sæti laus**.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Mið. 7/2 **uppselt**, lau. 10/2 **nokkur sæti laus**, lau. 17/2 **kl. 16:00 uppselt, þri. 20/2 uppselt**, mið. 21/2 **uppselt, lau. 24/2, fim. 1/3 kl. 13:00 uppselt, þri. 6/3 kl. 17:00 uppselt.**
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**Kassinn kl. 20:00**

**SÆLUEYJAN** eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
**Lau. 10/2 nokkur sæti laus, fös. 16/2, fim. 22/2.**

**Kúlan**

**PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs**
Frumsýning lau. 17/2 kl. 13:30 uppselt og kl. 15:00 **örfá sæti laus**, sun. 18/2 kl. 13.30 **örfá sæti laus** og kl. 15:00, lau. 24/2 kl. 13:30 og 15:00, sun. 25/2 kl. 13:30 og 15:00.

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**

**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.
Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.**

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

**ÓFAGRA VERÖLD**
Fös 9/2 kl. 20 Sun 18/2 kl. 20
Fim 22/2 kl. 20 Fim 1/3 kl. 20

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 10/2 kl. 20 Fös 16/2 kl. 20
Fös 2/3 kl. 20 Lau 10/3 kl. 20

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPSELT
Fim 17/5 kl. 20 UPPSELT
Fös 18/5 kl. 20
Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPSELT
Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20 UPPSELT

**MEIN KAMPF**
Fim 15/2 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 24/2 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar

**EILÍF HAMINGJA**
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Fös 9/2 kl. 20 Sun 11/2 kl. 20
Fös 16/2 kl. 20 Sun 18/2 kl. 20

**LADDI 6-TUGUR**
Lau 17/2 kl. 20 UPPSELT
Lau 24/2 kl. 20 UPPSELT
Lau 3/3 kl. 20 UPPSELT
Fim 8/3 kl. 20 UPPSELT
Fös 16/3 kl. 21 AUKASÝNING

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

**DAGUR VONAR**
Fös 9/2 kl 20 UPPSELT
Sun 11/2 kl. 20 UPPSELT
Lau 17/2 kl. 20 UPPSELT
Sun 18/2 kl. 20
Fös 23/2 kl. 20 Sun 25/2 kl. 20
Lau 3/3 kl. 20 Sun 4/3 kl. 20
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.

**LEIKHÚSSPJALL**
Fim 22/2 kl. 20:15 Ókeypis aðgangur
Á Borgarbókasafni Kringlunni. Fjallað verður um verkið Dagur vonar

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 11/2 kl. 14 Sun 18/2 kl. 14
Sun 25/2 kl. 14 Sun 4/3 kl. 14
Sýningum fer fækkandi

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fim 8/2 kl. 20 Fös 16/2 kl. 20
Fim 22/2 kl. 20 Síðustu sýningar

**KARÍUS OG BAKTUS**
Sun 11/2 kl. 13, 14, 15 UPPSELT
Sun 18/2 kl. 13, 14,15 UPPSELT
Sun 25/2 kl. 13,14,15 UPPSELT
Sun 4/3 kl. 13,14, 15 UPPSELT
Sun 11/3 kl.13, 14, 15 UPPSELT
Sun 18/3 kl. 13, 14, 15 UPPSELT
Sun 25/3 kl. 13, 14, 15 UPPSELT
AUKASÝNINGAR Í SÖLU NÚNA!
Sun 1/4 kl. 13 UPPS. Sun 1/4 kl. 14 UPPS.
Sun 1/4 kl. 15 Sun 15/4 kl. 13
Sun 15/4 kl. 14 Sun 15/4 kl. 15
Sun 22/4 kl. 13 Sun 22/4 kl. 14
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

BORGARLEIKHÚSIÐ




**GÍSLI ÖRN GARÐARSSON** Er kynntur sem leikari í Shooting Star kynningunni þar sem þau hafa öll verið kynnt, Margrét Vilhjálmsdóttir, Ingvar Sigurðsson, Tómas Lemarquee, Baltasar Kormákur og Nína Dögg.

# Hátíðir í Gautaborg, Rotterdam og Berlín

**Þessa dagana er mikið um dýrðir víða í Evrópu: það er tími stóru kvikmyndahátíðanna í Gautaborg, Rotterdam og framundan er Berlínarhátíðin.**

Ókunnugum er erfitt að gera sér í hugarlund hvernig þessar hátíðir leggja undir sig borgarlífið meðan þær standa yfir. Gestum fjölgar mikið í gistihúsum borganna. Auglýsingaefni skreytir götur miðborganna og í dagblöðum, tímaritum og vefritum ýtir efni þeim tengt flestu öðru til hliðar. Þekktar persónur úr kvikmyndabransanum koma til borganna og vekja tilhlýðilega eftirtekt, en minna fer fyrir sölumönnum og kynningarliði sem vinnur sína vinnu bak við tjöldin. Þá eru hátíðahöld svo stórra hátíða hvalreki fyrir áhugamenn um kvikmyndir í viðkomandi borgum, almenningur nýtir sér hvalrekann, hópast á myndir sem margar munu ekki sjást aftur í almennum sýningum kvikmyndahúsa frá fjarlægum stöðum.

### Stóru hátíðirnar

Hátíðinni í Gautaborg lauk á sunnudag en hún fagnar nú 30 ára afmæli, er nokkru yngri en Kvikmyndahátíðin í Reykjavík sem Félag kvikmyndagerðarmanna setti á stofn fyrir rúmum þremur áratugum. Á sínum tíma var unnin álitsgerð um mikilvægi slíkra hátíðahalda á vegum viðskiptaráðuneytis og var niðurstaðan skýr: það yrði borg og fyrirtækjum í landinu mikil lyftistöng ef komið væri á fót öflugri kvikmyndahátíð. Í nálægum borgum hafa menn haft svipaðar hugmyndir. Hátíðum fer fjölgandi en hér á landi hafa menn ekki borið gæfu til að koma fótum undir sterka hátíð: hvorki borg, ríki né aðilar í viðskiptalífinu hafa enn áttað sig á því, svo sem Viðskiptaráðið sem þessa dagana fjallar um framtíð í íslensku viðskiptalífi.

### Gautaborg

Alls tóku sjö íslenskar myndir þátt í Gautaborgarhátíðinni, stærstu kvikmyndahátíð Norðurlanda: *Börn* og *Foreldrar*, *Anna og skapsveiflurnar*, *Köld slóð* og *Astrópía* auk kvikmyndanna *Hrafninn flýgur* og *Börn náttúrunnar* sem skreyttu 30 ára yfirlitssýningu hátíðarinnar. *Foreldrar* taka þátt í Nordic Competition ásamt sjö öðrum myndum þar sem keppt er um Drekann, aðalverðlaun hátíðarinnar. Myndin er einnig á Nordic Film Market (NFM).

*Börn* og *Anna og skapsveiflurnar* voru í Nordic Light hluta hátíðarinnar þar sem eru um tuttugu nýjar myndir sem hátíðin telur í hópi þess athyglisverðasta sem norrænir kvikmyndagerðarmenn bjóða upp á um þessar mundir. *Köld slóð* tók þátt í NFM sem er lokaður sölumarkaður tuttugu nýrra mynda. *Astrópía* var einnig á NFM, sem Work in Progress, ásamt hópi slíkra mynda.

Íslensk mynd komst hvergi að í þeim ýmsu verðlaunum sem veitt eru í Gautaborg.

Rotterdam-hátíðinni lauk á laugardag: þar voru 97 frumsýningar og sóttu viðburði hátíðarinnar 367 þúsund gestir. Þetta var 36. hátíðin sem haldin er í Rotterdam. Íslenskar myndir á hátíðinni voru tvær, bæði *Börn* og *Foreldrar*. Gekk þeim þokkalega í vinsældakosningu gesta, sátu í 11. og 21. sæti. Þar var einnig sýnd samframleiðsla *The Last Winter* eftir Larry Fessenden og er skráð á Bandaríkin og Ísland. *Annarra manna líf* eða *Das Leben des Anderen* var vinsælust mynda í Rotterdam. Þar fengu fjórar myndir Tígurinn, aðalverðlaun hátíðarinnar, en eru venjulega þrjár.



**BÖRN OG FORELDRAR** Féllu í góðan jarðveg hjá gestum í Rotterdam

### Berlín

Berlínarhátíðin hefst á miðvikudag. Þar eru íslenskar myndir á markaði – The European Film Market – með 259 fyrirtækjum frá 46 þjóðlöndum sem sýna 702 kvikmyndir: kaupendur eru skráðir þar 878. Markaðurinn er að stækka. Þeim verður þjónað í 31 kvikmyndahúsi með fjölda sýningarsala.

Þýska kvikmyndasafnið mun halda áfram að sýna endurgerð eintök gleymdra kvikmynda á hátíðinni. Nú ber mest á litmynd sem fundin er af frægri mynd dönsku leikkonunnar Ástu Nielsen eftir þá Svend Gade/Heinz Schall sem gerð var í Þýskalandi 1920/21: Hamlet – sem Ásta lék. Var talið að hún væri aðeins til í svart/hvítri gerð. Þar verður einnig sýnt endurgert eintak af fyrstu ítölsku kvikmyndinni sem náði alþjóðadreifingu og frægð Cabaria eftir Giovanni Pastrone frá 1913/14. Hún verður sýnd í lit en einkennist af miklum settum og litadýrð. Bæði talgerð hennar frá 1931 og þögla gerðin eru nú til.

### Rísandi stjörnur

Tuttugu og sex nýjar myndir taka þátt í aðalkeppni hátíðarinnar og í Yfirliti, panorama, hátíðarinnar verða fimmtíu nýjar myndir sýndar. Kvikmyndamiðstöð Íslands hefur haft veg og vanda af skipulagi og rekstri norræna bássins í markaðnum í tvö ár en nú fer umsjón hans í hendur Dana. Fátt norrænna mynda er sýnilegt í keppnum í Berlín en þær eru aftur á markaði. Í leikarakynningunni Shooting star er Gísli Örn Garðarsson í kynningu. Er það i tíunda sinn sem kynningin er og verður Ingvar Sigurðsson gestur þar. Sigurjón Sighvatsson er meðal frummælenda á ráðstefnu sem haldin er í tengslum við hátíðina um stöðu evrópskra kvikmynda. Þá er þátttaka Íslendinga í opinberum dagskrárliðum Berlínhátíðarinnar upptalin. **-pbb**

# Endurskapa sögulegt vistkerfi

Velgengni samvinnuverkefnisins Wikipedia hefur alið af sér annað netfyrirbrigði sem kennt er við Wiki-skáldskap. Forlagið Penguin hefur í samvinnu við De Montfort-háskólann í Leicester stofnað til verkefnis sem þau kenna við „Milljón mörgæsir“ og er einhvers konar opin ritæfing fyrir áhugasama netverja sem vilja taka þátt í því að skrifa skáldsögu.

Sköpun sögunnar fer alfarið fram á netinu og líkt og hinn sístækkandi viskubrunnur Wikipediu-alfræðiritsins er öllum heimil þátttaka. Til að koma í veg fyrir hatrammar deilur og endurritunarstríð eru nemendur í ritlist við háskólann í Leicester ráðnir sem sérlegir umsjónarmenn verkefnisins auk þess sem sérstök siðaskrá er í gildi þar sem þátttakendur eru hvattir til þess að sýna hver öðrum kurteisi.

Þegar hafa átta kaflar orðið til á heimasíðunni www.amillionpenguins.com, hinn fyrsti hefst á því að persónan Stóri Tony, sem ku vera algjör skíthæll, lætur sig dreyma um sirloin-steik með frönskum kartöflum en ákveður síðan að panta pítsu. Búið er að gera grein fyrir nokkrum aðalpersónum sögunnar — sem þó er í stöðugri endurskoðun og endursköpun enda eru lífleg skoðanaskipti á spjallrásum síðunnar þar sem heitfengir höfundarnir þrátta um eitt og annað.

Nú hefur verið skipt um suma hluta frásagnarinnar nokkuð oft en henni er líkt við sögulegt vistkerfi og verður forvitnilegt að fylgjast með hvaða gullkorn fá að halda sér í þessu frumlega ritverki og hvers konar þverskurð það veitir af stílsnilli hinna enskumælandi netnotenda. **- khh**



**Í LEIT AÐ SÖGUÞRÆÐI?** Verkefnið „Milljón mörgæsir“ er opin ritæfing þar sem allir áhugasamir skríbentar geta tekið þátt í því að skrifa skáldsögu.

# Par á bar á Nasa

Æfingar eru hafnar á gamanleikritinu Bar/Par eftir Jim Cartwright. Eins og nafnið á verkinu gefur til kynna gerist leikritið á bar þar sem áhorfendur fá tækifæri til að kíkja inn í líf bareigenda sem eru hjón og gesta þeirra eina kvöldstund. Öll hlutverkin í leikritinu eru leikin af tveimur af vinsælustu gamanleikurum þjóðarinnar; Steini Ármanni Magnússyni og Guðlaugu Elísabetu Jónsdóttur.

Verkið var fyrst sett upp á Íslandi fyrir meira en fimmtán árum og varð gríðalega vinsælt. Jim Cartwright er vinsæll höfundur úti um allan heim og meðal verka sem hafa verið sett upp eftir hann á Íslandi eru Stræti og Taktu lagið Lóa.



**NÝTT BAR/PAR** Leikararnir Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir og Steinn Ármann Magnússon bregða sér í ýmis hlutverk.

Leikmyndahöfundur er Vignir Jóhannsson og um búning sér María Ólafsdóttir. Leikstjóri er Gunnar I. Gunnsteinsson.

Leikritið verður frumsýnt á Nasa við Austurvöll í lok febrúar. **-khh**

Leikhópurinn **Á senunni** og **Hafnarfjarðarleikhúsið** kynna söngleikinn:

**Abbababb!** eftir Dr. Gunna

Forsýning lau 10. febrúar kl. 16.00
Frumsýning sun 11. febrúar kl. 17.00
2. sýning lau. 17. febrúar kl. 14.00
3. sýning lau. 17. febrúar kl. 17.00

HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ

Forsala hefst mánudaginn 5. febrúar

Children Of Loki kynnir 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER
Fös 9 feb. kl. 20

Verzlunarskóli Íslands kynnir SEXTÁN
Mið 7. feb kl. 19 / Sun 11. feb kl. 16 / Þri 13. feb kl. 19 / Fim 15. feb kl. 19 / Mið 21 feb kl. 19 / Sun 25 feb kl. 17 /

AUSTURBÆR
Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími: 551 4700 / www.midi.is

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress
Frumsýning sun. 9. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
2. sýn: sun. 11. feb.-3. sýn: fös. 16. feb
4. sýn: sun. 18. feb - 5. sýn: fös. 23. feb
6. sýn: sun. 25. feb - 7. sýn: fös. 2. mars
ALLAR SÝNINGAR HEFJAST KL. 20
KYNNING Í BOÐI VÍÓ KL. 19.15
Landsvirkjun
IGOR STRAVINSKY
Flagari í framsókn
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

# Músiktilraunir í nánd

Nú er farið að kynda undir Músíktilraunirnar sem verða þetta árið haldnar í Loftkastalanum og lokaúrslitin í Verinu á Seljavegi vestast í vesturbænum gamla í Reykjavík. Grasrótin lengi lifir því nú er að renna upp 25. hátíð bílskúrsbandanna en Músiktilraunir hafa staðið í 26 ár og hafa þar margir fengið sitt brautargengi: fjöldamargar hljómsveitir og tónlistarmenn hafa þar fengið tækifæri til virkrar þátttöku á vettvangi tónlistar.

Músíktilraunir verða haldnar í Loftkastalanum vikuna 19.-23. mars en úrslitakvöldið verður haldið í Verinu laugardaginn 31. mars og er þar brugðist við vandræðum liðinni ára þegar margir hafa þurft frá að hverfa því jafnan er fullt á lokakvöldið.

Í dag verður opnuð ljósmyndasýning í Ráðhúsi Reykjavíkur við Vonarstræti með ljósmyndum af Músíktilraunum 2006. Til sýnis verða myndir af öllum hljómsveitunum sem tóku þátt í fyrra. Alls er þetta því 51 mynd sem ljósmyndarinn Billi (Brynjar Gunnarsson) tók á undankvöldum Músíktilrauna 2006. Sýningin mun standa til og með sunnudagsins 18. febrúar.

Við opnun ljósmyndasýningarinnar verður kynnt samstarf Músíktilrauna og Hins hússins við Icelandair en fyrirtækið veitti í fyrra fyrstu verðlaun í keppninni: skemmti- og kynningarferð til Manchester. Auk Icelandair, Tónabæjar og Hins hússins kemur FÍH, Félag íslenskra hljómlistarmanna, að hátíðinni og allar hljóðfæraverslanir í höfuðborginni sem leggja sitt á vogarskálarnar.

Verður brátt opnað fyrir skráningu í Músíktilraunirnar 2007 fyrir hljómsveitir og listamenn af öllu landinu. Eins og jafnan verður útvarpað beint frá hátíðahöldunum á Rás 2 og stefnt er að samningum um beina útsendingu í sjónvarpi á lokakvöldinu. **- pbb**



**TÓNLIST** Músíktilraunir renna upp í mars og er það í 25. skipti sem þær eru haldnar. Myndin var tekin í fyrra.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

3 4 5 **6** 7 8 9

**Þriðjudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 19.30 **Sinfóníuhljómsveit Íslands** heldur tónleika í íþróttahúsi **Síðuskóla** á **Akureyri**. Á efnisskránni eru verk eftir **Jón Leifs, Edvard Grieg** og **Dímitrij Sjostakovitsj**. Hljómsveitarstjóri er **Rumon Gamba** en einleikari er rússneski píanóleikarinn **Lilya Zilberstein**.

### FYRIRLESTRAR

☐ 16.30 Opin málstofa á vegum **MBA-náms** við **Háskóla Íslands** og **Femínistafélags Íslands** í **Öskju**, stofu 132. Nemendur í MBA-námi við Háskóla Íslands kynna fjórar tillögur um hvernig megi minnka launamun kynjanna. Nánari upplýsingar á www.mba.is

### SÝNINGAR

☐ 10.00 Sýning á bókverkum **Sigurborgar Stefánsdóttur** stendur yfir í **Þjóðarbókhlöðunni**. Á sýningunni **Spari bækur** eru myndverk í formi bóka en verkin á sýningunni eru um það bil 30 talsins en hún stendur út febrúarmánuð.

☐ 11.00 Sýningin **Frelsun litarins/Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá Musée des beaux-arts í Bordeaux í Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn.

☐ 11.00 Í **Gerðarsafni** stendur yfir samsýning **Gullpenslanna** svokölluðu. Á sýningunni **Indigo** sýna **Birgir Snæbjörn Birgisson, Daði Guðbjörnsson, Eggert Pétursson, Helgi Þorgils Friðjónsson, JBK Ransu, Jóhann Ludwig Torfason, Kristín Gunnlaugsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson** og **Sigurður Árni Sigurðsson**. Sýningin stendur til 11. febrúar.

☐ 13.00 **Aðalheiður Eysteinsdóttir** sýnir í **Anima galleri, Ingólfsstræti 8**, 101 Reykjavík. Anima er opið þriðjudaga-laugardaga kl.13-17, **www.animagalleri.is.**

☐ 13.00 **Bryndís Brynjarsdóttir** sýnir í **Listasal Mosfellsbæjar**. Sýningin ber yfirskriftina **Hið óendanlega rými og form** og stendur til 17. febrúar.

☐ 13.00 **Eygló Harðardóttir** sýnir skjáverk, málverk á pappír, teikningar og þrívíð verk í **Listasafni ASÍ**. Yfirskrift sýningarinnar er **Leiðsla** og stendur hún til 25. febrúar.

☐ 13.00 **Kristín Guðmundsdóttir** sýnir á **Café Karólínu** á Akureyri. Sýningin **Barnslegar minningar + löstur mannsins** samanstendur af textaverkum á glasamottur og veggi. Sýningin stendur til 2. mars.

☐ 13.00 Í **Listasafninu á Akureyri** standa yfir tvær sýningar. Annars vegar á verkum **Jóns Óskars**, sem kallast Les yeux de l'ombre jaune eða **Augu Gula-Skuggans** og hins vegar innsetning eftir bandaríska listamanninn **Adam Bateman** en sýning Bateman ber heitið **Tyrfingar**.

☐ 14.00 **Stephan Stephensen**, öðru nafni **President Bongo** sýnir í **101 Gallery** við Hverfisgötu. Sýningin ber yfirskriftina **IF YOU WANT BLOOD... YOU'VE GOT IT !** og er opin milli 14-17, þriðjudaga til laugardaga til 15. febrúar.

**Á tilboði í febrúar 2007**
DAX Handspritt, krem, sápur ofl.

**Hreinar hendur**
örugg samskipti

**Jóhanna Runólfsdóttir**
*sjúkraliði, ráðgjafi hjá RV*



5.988 kr.
**DAX Skammtari**
snertifrír

237 kr.
**DAX Handsápa**
mild 600ml m.dælu

334 kr.
**DAX Hár&húðsápa**
m.dælu 600ml

732kr.
**DAX Handspritt**

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Partý og ljósmyndasýning

**Hljómsveitin Kimono og listamaðurinn Curver héldu útgáfupartí á dögunum í tilefni af útkomu plötunnar Kimono + Curver.**

Ljósmyndir sem prýða umslag plötunnar voru einnig sýndar en þær voru teknar í London. Eftir veisluna, sem var haldin í galleríinu Auga fyrir auga á Hverfisgötu, þeytti Curver skífum á Sirkus. Daginn eftir héldu Curver og Kimono síðan þriggja klukkustunda spunatónleika í Gallerí Kling og Bang til að kynna plötuna enn frekar.



**SKÁL!** Curver, Alex MacNeil, Gylfi Blöndal, Halldór Ragnarsson og Arnar Bjarnason skáluðu fyrir nýjustu plötu Kimono og Curvers. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**VIDDI OG HILDUR** Viddi og Hildur kíktu í útgáfupartíið sem var haldið í galleríinu Auga fyrir auga.



**ÖRLYGUR OG SUNNA** Örlygur Þór Örlygsson og Sunna Ebenesersdóttir voru á meðal gesta.



**HJÓN** Hjónin Lukka Sigurðardóttir og Orri Páll Dýrason úr Sigur Rós kíktu í teitið og heilsuðu upp á Alex MacNeil og félaga.



**ROKKARI** Henrik Björnsson úr rokksveitinni Singapore Sling ásamt Einari Kristjánssyni.



**GUÐBJÖRG OG ANNA KATRÍN** Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Anna Katrín Þorvaldsdóttir létu sig ekki vanta á svæðið.



**KNOXVILLE** Johnny Knoxville hefur skilið við eiginkonu sína til ellefu ára.

# Knoxville skilinn

Johnny Knoxville, einn af gröllurunum úr þáttunum Jackass, er skilinn við eiginkonu sína Melanie eftir ellefu ára hjónaband.

Þau eiga saman dótturina Madison sem er tíu ára. Orðrómur hafði verið uppi um að Knoxville hefði haldið framhjá henni nokkrum sinnum, þar á meðal með Jessicu Simpson. Neituðu þau hjón ávallt þeim sögusögnum.

www.volvo.is



VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO C70 VOLVO S80 VOLVO XC70 VOLVO XC90

VELDU VOLVO S40. FALLEG STÆRÐFRÆÐI.

Volvo S40 er hátækni. Gott dæmi um fallega stærðfræði og verkfræðilega snilld. Fullur af orku. Búinn fádæma aksturseiginleikum. Þú finnur ekki fyrir hreyfingu Volvo S40 á jöfnum hraða. Aðeins fyrir veginum. Afstætt lögmál. Þú sérð umhverfið líða framhjá; hefur kannski á tilfinningunni að bíllinn sé kyrr og jörðin á hreyfingu. Draumabíll.

Reynsluaktu draumabíl bílablaðamanns Morgunblaðsins: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabíl án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf.“ Komdu í Brimborg. Skoðaðu fallegt dæmi um áratuga umhyggju Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

Verkfræðileg snilld einkennir Volvo S40

Berðu saman verð og gæði. Berðu saman staðalbúnað Volvo S40 við staðalbúnað í öðrum lúxusbílum. Þú finnur WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi og spólvörn með stöðugleikastýringu í Volvo S40. Einnig ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Sjö hátæknivélar standa þér til boða. Bensín eða dísil. Komdu í Brimborg.

EuroNCAP öryggisstofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn (5 stjörnur), sama gerði US NCAP. Breska bílablaðið Auto Express mat Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati bandaríska vegaöryggiseftirlitsins (IIHS) og sænska tryggingafélagið Folksam verðlaunaði Volvo S40 fyrir að vera með bestu háls- og bakhnykksvörnina. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



*Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is

Volvo S40 bensín. Verð frá 2.695.000 kr.*
Volvo S40 dísil. Verð frá 2.895.000 kr.*



GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



ELÍSABET II Vill ekki sjá aðra túlka sig á hvíta tjaldinu.

## Vill ekki sjá Drottninguna

Elísabet II Englandsdrottning ætlar aldrei að sjá myndina The Queen, með Helen Mirren í aðalhlutverki, því hún vill ekki sjá annan í sínu hlutverki á hvíta tjaldinu.

Myndin fjallar um vikuna eftir að Díana prinsessa lést og fjallar um hvernig drottningin tekst á við dauða tengdadóttur sinnar fyrrverandi. Myndin er tilnefnd til Óskarsverðlauna sem og Mirren fyrir frammistöðu sína í aðalhlutverkinu.



THE QUEEN Helen Mirren í hlutverki Elísabetar.

# Lofaði deyjandi móður sinni að giftast Brad Pitt

**Angelina Jolie hefur ákveðið að giftast kærasta sínum Brad Pitt. Þessu lofaði hún móður sinni skömmu áður en hún lést.**

Hollywoodparið Angelina Jolie og Brad Pitt voru bæði hjá móður leikkonunnar þegar hún lést í síðasta mánuði. Marcheline Bertrand hafði barist við krabbamein í eggjastokkum í sjö ár en gaf upp öndina á sjúkrahúsi í Los Angeles fyrir tíu dögum.

Samkvæmt fréttum fjölmiðla lofaði Angelina móður sinni að hún myndi giftast Brad Pitt skömmu fyrir andlát hennar. Talið er líklegt að brúðkaup þeirra verði haldið á næstu mánuðum. „Marcheline hélt í hönd Angie og sagði: „Þú skalt giftast þessum manni.

Hann er engill sem var sendur til að líta eftir þér.“ Marcheline leit nánast á hann sem son sinn. Hann var í miklum metum hjá henni og hún var stöðugt að nöldra í Angie um að giftast honum,“ segir heimildarmaður The Sunday Express sem sagður er nákominn fjölskyldunni.

Heimildarmaðurinn segir jafnframt að Brad hafi aldrei gefið það frá sér að Angelina myndi giftast honum. Hún hafi hins vegar ekki tekið það í mál fram að þessu, en sagt börn þeirra binda þau saman á lögformlegan hátt. „Nú þarf hún að standa við loforðið sem hún gaf deyjandi móður sinni.“



Á LEIÐ UPP AÐ ALTARINU Angelina Jolie hefur fallist á að giftast Brad Pitt. Hún lofaði móður sinni því áður en hún lést. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



EI MEIR Morrissette og Reynolds voru saman í fjögur ár.

## Hætt með kærastanum

Söngkonan Alanis Morrissette og leikarinn Ryan Reynolds hafa slitið trúlofun sinni. Kanadísku hjónaleysin hafa verið saman í fjögur ár og einu sinni áður slitið samvistum en náðu saman aftur stuttu seinna. Í þetta sinn er búist við að sambandsslitin séu endanleg.



PICKNICK Dúettinn Picknick heldur tónleika á Domo í kvöld.

## Picknick í kvöld

Dúettinn Picknick heldur tónleika á Domo í kvöld. Hljómsveitina skipa þau Sigríður Eyþórsdóttir, sem áður var í Santiago, og Þorsteinn Einarsson, fyrrverandi söngvari Hjálma.

Upptökum á fyrstu plötu Picknick er lokið og er hún væntanleg í búðir með vorinu. Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 21.30 með upphitun Elínar Eyþórsdóttur. Miðaverð er 500 krónur.




Volvo. For life.

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

SÉRPANTANIR VOLVO

Kynntu þér Sérpantanaþjónustu Volvo hjá Brimborg. Gerðu hagstæðari kaup og sérhannaðu þinn eigin Volvo.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík:
Bíldshöfða 6, sími 515 7000
Brimborg Akureyri:
Tryggvabraut 5, sími 462 2700
www.volvo.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| ROCKY BALBOA | kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| KIRIKOU & VILLIDÝRIN ÍSL. TAL | kl. 4 450 KR. |
| CHARLOTTE'S WEB ENSKT TAL | kl. 3.40 |
| VEFUR KARLOTTU ÍSL. TAL | kl. 5.20 |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| APOCALYPTO | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 5.45 og 8 B.I. 12 ÁRA |

MIÐASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| ROCKY BALBOA | kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| LITTLE CHILDREN | kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 14 ÁRA |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5.40 |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 8 B.I. 12 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 10.20 B.I. 12 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| ROCKY BALBOA | kl. 8 og 10.10 B.I. 12 ÁRA |
| DREAMGIRLS | kl. 5.40, 8 og 10.30 |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 6 |

midi.is

BÍÓ.IS – allt á einum stað







**SEAN COMBS** Rapparinn má ekki lengur heita P Diddy.

# Má ekki heita Diddy

Dómstólar í Bretlandi hafa beðið rapparann Sean Combs um að fjarlægja listamannsnafnið P Diddy af netinu. Rapparinn náði samkomulagi á síðasta ári við Richard „Diddy“ Dearlove um að hætta að nota nafnið P Diddy í Bretlandi. Síðan þá hefur Combs breytt tveimur heimasíðum sínum en aðrar síður með nafninu P Diddy eru enn í gangi, þar á meðal á MySpace og YouTube. Hefur Combs neitað því að láta breyta þeim þar sem hann ráði ekki yfir síðunum.

Dearlove er þekktastur fyrir endurhljóðblöndun sína á lagi Blondie, Atomic. Hann hefur komið fram undir nafninu Diddy frá árinu 1992.

# Anita í 1500 kvikmyndahús

**Kvikmyndin Journey 3-D sem Aníta Briem leikur í verður dreift í 1.500 kvikmyndahús í Bandaríkjunum á næsta ári.**

Kvikmyndin Journey 3-D verður dreift í fimmtán hundruð kvikmyndahús í Bandaríkjunum þegar hún verður frumsýnd sumarið 2008. Þetta kom fram á nokkrum erlendum vefsíðum í gær. Miðað við þessa miklu dreifingu í Bandaríkjunum er ljóst að dreifingaraðilarnir New Line Cinema og Walt Disney-risinn binda miklar vonir við kvikmyndina og gera ráð fyrir að hún verði einn af stóru smellunum á næsta ári.

Kvikmyndin var að hluta til tekin upp hér á Íslandi en með eitt aðalhlutverkanna fer íslenska leikkonan Anita Briem, auk Brendan Fraser og Josh Hutcherson. Hún er lauslega byggð á heimsþekktri vísindaskáldsögu Jules Verne, Voyage au centre de la Terre, en þar kemur Snæfellsjökull mikið við sögu.

Eftir því sem kemur fram á kvikmyndasíðunni Coming Soon markar kvikmyndin ákveðin tímamót í kvikmyndagerð. Í fyrsta skipti verður þrívídd varpað upp á stafrænt kvikmyndatjald án þess að áhorfendur þurfi að notast við sérkennileg gleraugu en búast má við að þessi tækni verði orðin allsráðandi innan örfárra ára. Leikstjórinn Eric Brevig og tökumaðurinn Chuck Shuman notuðu meðal annars tökuvélar sem stór-leikstjórinn James Cameron byrjaði að þróa fyrir tvær þrívíddar heimildarmyndir sínar Aliens of the Deep og Ghosts of the Abyss.

freyrgigja@frettabladid.is



**ANITA BRIEM** Leikur aðalhlutverkið í stórmyndinni Journey 3-D sem miklar vonir eru bundnar við.



**BRENDAN FRASER** Verður í hlutverki vísindamanns sem smám saman flækist inn í söguþráð vísindaskáldsögunnar Voyage au centre de la Terre.



**MÍNUS** Rokksveitin Mínus hitar upp fyrir Incubus hinn 3. mars.

# Hitar upp í Höllinni

Rokkararnir í Mínus hita upp fyrir bandarísku hljómsveitina Incubus sem spilar í Laugardalshöll 3. mars.

Þetta verða fyrstu tónleikar Mínus hér á landi síðan sveitin spilaði á Iceland Airwaves-hátíðinni síðasta haust. Mínus, sem hefur áður hitað upp fyrir Metallica, Foo Fighters og Queens of the Stone Age, mun kynna efni af væntanlegri plötu sem var nýlega tekin upp í Los Angeles.

Uppselt er í stúku á tónleikana í Höllinni en enn eru til miðar í stæði. Miðasala fer m.a. fram á midi.is. Miðaverð er 4.500 kr. í stæði og 5.500 í sæti.






# Barátta hestavélmennanna

Kanada virðist endalaus uppspretta frambærilegra hljómsveita, eins og reyndar áður hefur komið fram hér í Fréttablaðinu. Rock Plaza Central er enn ein viðbótin í þessa gullhúðuðu flóru sem kemur á óvart í hverri viku. RPC er hljómsveit frá Toronto og hefur verið starfandi í heilan áratug. Are We Not Horses? telst þriðja breiðskífa sveitarinnar en hingað til hefur sveitin gefið út allar plötur sínar sjálf. Hljómsveitina skipa alls sjö einstaklingar en aðalmaðurinn á bak við hana er Chris Eaton sem er ekki eingöngu ótrúlega snjall lagasmiður heldur einnig gríðarlega lunkinn textasmiður.

Are We Not Horses? er þemaplata sem fjallar um vélhesta sem halda að þeir séu alvöru hestar og lenda í stríði milli góðs og ills. Vissulega frumleg hugmynd. Fer samt aldrei út í öfgar og öll lögin standa ein og sér og enn engan veginn háð hvert öðru. Þrátt fyrir þetta dramtíska viðfangsefni plötunnar er hún í meira lagi gleðileg. Besta lag plötunnar og eitt af lögum síðasta árs, My Children, Be Joyful, segir kannski allt um stemninguna á plötunni. Byrjar rólega með einföldum kassagítar sem síðan hleður upp á sig, með málmblæstri, strengjum, miklum trommuslætti og tralalalalli í lokin. Epísk snilld. Lokalag plötunnar We've Got a Lot to Be Glad For er einnig glæsilegur punktur yfir i-ið.

Tónlist RPC má kalla sækadelískt indí-folk með gríðarlega breiðum hljómi. Samanburður við til dæmis Neutral Milk Hotel, Okkervil River, Tom Waits og jafnvel Will Oldham á því ágætlega við. Einnig finnst mér rödd Eaton minna á Calvin Johnson úr Beat Happening. Hún er gríðarleg eftirtektarverð, hann notar hana á ýmsa vegu og setur því sérstakan blæ á plötuna, sem er gríðarleg gleðileg, aðgengileg, fjörug og sérstæð. Frumleg þemaplata sem óhætt er að mæla með. Spurning um að fá þessa á næstu Airwaves-hátíð?

Steinþór Helgi Arnsteinsson



**TÓNLIST**

**Are We Not Horses?**

Rock Plaza Central

★★★★

Glaðvær og framúrskarandi plata sem erfitt er að taka úr spilaranum.




**Háskólabíó**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DREAMGIRLS | kl. 6 - 9 - 10:20 | Leyfð | THE CHILDREN OF MEN | kl. 8 | B.i.16 |
| BLOOD DIAMOND | kl. 6 - 9 | B.i.16 | FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 5:30 | B.i. 16 |
| FORELDRAR | kl. 6 - 8 | Leyfð | THE DEPARTED | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| BABEL | kl. 6 - 9 | B.i.16 | | | |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MAN OF THE YEAR | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | B.i.7 | THE PRESTIGE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.12 |
| BLOOD DIAMOND | kl. 5:30 - 8 - 10:50 | B.i.16 | STRANGER THAN FICTION | kl. 10:10 | Leyfð |
| BLOOD DIAMOND VIP | kl. 2 - 8 - 10:50 | | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 1 - 2 - 3:20 | Leyfð |
| VEFURINN HENN... M/- Ísl tal | kl. 2 - 4:10 - 5:50 | Leyfð | HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 3:20 | Leyfð |
| BABEL | kl. 8 - 10:50 | B.i.16 | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 1:30 - 3:20 | Leyfð |
| BABEL VIP | kl. 5 | | ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 1:30 | Leyfð |
| FORELDRAR | kl. 4:10 - 8:15 | Leyfð | | | |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAN OF THE YEAR | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | B.i.7 | |
| BLOOD DIAMOND | kl. 8 - 10:50 | B.i.16 | DIGITAL |
| VEFURINN HE... M/- Ísl tal | kl. 1:40 - 3:50 - 6 | Leyfð | DIGITAL |
| CHARLOTT... M/-Ensk tal | kl. 3:50 - 6 - 8 | Leyfð | DIGITAL |
| THE PRESTIGE | kl. 10 | B.i.12 | |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl.1:30 - 3:40 | Leyfð | DIGITAL |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl.1:40 | Leyfð | DIGITAL |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| APOCALYPTO | kl. 8 | B.i.16 |
| BABEL | kl. 8 | B.i.16 |
| VEFUR KARLOTTU m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | Leyfð |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5:30 | Leyfð |
| FRÁIR FÆTUR m/ísl. tali | kl. 2 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| CHARLOTTE´S WEB m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | Leyfð |
| BLOOD DIAMOND | kl 8 - 10:30 | B.i.16 |
| FRÁIR FÆTUR m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | Leyfð |
| SKOLAÐ Í BURTU m/ísl. tali | kl. 6 | Leyfð |
| FORELDRAR | kl 8 - 10 | Leyfð |

SPARBÍÓ 450 kr á allar sýningar merktar með appelsínu-gulu á laugardögum og sunnudögum

www.SAMbio.is ☎ 575 8900 www.SAMbio.is


# Á tónleikaferð um Evrópu

**Söngvarinn og Eurovision-hetjan Eiríkur Hauksson fer í tónleikaferðalag um Evrópu í vor með hljómsveitinni Live Fire and the All Viking Band.**



**EIRÍKUR HAUKSSON** Eiríkur fer á tónleikaferðalag um Evrópu í vor með fyrrverandi meðlimi Uriah Heep.

Forsprakki sveitarinnar er Ken Hensley, einn af upprunalegum meðlimum rokksveitarinnar fornfrægu Uriah Heep, sem heldur tónleika í Laugardalshöll 27. maí ásamt Deep Purple. Hætti hann í sveitinni árið 1980.

**Tónleikar í Noregi**

„Þetta átti að fara í gang um miðjan mars. Ken Hensley er að koma með nýja plötu og bók og þeirri útgáfu var frestað til 27. apríl. Þá ákváðum við að fresta þessari Evrópuferð til að fá plötufyrirtæki til að styrkja okkur,“ segir Eiríkur Hauksson. Til að hita upp fyrir Evrópuferðina mun hljómsveitin halda tvenna tónleika í Noregi dagana 9. og 10. mars.

**Orðinn aðalsöngvari**

Eiríkur kynntist Hensley þegar hann bað hann um að syngja og spila á gítar með hljómsveit sem gæti spilað lög Uriah Heep á Norðurlöndunum. Eiríkur þáði boðið og fór með henni í tveggja vikna tónleikaferð í nóvember og desember árið 2005. Í fyrra hafði Hensley síðan aftur samband við Eirík og vildi láta hann taka yfir bróðurpartinn af söngnum.

„Þetta er mikill heiður og svo rosalega gaman líka. Maður er að syngja lög sem maður kunni þegar maður var ellefu ára,“ segir Eiríkur. „Ég er ekki alveg hlutlaus en mér finnst þetta vera meira Uriah Heep. Hensley átti sjötíu prósent af öllum lögunum með Uriah Heep og hann er ekki allt of hrifinn af þessari hljómsveit sem er núna í gangi.“

**Hensley ánægður**

Aðeins tveir upprunalegir meðlimir Uriah Heep eru í hljómsveitinni sem spilar í Höllinni síðar á árinu og annar þeirra hefur nafnið Uriah Heep.

„Hensley er alveg uppveðraður með þetta nýja band. Hann segir að þetta hljómi eins og Uriah Heep hefði átt að hljóma ef þeir hefðu ekki verið svona fullir og dópaðir,“ segir Eiríkur.

freyr@frettabladid.is

# Spila á By:Larm

Söngkonan Lay Low og hljómsveitirnar Reykjavík! og Ultra Mega Technobandið Stefán koma fram á skandinavísku tónlistarráðstefnunni By:Larm sem verður haldin í Noregi 8. til 10. febrúar. Spila þau undir merkjum Iceland Airwaves-hátíðarinnar.

Ráðstefnan dregur árlega til sín hundruð starfsmanna tónlistarbransans á Norðurlöndunum, Bretlandi og annars staðar í Evrópu, auk venjulegra tónlistaráhugamanna. Hátíðin hefur farið fram árlega síðan árið 1998 og fagnar því tíu ára afmæli í ár.

Aðstandendur By:Larm hafa síðustu ár verið fastagestir á Airwaves. Þetta er engu að síður í fyrsta sinn sem hátíðirnar tvær vinna saman með þessum hætti. Aðdragandinn er samstarf Airwaves og norska menntamálaráðuneytisins. Ráðuneytið styrkti tónleika fjögurra norskra hljómsveita á Airwaves í fyrra (120 Days, Skatebård, The Whitest Boy Alive og Datarock) í þeim tilgangi að efla framgang norskrar tónlistar á alþjóðavettvangi. Í kjölfarið fékkst ráðuneytið til að styðja við bakið á sérstakri Airwaves-dagskrá á By:Larm.



**LAY LOW** Söngkonan Lay Low spilar á By:Larm-hátíðinni í Noregi.

# Scorsese sigraði

Leikstjórinn Martin Scorsese fékk Directors Guild of America-verðlaunin fyrir mynd sína The Departed.

Bar hann sigur úr býtum í keppni við leikstjóra Dreamgirls, Babel, Little Miss Sunshine og The Queen. Þetta voru fyrstu Directors Guild-verðlaun Scorsese en hann hafði sex sinnum áður verið tilnefndur.

Verðlaunin eru talin gefa góða vísbendingu um hvaða leikstjóri hljóti Óskarsverðlaunin hinn 25. febrúar.

Aðeins sex sinnum í 58 ára sögu Directors Guild hafa leikstjórarnir ekki hampað Óskarnum í framhaldinu. Tveir af þeim leikstjórum sem kepptu um Directors Guild eru einnig tilnefndir til Óskarsins. Annars vegar Stephen Frears fyrir The Queen og hins vegar Alejandro González Iñárritu fyrir Babel.



**MARTIN SCORSESE** Bandaríski leikstjórinn hefur fengið góða dóma fyrir mynd sína The Departed.

# Oliver lét Kylie róa símleiðis

Leikarinn og hjartaknúsarinn Olivier Martinez lét poppstjörnuna Kylie Minogue róa á föstudaginn. Kylie og Olivier höfðu verið saman í fjögur ár en hann mun hafa sagt söngkonunni upp símleiðis en hún er stödd í Mexíkó.

Aðeins nokkrum stundum síðar sást hann í fylgd með óþekktri dökkhærðri konu og vörðu þau víst nóttinni saman. Sjónarvottur sagði breska dagblaðinu Sunday Mirror að það hefði ekki verið að sjá að Martinez væri nýhættur með stóru ástinni sinni.

„Ung og falleg kona stökk upp í bílinn hans og þau þeystu af stað, bæði pollróleg og sæl á svip.“

Skötuhjúin fyrrverandi gáfu út fréttatilkynningu á föstudag þar sem þau staðfestu að sambandinu væri lokið en þar sagði enn fremur að ákvörðunin um að láta leiðir skilja hefði verið gagnkvæm og þau yrðu áfram góðir vinir.

Martinez hefur verið orðaður við aðrar konur síðan í desember þegar hann sást með ísraelska módelinu Sarai Givaty og leikkonunni Michelle Rodriguez en í tilkynningunni segir að orðrómur um framhjáhald sé úr lausu lofti gripinn.



**ÞEGAR ALLT LÉK Í LYNDI** Kylie og Olivier á ljúfri stund þegar lífið lék við þau.


GÍS GÍTARSKÓLI ÍSLANDS

**Gítarnámskeið - Einkatímar**

Skráning stendur yfir Sími 581-1281

gitarskoli@gitarskoli.is • www.gitarskoli.is

### > Hamar skiptir um þjálfara

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa forráðamenn kvennaliðs Hamars í körfubolta skipt um þjálfara. Andri Kristinsson var látinn fara og Ari Gunnarsson, aðstoðarþjálfari karlaliðs Hamars/Selfoss, ráðinn í hans stað. Halla Gunnarsdóttir, formaður meistaraflokksráðs kvenna hjá Hamri, vildi ekki staðfesta þessar fréttir í gærkvöldi en sagði að verið væri að vinna í þessum málum. Hamar tapaði í fyrrakvöld fyrir Breiðabliki í Iceland Express-deild kvenna og fátt annað en fall blasir við liðinu.



# sport

sport@frettabladid.is

BJARNI ÞÓR VIÐARSSON: FÆR AÐ SPREYTA SIG Í LEAGUE ONE Í ENGLANDI

## Bjarni Þór lánaður til Bournemouth



Bjarni Þór Viðarsson mun í dag halda til Bournemouth í suðurhluta Englands frá Liverpool þar sem hann býr nú. Félag hans, Everton, hefur lánað hann til Bournemouth í einn mánuð en liðið leikur í ensku C-deildinni, League One.

„Þetta er mjög fínt. Ég er ánægður," sagði Bjarni við Fréttablaðið í gær. „Þetta er að vísu nokkuð langt ferðalag frá Liverpool en ég set það ekki fyrir mig."

Bjarni lék fyrir skömmu æfingaleik með aðalliði Everton gegn Bournemouth og skoraði þar eitt mark. Kevin Bond, stjóri Bournemouth, hreifst af Bjarna og óskaði eftir því að fá hann lánaðan.

„Ég hef rætt við Bond nokkrum sinnum og líst mér vel á hann. Mér sýnist á öllu að ég fái talsvert að spila og verði þá á miðjunni, í minni óskastöðu."

Bond komst í fréttirnar í haust er hann var rekinn frá Newcastle vegna meintrar spillingar eins og frægt er orðið.

Bjarni er yngri bróðir þeirra Arnars Þórs og Davíð Þórs sem báðir eru þekktir knattspyrnumenn. Hann er á nítjánda aldursári.

Bournemouth á í erfiðleikum í deildinni og er í þriðja neðsta sæti. Liðið vann að vísu í fyrradag sinn fyrsta sigur á útivelli á tímabilinu er það lagði Chesterfield, 1-0.

„Ég vona auðvitað að ég geti hjálpað liðinu að rífa sig upp og forða sér frá fallsvæðinu. Ef vel gengur gæti vel verið að ég kláraði tímabilið en það er allt undir Everton komið."

Hann segist ekki vera kvíðinn enda vanur því að æfa með úrvalsdeildarleikmönnum. „Þetta leggst bara vel í mig og ég hlakka til," sagði Bjarni Þór.

Bournemouth á næst heimaleik í deildinni á laugardaginn kemur, gegn Leyton Orient sem er tveimur sætum ofar í töflunni. Leikurinn er því afar þýðingarmikill fyrir bæði lið.



**TRYGGÐI ÚRSLITASÆTIÐ** Eyjólfur Héðinsson tryggði sínum mönnum sæti í úrslitaleik Reykjavíkurmóts karla.

Reykjavíkurmót karla:

## Fylkir komið í úrslitaleikinn

**FÓTBOLTI Fylkir tryggði sér sæti í úrslitaleik Reykjavíkurmótsins með því að ná 1-1 jafntefli á móti KR í lokaleik B-riðils. Fylkir og KR voru bæði taplaus með 7 stig en Fylkismenn eru með átta mörkum betri markatölu.**

**Eyjólfur Héðinsson tryggði Árbæingum sæti í úrslitaleiknum með því að jafna leikinn á 23. mínútu eftir að Guðmundur Pétursson hafði komið KR yfir eftir 10 mínútur.**

**Mótherjar Fylkismanna í úrslitaleiknum verða sigurvegararnir í A-riðli en þar eru fram undan spennandi leikir bæði á fimmtudag og sunnudag. Sem stendur eru Þróttarar og Víkingar efstir og jafnir.** - óój

Spænski körfuboltinn:

## Pavel fær tækifæri á Spáni

**KÖRFUBOLTI** Pavel Ermolinski er farinn að fá tækifæri með aðalliði Unicaja í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta en undanfarin tímabil hefur hann að mestu spilað með undir 20 ára liði félagsins sem spilar í 3. deildinni. Pavel var í leikmannahópi Unicaja sem vann 86-67 útisigur á Bruesa GBC og kom inn á í tæpa eina og hálfa mínútu. Unicaja er sem stendur í 5. sæti deildarinnar en þetta var annar leikurinn í vetur sem Pavel fær að spila með liðinu.

Íslendingar eiga þar með tvo leikmenn í bestu körfuboltadeild í Evrópu því Jón Arnór Stefánsson spilar eins og kunnugt er með liði Pamesa Valencia sem er sem stendur í 10. sæti. Jón Arnór spilaði í 15 mínútur í 83-75 sigri á Polaris World CB Murcia um helgina en náði ekki að skora. - óój

Íslenskir knattspyrnumenn:

## Æfðu í Noregi

**FÓTBOLTI Þrír íslenskir knattspyrnumenn, þau Hrefna Huld Jóhannesdóttir, Fjóla Dröfn Friðriksdóttir og Adolf Sveinsson, æfðu nýverið í Noregi. Þær tvær fyrstnefndu með Grand Bodö og Adolf með Bodö/Glimt sem bæði eru úrvalsdeildarlið. Þetta kom fram á fótbolti.net og segir í fréttinni að áhugi sé hjá þjálfara Grand Bodö að fá Hrefnu og Fjólu til liðsins í sumar. Þær eru báðar á mála hjá KR en Adolf hjá Þrótti.** - esá

# Fékk fimmtán sekúndur í hvíld

**Guðjón Valur Sigurðsson varð fyrsti markakóngur Íslands á HM og lék mest allra í keppninni, í rétt tæpar 10 klukkustundir. Síðustu sex leiki Íslands á mótinu hvíldi hann einungis í fimmtán sekúndur.**

**HANDBOLTI** Guðjón Valur Sigurðsson varð ekki bara fyrsti íslenski handboltamaðurinn til þess að vera markakóngur á heimsmeistaramóti í handbolta heldur náði hann einnig að spila í rétt tæpa tíu klukkutíma á HM í Þýskalandi sem lauk um helgina.

Með því að verða markakóngur HM bætti Guðjón Valur met þeirra Gunnlaugs Hjálmarssonar (HM í Vestur-Þýskalandi 1961), Valdimars Grímssonar (HM í Kumamoto 1997) og Ólafs Stefánssonar (HM í Portúgal 2003) sem allir náðu 3. sætinu á lista yfir markahæstu menn. Ólafur Stefánsson var sá eini sem hafði náð að verða markakóngur á stórmóti en hann skoraði flest mörk á EMí Svíþjóð 2002.

Auk þess að verða markakóngur lék Guðjón Valur mest allra á heimsmeistaramótinu og vantaði aðeins 5 mínútur og 3 sekúndur upp á að hafa spilað í 10 klukkutíma samtals. Guðjón Valur missti aðeins úr 15 mínútur og 3 sekúndur, þar af af hvíldi hann aðeins í 15 sekúndur í síðustu sex leikjunum. Guðjón Valur hvíldi í 13 og hálfa mínútu í fyrsta leiknum gegn Áströlum en sat aðeins í 1 mínútu og 33 sekúndur í hinum leikjunum níu. Alexander Petersson var einnig einn af þremur leikmönnum mótsins sem spiluðu lengur en í 9 klukkutíma en upp á milli þeirra laumaði sér Þjóðverjinn Florian Kehrmann sem spilaði 20 mínútum minna en Guðjón Valur en 9 mínútum meira en Alexander. Ólafur Stefánsson komst einnig í hóp þeirra átta sem spiluðu mest á mótinu.



**GRÍÐARLEGT ÁLAG** Guðjón Valur Sigurðsson stóðst álagið og skoraði fleiri mörk og lék í fleiri mínútur en nokkur annar á HM í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### SKIPTING MARKA GUÐJÓNS VALS Á HM:

| | |
|---|---|
| **Leikstöður** | |
| Hraðaupphlaup | 30 |
| Hraðaupphlaup (horn) | 8 |
| Horn | 17 |
| Lína | 8 |
| Langskot | 2 |
| Vítaskot | 1 |
| **Tími leiks** | |
| 1. til 10. mínúta | 10 |
| 11. til 20. mínúta | 11 |
| 21. til 30. mínúta | 11 |
| 31. til 40. mínúta | 7 |
| 41. til 50. mínúta | 15 |
| 51. til 60. mínúta | 11 |
| 61. til 70. mínúta | 1 |

### ÍSLENDINGAR MEÐAL TÍU MARKAHÆSTU Á HM:

| | |
|---|---|
| 1961 Gunnlaugur Hjálmarsson | 3. sæti |
| 1970 Geir Hallsteinsson | 9. sæti |
| 1986 Kristján Arason | 5. sæti |
| 1993 Sigurður Valur Sveinsson | 6. sæti |
| 1997 Valdimar Grímsson | 3. sæti |
| 2003 Ólafur Stefánsson | 3. sæti |
| 2007 Guðjón Valur Sigurðsson | 1. sæti |
| 2007 Ólafur Stefánsson | 5. sæti |
| 2007 Snorri Steinn Guðjónss. | 5. sæti |
| 2007 Alexander Petersson | 10. sæti |
| 2007 Logi Geirsson | 10. sæti |

### HVÍLD GUÐJÓNS VALS Í LEIKJUM ÍSLANDS

| | |
|---|---|
| Ástralía | 13 mínútur, 30 sekúndur |
| Úkraína | 20 sekúndur |
| Frakkland | 0 sekúndur |
| Túnis | 58 sekúndur |
| Pólland | 0 sekúndur |
| Slóvenía | 15 sekúndur |
| Þýskaland | 0 sekúndur |
| Danmörk | 0 sekúndur |
| Rússland | 0 sekúndur |
| Spánn | 0 sekúndur |

Guðjón Valur skoraði flest mörk, fimmtán, í einum leik gegn Ástralíu en minnst gegn Slóveníu þar sem hann skoraði fjögur mörk.

Guðjón Valur skoraði flest marka sinna úr hraðaupphlaupum, alls 38 af 66, þar af komu 30 þeirra í fyrstu bylgju en hin átta úr horninu í annarri bylgju. Guðjón Valur skoraði 17 mörk úr vinstra horninu í uppsettri sókn og 8 af línunni. Þá skoraði hann tvö mörk með langskotum og aðeins eitt úr víti.

Logi Geirsson átti flestar stoðsendingar á Guðjón Val eða 20 en Ólafur Stefánsson gaf 14 stoðsendingar á markakónginn, þar af allar átta línusendingarnar sem Guðjón Valur skilaði í markið. Markvörðurinn Birkir Ívar Guðmundsson varð svo þriðji en hann átti sex stoðsendingar fram á Guðjón Val í hraðaupphlaup.

Íslenska landsliðið átti fimm leikmenn meðal tíu markahæstu manna á mótinu og er það í fyrsta sinn sem sama þjóð á svona marga leikmenn inni á topp tíu. Guðjón Valur varð eins og áður sagði í 1. sæti en jafnir í 5. sætinu voru síðan Ólafur Stefánsson og Snorri Steinn Guðjónsson. Þeir Alexander Petersson og Logi Geirsson voru síðan tveir af þremur mönnum sem urðu jafnir í tíunda sætinu.

Engin önnur þjóð átti tvo menn inni á topp tíu listanum yfir markahæstu menn á HM í Þýskalandi. Þetta afrek þeirra Guðjóns Vals, Snorra Steins, Ólafs, Loga og Alexanders er ekki síður merkilegt fyrir þær sakir að aðeins sex sinnum áður í 49 ára sögu Íslands á HM hafði íslenskur leikmaður komist í hóp þeirra tíu markahæstu. ooj@frettabladid.is

Tíu verðandi verðlaunaþjóðir hafa spilað við Ísland á lokasprettinum fyrir síðustu átta stórmót:

# Það boðar áfram gott að mæta Íslandi

**HANDBOLTI** Íslenska handboltalandsliðið mætti tveimur verðlaunaþjóðum á HM, Pólverjum (2. sæti) og Dönum (3. sæti) á lokasprettinum í undirbúningnum fyrir HM í Þýskalandi og hélt þar með uppi venju sinni um að það boði gott að mæta Íslandi svona rétt fyrir stórmót. Ísland hefur þar með tíu sinnum mætt verðandi verðlaunaþjóðum í æfingaleikjum fyrir síðustu átta stórmót, allar götur frá því á heimsmeistaramótinu 2001. Það bjuggust ekki margir við að Pólverjar færu eins langt og raun bar vitni en hins vegar var búist við miklu af danska landsliðinu.

Ísland mætti Evrópumeisturum Frakka í tveimur vináttuleikjum hér heima fyrir EM í Sviss 2006 í fyrra og mætti verðandi heimsmeisturum Spánverja í æfingamóti rétt rúmri viku fyrir HM í Túnis 2005. Þá lék íslenska landsliðið þrjá vináttulandsleiki gegn Frökkum í janúar 2001, aðeins tveimur vikum áður en þeir hófu leið sína að heimsmeistaratitli á heimavelli. Að auki hefur íslenska liðið mætt þremur verðandi silfurhöfum og fjórum verðandi bronsliðum í lokaundirbúningi sínum frá því á HM í Frakklandi 2001. Þetta var í þriðja sinn sem Íslendingar spila við Dani rétt fyrir mót þar sem þeir fara á verðlaunapall. Úrslitin í þessum þremur leikjum boða hins vegar ekkert því Danir unnu okkur fyrir EM 2002, Ísland vann fyrir EM 2004 og þjóðirnar skildu jafnar fyrir HM í Þýskalandi. - óój

### GOTT AÐ MÆTA ÍSLANDI Á LOKASPRETTINUM

| | |
|---|---|
| Pólland | 2. sæti á HM 2007 |
| Danmörk | 3. sæti á HM 2007 |
| Frakkland | 1. sæti á EM 2006 |
| Spánn | 1. sæti á HM 2005 |
| Frakkland | 3. sæti á HM 2005 |
| Þýskaland | 2. sæti á ÓL 2004 |
| Danmörk | 3. sæti á EM 2004 |
| Þýskaland | 2. sæti á EM 2002 |
| Danmörk | 3. sæti á EM 2002 |
| Frakkland | 1. sæti á HM 2001 |




**VITA HINAR ÞJÓÐIRNAR AF ÞESSU?** Það ætti að verða auðveldara fyrir HSÍ að fá landsleiki við bestu þjóðir heims fyrst að það boðar svo gott að spila við strákana okkar rétt fyrir mót. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

"Frammistaða leikaranna er firnasterk. Ingvar galdrar fram einstaka persónu.
Samvinna Ragnars Bragasonar og Vesturports er sannarlega gæfuspor í íslenskri kvikmyndamenningu."

MORGUNBLAÐIÐ

"Nanna Kristín sýnir magnaðan leik. Nýtt viðmið í íslenskri kvikmyndagerð"

FRÉTTABLAÐIÐ

"Gefur Börnum ekkert eftir. Leikararnir fara á kostum."

DV

"Betri leikur en áður hefur þekkst í íslenskum myndum.
Foreldrar er ekkert síðri en Börn, frábær mynd sem hver Íslendingur ætti að sjá."

KVIKMYNDIR.COM

"Tónlist Péturs Ben er hreint út sagt frábær.
Foreldrar eru áhrifamikið verk. Hvergi er dauður punktur og persónurnar snerta mann djúpt."

VÍÐSJÁ RUV





**SJÓÐANDI HEITUR** Cristiano Ronaldo hefur raðað inn mörkum með Man. Utd í vetur. NORDIC PHOTOS/GETTY

Luiz Felipe Scolari:

## Ronaldo á að fara í Barcelona

**FÓTBOLTI Luiz Felipe Scolari, landsliðsþjálfari Portúgala, hefur hvatt hinn 22 ára gamla Cristiano Ronaldo hjá Manchester United til þess að ganga til liðs við Eið Smára Guðjohnsen og félaga í Barcelona í sumar.**

**„Strákurinn er búinn með skólann og ég tel að nú sé komið að því að skipta um umhverfi. Barcelona myndi fagna því að fá Ronaldo til sín, ekki síst þar sem hann passar vel við hliðina á Ronaldinho,“ sagði Scolari í viðtali við enska götublaðið The Sun en hann talar einnig um að heitara loftslag myndi auðvelda Ronaldo að leggja harðar að sér við æfingar.**

**Scolari sagði einnig að það myndi ekki henta Ronaldo að fara til Real Madrid. United hefur gefið frá sér að Ronaldo sé ekki til sölu en hann hefur skorað 15 mörk á tímabilinu, það síðasta í 4-0 sigri á Tottenham á sunnudaginn. - óój**



**ÚTFÖRIN** Fjölskylda lögreglumannsins Filippo Raciti er hér í forgrunni við útför hans í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Útför lögreglumannsins í gær:

## Ákvörðunar að vænta á morgun

**FÓTBOLTI** Ítölsk íþróttamálayfirvöld munu ákveða á morgun hvort leika eigi knattspyrnu þar í landi fyrir luktum dyrum. Útför lögreglumannsins sem lést við skyldustörf á leik Catania og Palermo á föstudag var haldin í gær.

Innanríkisráðherra Ítalíu, Giuliano Amato, sagði í gær að áhorfendum yrði ekki heimilt að sækja leiki á þá leikvanga sem ekki uppfylltu nýjar og hertar öryggiskröfur. - esá

Jonathan Woodgate:

## Seldur til Boro

**FÓTBOLTI Real Madrid tilkynnti í gær að félagið hefði komist að samkomulagi við Middlesbrough um félagaskipti Jonathan Woodgate. Hann fór til Boro í sumar og var á eins árs lánssamningi. Hann hefur staðið sig vel og munu forráðamenn Boro hafa verið spenntir fyrir því að fá hann til sín til framtíðar.**

**Þeir áttu þó enn eftir að staðfesta þessar fréttir í gærkvöldi. - esá**

Íslenskir fjárfestar í tengslum við Pat Munro sem vill kaupa Hearts:

# Tæki frekar tilboði frá Marilyn Monroe

**FÓTBOLTI** Morgunblaðið greindi frá því um helgina að Pat Munro hefði áhuga á að kaupa skoska úrvalsdeildarliðið Hearts með aðstoð íslenskra fjárfesta. Litháinn Vladimir Romanov á 80,1 prósents hlut í félaginu.

Skoskir fjölmiðlar fylgdu fréttinni eftir í gær og höfðu eftir nafnlausri heimild úr innsta hring stjórnenda Hearts að „Romanov hefði meiri áhuga á tilboði frá Marilyn Monroe en frá Pat Munro“.

Sömu fréttir bendla Björgólf Thor Björgólfsson við fjárfestahóp Munros, sem vill ekki nafngreina sína fjárfesta sjálfur. Hann sagði í viðtali við Evening News í gær að hann hefði þegar reynt að gera Romanov tilboð.

„Við erum með fólk frá Íslandi og Mið-Austurlöndum í okkar röðum,“ sagði Munro. Hann bætti svo við að hann ætti í miklum erfiðleikum með að komast í samband við Romanov og samstarfsmenn hans. - esá



**ROMAN ROMANOV** Framkvæmdastjóri Hearts og sonur eigandans. NORDIC PHOTOS/GETTY

Grindavík mætti ÍS í gær:

## Öruggur sigur

**KÖRFUBOLTI** Grindavíkurstelpur unnu öruggan 20 stiga sigur, 67-47, á Stúdínum í Iceland Express deild kvenna í gær og fylgja toppliðum Hauka og Keflavíkur eftir. ÍS-liðið nýtti aðeins 19% skota sinna í leiknum og það er ekki vænlegt til árangurs.

Tamara Bowie hjá Grindavík var með 27 stig og 16 fráköst og hitti úr 10 af 17 skotum en Casey Rost hjá ÍS skoraði aðeins 11 stig og klikkaði á 15 af 17 skotum sínum. Hildur Sigurðardóttir var með 11 stig, 13 fráköst, 8 stoðsendingar og 6 stolna bolta fyrir Grindavík en Signý Hermannsdóttir var stigahæst hjá ÍS með 14 stig. -óój

# Viðunandi niðurstaða landsliðsins

**Geir Sveinsson hefur fjallað um gengi íslenska landsliðsins í Fréttablaðinu meðan á heimsmeistarakeppninni í Þýskalandi stóð. Hér gerir hann upp mótið í fyrri pistli sínum af tveimur. Síðari hluti birtist á morgun.**

**HANDBOLTI** Tuttugustu heimsmeistarakeppninni í handknattleik lauk um nýliðna helgi í Þýskalandi með sigri heimamanna. Keppnin var í alla staði hin glæsilegasta og gríðarlega góð og öflug auglýsing fyrir handboltann. Gæði handboltans voru að mörgu leyti mikil og fjöldinn allur af góðum leikjum. Þar bar hæst báða undanúrslitaleiki keppninnar sem voru gríðarlega spennandi og vel leiknir og lágu úrslit ekki fyrir fyrr en eftir tvær framlengingar.

Íslenska landsliðið, sem var að taka þátt í HM í ellefta sinn og þar af í níunda skipti af síðustu tíu, endaði keppni í áttunda sæti. Fyrir fram hefði áttunda sætið verið talið mjög svo góður árangur sem það vissulega er, en engu að síður datt botninn eilítið úr í lokin og því ákveðin vonbrigði að ekki hafi tekist að spila betur úr átta liða úrslitunum.

Íslenska liðið hóf leik í riðlakeppninni í Magdeburg og má segja að liðið hafi ekki getað verið heppnara með leikstað. Liðið var þar eins og á heimavelli, vel stutt af 7-8 þúsund manns. Leikjaröðun var sömuleiðis með besta móti þar sem fyrsti leikur var gegn Ástralíu. Sá leikur vannst auðveldlega enda ekki nema von, Ástralía með slakasta lið keppninnar. Í öðrum leik mættum við Úkraínu sem undir eðlilegum kringumstæðum hefði átt að klárast. En það var öðru nær og niðurstaðan var tap í leik þar sem taugar og andlegt ástand manna hreinlega þoldi ekki þá pressu að sigur ætti að vinnast.

Íslenska liðið var þá komið upp að vegg þar sem ekkert annað en sigur gegn Evrópumeisturum Frökkum myndi duga. Glæsilegur sigur vannst eins og öllum er löngu kunnugt og sýndi íslenska liðið mikinn karakter með gríðarlega öflugum og góðan leik. Tónninn var gefinn og íslenska liðið fór í milliriðla ásamt Frökkum með tvö stig í farteskinu, sem menn höfðu ekki gert ráð fyrir.

Milliriðillinn spilaðist nokkuð vel. Fyrsti leikur við Túnis gaf góð fyrirheit og 6 marka sigur vannst. Því næst komu Pólverjar og voru menn mjög bjartsýnir fyrir hann. En það gekk ekki og má í raun segja að það hafi ekki tekist fyrst og fremst fyrir okkar eigin klaufaskap. Það var því ljóst að í leiknum við Slóveníu yrði að ná í eitt stig hið minnsta til þess að átta liða úrslitin yrðu trygg. Það tókst og gott betur því við unnum mjög góðan sigur.



**ÓLAFUR STEFÁNSSON** Fyrirliði íslenska landsliðsins er hér í baráttu við spænska leikmenn í lokaleik Íslands á HM í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Síðasti leikurinn í riðlinum var við gestgjafana sjálfa, Þjóðverja. Sá leikur var þegar upp er staðið mikil vonbrigði. Þó það hafi vissulega verið ljóst fyrir leikinn að íslenska liðið væri öruggt áfram og mat þjálfara liðsins að tap væri sennilega besta niðurstaðan tel ég engu að síður að það hafi verið farið í leikinn út frá röngum forsendum. Allt of miklar breytingar voru gerðar á byrjunarliði íslenska liðsins og markmiðið, að geta hvílt lykilleikmenn liðsins sem mest, náðist ekki. Niðurstaðan var því tap sem átti eftir að fylgja okkur út keppnina því ekki vannst leikur eftir það.

Þegar ljóst var að Danir yrðu okkar mótherjar í átta liða úrslitum kættust menn enda Danir með svipað lið og við og möguleikarnir á íslenskum sigri nokkuð góðir. Leikurinn var, eins og allir vita, frábær skemmtun og spennan gríðarleg. Því miður fyrir íslenska liðið tapaðist leikurinn eftir framlengdan leik en svo sannarlega hefði sigurinn getað dottið okkar megin, þetta var bara spurningin um nokkra sentimetra.

Áfallið við tapið var mikið. Svo mikið að íslenska liðið náði sér ekki á strik og tapaði þeim leikjum sem eftir voru. Mönnum var tíðrætt um þetta tap og var það yfirleitt ástæða leikmanna og þjálfara að leikirnir við Rússa og Spánverja um sæti 5 til 8 töpuðust. Niðurstaðan var því áttunda sætið eins og fyrr segir. Vissulega var tapið við Dani sárgrætilegt og sýndi svo ekki verður um villst hve stutt getur verið á milli. Alfreð talaði um að niðurstaðan úr Danaleiknum hefði í raun verið fjögurra sæta munur, sem vissulega má taka undir. Engu að síður er það svo að hvorki leikmenn, þjálfarar né aðrir í kringum liðið geta leyft sér að taka tap sem þetta með sér í næsta leik. Handboltinn gengur út á þetta. Leikir geta farið allavega og það er skylda allra á meðan mót og leikir eru í gangi að halda fókus og skilja það eftir sem liðið er þegar í næsta leik er farið. Menn eiga að læra af því sem miður fer og reyna að nýta sér það í næsta leik. Mér fannst því fókus og orka manna fara allt of mikið í það liðna og í raun í eitthvað sem ekkert var hægt að gera við.

Við megum ekki gleyma því að við vorum ekki eina liðið sem var að lenda í „áföllum“! Tökum Króata sem dæmi. Þeir enda þetta mót með besta vinningshlutfallið og jafn góðan árangur og sjálfir heimsmeistararnir, eða 90% vinningshlutfall þar sem þeir töpuðu einungis einum leik. Samt er niðurstaða þeirra „einungis“ fimmta sæti. Hvað mega þeir segja? Þeir voru taldir eitt af sigurtranglegustu liðum keppninnar og kandídatar í að komast í úrslitaleikinn, sem þeir vissu af og ætluðu sér klárlega. Þrátt fyrir áfallið að komast ekki þangað héldu þeir áfram og kláruðu mótið með stæl.

Á morgun mun ég fara yfir heildarframmistöðu liðsins sem og einstaka leikmenn þess.



**HM Í HANDBOLTA**
**GEIR SVEINSSON**
*gerir upp heimsmeistaramótið í handbolta*

Indianapolis Colts er meistari í ameríska fótboltanum eftir sigur á Chicago Bears í úrslitaleik:

# Langþráður sigur hjá Manning og Dungy

**NFL** Indianapolis Colts varð meistari í ameríska fótboltanum eftir að liðið vann Chicago Bears 29-17 í blautum úrslitaleik aðfaranótt mánudagsins. Þetta var tímamótaleikur fyrir margar sakir og ekki síst fyrir rigninguna en í fyrsta sinn rigndi allan tímann meðan úrslitaleikur fór fram.

Sunnudagskvöldið var stór stund fyrir bæði leikstjórnandann Peyton Manning og þjálfarann Tony Dungy. Dungy varð fyrsti blökkumaðurinn til þess að gera lið að NFL-meisturum og Manning eyddi loksins öllum efasemdaröddum um að hann gæti leitt lið til sigurs. Manning var valinn mikilvægasti leikmaður leiksins en 25 af 38 sendingum hans heppnuðust og hann henti boltanum 247 metra.

„Peyton er frábær leiðtogi. Hann undirbýr sig vel, leggur mikið á sig og gerir allt sem hann getur til þess að hjálpa sínu liði til þess að vinna leiki. Ef einhver hefur haldið að hann þyrfti á þessum titli að halda til þess að öðlast alvöru viðurkenningu þá hafði hann rangt fyrir sér. Hann er framtíðarmaður í frægðarhöllinni og einn sá besti sem hefur spilað þessa íþrótt,“ sagði þjálfarinn Tony Dungy eftir leikinn. Dungy vann sjálfur langþráðan titil en hann var rekinn frá Tampa Bay, liði sem hann hafði byggt upp, aðeins ári áður en það vann titilinn.

Það hefur lítið gengið hjá Colts í úrslitakeppninni síðustu ár þrátt fyrir að liðið hafi spilað frábærlega í deildarkeppninni ár eftir ár. Það bætti sparkaranum Adam Vinatieri við liðið fyrir þetta tímabil og kannski gerði það útslagið því Vinatieri var þarna sinn fjórða meistaratitil. Vinatieri gerði reyndar óvanaleg mistök í úrslitaleiknum en skoraði engu að síður þrjú vallarmörk og er stigahæsti leikmaður Super Bowl frá upphafi. - óój



**HETJAN** Peyton Manning fagnar sigri á Chicago Bears í leikslok. NORDIC PHOTOS/AFP


ALAN
ELDRI EN 25 ÁRA
JOHANNA
YNGRI EN 25 ÁRA
JÓGVAN
ELDRI EN 25 ÁRA
TINNA
DATT ÚT 26.01.07
SIGURÐUR
ELDRI EN 25 ÁRA
GÍS
SÖNGHÓPUR
GYLFI
YNGRI EN 25 ÁRA
FJÓRFLÉTTA
SÖNGHÓPUR
INGA SÆLAND
ELDRI EN 25 ÁRA
JÁ
DATT ÚT 02.02.07
GUÐBJÖRG
YNGRI EN 25 ÁRA
HARA
SÖNGHÓPUR
X FACTOR
Í BEINNI ALLA
FÖSTUDAGA KL. 20:30
MIÐASALA ER HAFIN
í Nesti Ártúnshöfða og Fossvogi
Esso

> **Reese Witherspoon**

Fædd 22. mars 1976 í New Orleans í Louisiana. Faðir hennar var skurðlæknir og móðir hennar hjúkrunarfræðingur. Reese eyddi fyrstu fjórum árum ævi sinnar í Þýskalandi þar sem faðir hennar starfaði fyrir bandaríska herinn. Reese sat fyrir í fyrsta sinn þegar hún var aðeins sjö ára og í kjölfarið lék hún í fjölda auglýsinga. Árið 1990 lék hún í fyrsta sinn í kvikmynd en það var í The Man in the Moon. Hún leikur í The Importance of Being Earnest sem sýnd er í kvöld á Stöð 2 Bíó.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ INDÍANA ÁSA HREINSDÓTTIR HORFIR Á X-FACTOR

# *Útþynntir raunveruleikaþættir*

Eftir heldur misheppnaða byrjun er X-Factor að ná sér á strik. Keppendurnir eru þrusugóðir og halda algjörlega uppi þættinum og hin sextán ára Guðbjörg er langbest. Ellý mætti samt slaka aðeins á og það er stundum hreint og beint vandræðalegt að horfa á þau Pál Óskar kýta. Halla Vilhjálms er öll að koma til sem betur fer. Hún er samt enginn Simmi og Jói og að mínu mati verður hún að passa sig á að ofleika ekki.

Sjónvarpsstöðvarnar bjóða upp á of góða dagskrá þessa dagana svo ég verð hreinlega að velja úr þætti til að fylgjast með ef ég ætla að eiga eitthvert líf utan sjónvarpssófans. Sem betur fer eru margir af mínum fyrrverandi uppáhaldsþáttum alls ekki í uppáhaldi lengur og skapa þannig pláss fyrir nýja og spennandi þætti. Raunveruleikaþættir á borð við America's Next Top Model og The Bachelor eru fjöldaframleiddir og orðnir það útþynntir að skemmtanagildið hefur minnkað til muna. Um leið og framleiðendur detta niður á formúlu sem virkar er hún að sjálfsögðu blóðmjólkuð og nú líður varla vika frá því að sería endar og ný hefur göngu sína. Ég hef samt horft á allar seríurnar af AMNTM en held ég láti þessa sjöundu (eða áttundu?) seríu duga. Er fyrir löngu hætt að horfa á Survivor og er alveg sama þótt ég missi af Bachelor þótt ég hafi ágætlega gaman af þeim þáttum.

Þessa dagana eru allir að tala um nýja þáttinn Heroes sem sýndur er á Skjá einum. Ég hef ekki sett hann inn í sjónvarpsplanið mitt en býst við að þurfa að stokka upp til að koma honum fyrir til að geta tekið þátt í umræðunum.



**X-FACTOR** Keppendurnir halda þættinum algjörlega uppi.

## EKKI MISSA AF



▶ **16.00** Simone STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.05** Jack Osbourne STÖÐ 2



▶ **20.10** Veronica Mars RÚV



▶ **21.35** Shark STÖÐ 2



▶ **21.35** Ali's Dozen Sýn

## SJÓNVARPIÐ

**16.50 Lögin í Söngvakeppni Sjónvarpsins** Flutt verða lögin þrjú sem komust áfram á laugardagskvöld.

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Magga og furðudýrið** (22:26)

**18.30 Kappflugið í himingeimnum**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Veronica Mars** Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar er myrt og pabbi hennar missir vinnuna. Meðal leikenda eru Kristen Bell, Percy Daggs, Teddy Dunn, Jason Dohring, Ryan Hansen, Francis Capra, Tessa Thompson og Enrico Colantoni.

**20.55 Allra meina bót (5:8)**

**21.25 Þrír blaðamenn leita rithöfundar: Margaret Atwood** (Tre reportere söker en forfatter) Norskur þáttur um kanadíska rithöfundinn Margaret Atwood sem hefur verið kölluð bæði femínisti og vísindaskáldsagnahöfundur.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Draugasveitin** (2:8) (The Ghost Squad) Bresk spennuþáttaröð um sveit sem rannsakar spillingu innan lögreglunnar.

**23.15 Lögin í Söngvakeppni Sjónvarpsins (e)**

**23.30 Njósnadeildin (e)** (2:10) (Spooks)

**00.25 Kastljós**

**00.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Pilot's Wife** Bönnuð börnum.

**08.00 Airheads** (Bilun í beinni)

**10.00 Simone**

**12.00 The Importance of Being Earnest**

**14.00 Airheads** (Bilun í beinni)

▶**16.00 Simone**

**18.00 The Importance of Being Earnest**

**20.00 The Pilot's Wife** Bönnuð börnum.

**22.00 Movern Callar** 2002. Stranglega bönnuð börnum.

**00.00 Slap Shot 2: Breaking The Ice**

**02.00 Pretty When You Cry**

**04.00 Movern Callar**

## STÖÐ 2

**07.00 Animaniacs**

**07.20 Grallararnir**

**07.40 Taz-Mania 1**

**08.00 Martha**

**08.45 Í fínu formi 2005**

**09.00 Bold and the Beautiful**

**09.20 Related** (4:18) (Systrabönd)

**10.05 Ganga stjörnurnar aftur?**

**11.15 60 mínútur** (60 Minutes)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.40 Nágrannar** (Neighbours)

**13.05 Homefront** (Heimavígstöðvarnar)

**13.50 Sofa urtubörn í útskerjum**

**14.45 Las Vegas** (2:23)

**15.25 Whose Line Is it Anyway? 4**

**15.50 Horance og Tína**

**16.13 Shin Chan**

**16.38 Nornafélagið**

**17.03 Tasmanía**

**17.23 Músti**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar** (Neighbours)

**18.18 Íþróttir og veður**

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**19.40 The Simpsons 15** (5:22)

▶**20.05 Jack Osbourne - No Fear** (2:4) (Óttalaus Osbourne) Nú þegar Jack Osbourne - sonur rokkarans Ozzys - hefur skipt rækilega um lífstíl heldur hann í þessari nýju þáttaröð áfram að prófa hinar ýmsu jaðaríþróttir þar sem reynir fyrst og síðast á hugrekki hans og óttaleysi.

**20.50 Prison Break** (15:22) Sucre er kominn til Mexíkó.

▶**21.35 Shark** (5:22) (Hákarlinn) Stark sækir þrjá ruðningsleikmenn til saka fyrir að hafa nauðgað nema á háskólavist. Málið reynist snúið vegna þess að einn þeirra er mikið efni og líklegur til að geta orðið stór stjarna í NFL atvinnumannadeildinni.

**22.20 The Unit** (7:13) (Úrvalssveitin)

**23.05 Twenty Four** (3:24) (24)

**23.50 Nip/Tuck** (5:15)

**00.35 Den of Lions** Str. b. börnum.

**02.15 Revelations** (3:6) (Hugljómun)

**03.00 Prison Break** (15:22)

**03.45 Murder Investigation Team** (1:8)

**04.35 Fréttir og Ísland í dag**

**05.45 Tónlistarmyndbönd**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**19.30 Seinfeld** (23:24) Jerry, George, Elaine og Kramer eru hneppt í fangelsi fyrir ótrúlega sök.

**19.55 3. hæð til vinstri** (6:30)

**20.00 Entertainment Tonight (e)**

**20.30 Ali G (e)** Hinn eiturharði Ali G er mættur ásamt vinum sínum Borat frá Kasakstan og hinum austurríska og samkynhneigða Bruno.

**21.00 American Dad 3 (e)**

**21.30 The Loop** Gamanþættir um Sam sem er yngsti stjórnandinn hjá stóru flugfélagi. Það hljómar kannski spennandi en tvennt er að angra hann þar sem yfirmaðurinn hans er brjálæðingur og vinnufélagi hans er sífellt að reyna við hann.

**22.00 The Nine - NÝTT** Níu manns, allt ókunnugt fólk, eru teknir í gíslingu í banka einum. Þar er þeim haldið í 52 klukkustundir við erfiðar aðstæður. Þegar fólkið losnar úr bankanum og fer að lifa lífi sínu finnur það að ekkert verður eins aftur. Líf þess er breytt að eilífu. Á milli þessara níu hafa nú myndast sterk bönd sem enginn nema þeir skilja.

**22.50 Twenty Four** (15:24) (24 - 2) Jack fann sprengjuna á flugvellinum í síðasta þætti, Kim lá enn í felum og Stanton upplýsti að hann hafi verið með sérsveit í að leita sprengjunnar í margar vikur. Nú þarf hins vegar að losna við sprengjuna og tekur Jack það verkefni að sér.

**23.40 Insider**

**00.05 Janice Dickinson Modeling Agency (e)**

**00.35 Four Kings (e)**

**01.00 Seinfeld** (23:24) (e)

**01.25 Entertainment Tonight (e)**

**01.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18:15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.

**16:45** og **17:45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210 (e)**

**08.00 Rachael Ray (e)**

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Melrose Place (e)**

**14.45 Vörutorg**

**15.45 One Tree Hill (e)**

**16.45 Beverly Hills 90210**

**17.30 Rachael Ray**

**18.15 Melrose Place**

**19.00 Everybody Loves Raymond (e)**

**19.30 Out of Practice (e)**

**20.00 Skólahreysti** Grunnskólakeppni í fitness-þrautum. Haldnar verða tíu forkeppnir um allt land og mun stigahæsta skólaliðið úr hverjum riðli komast í úrslit. Þetta er liðakeppni milli skóla og hvert lið er skipað tveimur drengjum og tveimur stúlkum úr 9. og 10. bekk. Fjörið hefst með keppni í Laugardalshöll en síðan verður haldið út fyrir höfuðborgina og keppt í Kópavogi, Selfossi, Egilsstöðum, Akureyri, Ísafirði og Borgarnesi. Úrslitakeppnin fer síðan fram í Laugardalshöll og verður hún sýnd í beinni útsendingu.

**21.00 Million Dollar Listing - Lokaþáttur** Þáttaröð um fasteignasala í Hollywood og Malibu sem gera allt til þess að selja lúxusvillur fræga og fína fólksins. Á hverjum degi lenda þau í litríku fólki sem ýmist vill kaupa eða selja heimili sín.

**22.00 Close to Home**

**22.50 Everybody Loves Raymond**

**23.15 Jay Leno**

**00.05 Heroes (e)**

**01.05 Beverly Hills 90210 (e)**

**01.50 Vörutorg**

**02.50 Melrose Place (e)**

## SKJÁR SPORT

**07.00 Að leikslokum (e)**

**14.00 Fulham - Newcastle (frá 3.feb)**

**16.00 Inter - Roma (frá 4.feb)**

**18.00 Þrumuskot (e)**

**19.00 Að leikslokum (e)**

**20.00 Liverpool - Everton (frá 3.Feb)**

**22.00 Ítölsku mörkin (e)**

**23.00 Charlton - Chelsea (frá 3. feb)**

**01.00 Dagskrárlok**

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

FLÓTTI UPP Á
LÍF OG DAUÐA
Prison Break í kvöld kl. 20:50



## Í KVÖLD

**SIRKUS KL. 22.00**

### The Nine



Ný og geysispennandi þáttaröð sem líkt hefur verið við 4400 og Lost. Níu menn, allt ókunnugt fólk, eru teknir í gíslingu í banka einum. Þar er þeim haldið í 52 klukkustundir við erfiðar aðstæður. Þegar fólkið losnar úr bankanum og fer að lifa lífi sínu finnur það að ekkert verður eins aftur. Líf þess er breytt að eilífu. Á milli þessara níu hafa nú myndast sterk bönd sem enginn skilur nema þau. Hvað gerðist í bankanum á þessum 52 klukkustundum sem gjörbreytti lífi alls þessa fólks?

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ PRISON BREAK Á STÖÐ 2 KL. 20.50

Flóttinn mikli úr rammgirtasta fangelsi Bandaríkjanna heldur áfram í þessari annarri þáttaröð þessa mjög svo vinsæla spennuþáttar sem slegið hefur í gegn á Íslandi. Sucre er kominn til Mexíkó en lögregluyfirvöldum þar hefur verið gert viðvart um komu hans þangað. Bellick er kominn í fangelsi og á fátt eitt gott í vændum frá föngunum sem hann hefur leikið grátt um árin.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Fréttir **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Laufskálinn **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Heima er best **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.00** Fréttir **14.03** Útvarpssagan: Eftir örstuttan leik eftir Elías Mar. Höfundur les. (3:11) **14.30** Seiður og hélog **15.00** Fréttir **15.03** Orð skulu standa **16.00** Fréttir **16.10** Veðurfregnir **16.13** Hlaupanótan

**17.00** Fréttir

**17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir

**18.25** Spegillinn

**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar

**19.00** Vitinn

**19.30** Laufskálinn

**20.10** Fóstbræðralag (2:2)

**20.50** Í heyranda hljóði: Málþing um munnlega sögu sem haldið var í Odda

**22.00** Fréttir

**22.10** Veðurfregnir

**22.15** Lestur Passíusálma (2:50)

**22.24** Lóðrétt eða lárétt

**23.10** Fimm fjórðu

**00.00** Fréttir

**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**17.40 Gillette World Sport 2007**

**18.10 World Supercross GP 2006-2007**

**19.05 Spænsku mörkin**

**19.50 Landsleikur í fótbolta** Bein útsending frá leik Brasilíu og Portúgal.

▶ **21.50 Ali's Dozen** Í þessum þætti númer tvö um Muhammad Ali verður farið yfir sögulegustu og mikilvægustu augnablikin á hnefaleikaferli hans. Kappinn sjálfur valdi atvikin sem hér verða sýnd en hann er fyrir löngu orðin goðsögn í íþróttaheiminum. 2007.

**22.40 PGA Tour 2007 - Highlights (FBR Open)**

**23.35 Coca Cola mörkin** Hér er farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu.

**23.50 Landsleikur í fótbolta (e)** Útsending frá leik Brasilíu og Portúgal.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

## DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** Skrål **6.30** Snip Snap Snude **6.50** Nasse **7.00** Gurli Gris **7.05** Magnus og Myggen **7.20** Rubbadubbers **7.30** Rabatten **8.00** Kaptajn og besætning byder velkommen **8.30** Deadline 2. Sektion **9.00** Friland ta'r imod **9.30** Overskud med omtanke 10.00 Grauballemanden **10.30** Vagn hos kiwierne **11.00** TV Avisen **11.10** Horisont **11.35** Gron glæde **12.00** Genbrugsguld **12.25** Aftenshowet **13.20** Arbejdsliv - find et job! **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Boogie Special **15.15** SPAM **15.30** Shin Chan **15.40** Lucky Luke **16.00** Store Nord **16.30** Lille Nord **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd **19.00** Uventet besog **19.30** Kender du typen **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Hvor kragerne vender **21.45** Columbo **23.20** Blodhævn på albansk

## NRK 1

**8.30** Viten om **9.00** Siste nytt **9.05** Puls **9.30** Faktor: Olje- og energimisjonæren **10.00** Siste nytt **10.05** Oddasat - Nyheter på samisk **10.20** Distriktsnyheter **10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra More og Romsdal **11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** VM i dag **13.00** Siste nytt **13.05** VM skiskyting 2007 **14.00** Siste nytt **14.05** VM skiskyting 2007 **15.00** Siste nytt **15.03** VM skiskyting 2007 **15.30** Liga **16.00** Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** VM i dag **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Konrad katt **17.10** Vennene på Solflekken **17.25** Gubben og Katten **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** VM-kveld **19.25** Kroppen **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Extratrekning **21.30** Bokprogrammet **22.00** Kveldsnytt **22.15** Kulturnytt **22.20** Utsyn: Saken mot Saddam **23.10** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **23.40** Till Brönner - En kveld i Berlin

## SVT 1

**8.30** Keith on the road **9.00** Pedagogikens giganter **9.30** VeteranTV **10.00** Vetenskap - DNA **10.30** Livet & hälsan **11.00** Rapport **11.05** Det röda guldet **13.20** Lång-Lasse i Delsbo **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Extra **16.25** Born Wild **16.30** Krokomax **17.00** Lilla blå draken **17.10** Min show **17.15** Dra mig baklänges **17.30** Allt och lite till **18.00** Ishockey: Tre Kronor live **18.30** Rapport **19.00** Ishockey: Tre Kronor live **20.20** Höök **21.20** Argument **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Orkesterliv **22.50** Sändningar från SVT24


# Eru hendurnar orðnar of stuttar?





Ef þú getur lesið þessa auglýsingu gleraugnalaust flettu þá strax á næstu síðu. Við eigum ekki framlengingu á hendurnar en við eigum mikið úrval af lesgleraugum fyrir 200kr og 400kr.

TIGER

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorgi Akureyri

**HRÓSIÐ ...**



*...fær hinn hálf-íslenski Amund Bjørklund, sem samdi topplag Billboard-listans fyrir stórstjörnuna Beyoncé Knowles.*

# Svarti listi femínistans

„Nei, ég tala ekki við DV,“ segir Katrín Anna Guðmundsdóttir talskona femínista. Og er það vegna þess að blaðið hefur birt auglýsingar frá súlukónginum Geira á Goldfinger. Það dugar til að blaðið er á svörtum lista Katrínar Önnu.

Í kvöld ætlar Femínistafélagið að ræða um „boycott“ - að sniðganga fyrirtæki sem eru með vöru sem því mislíkar.

Katrín Anna ætlar ekki að leggja fyrir tillögu eða lista á fundinum þess efnis að Femínistar útiloki tiltekin fyrirtæki en sjálf er hún sannarlega með slíkan svartan lista við hendina. DV er þar efst á blaði sem og tímaritaútgáfan Birtingur. „Ég kaupi ekki blöð sem auglýsa súlustaðina. Ég versla heldur ekki í búðum sem selja Bleikt og blátt við kassann. Ég hætti að versla í hverfisverslun minni vegna þessa og sneri viðskiptum mínum til Hagkaupa sem selja blaðið ekki,“ segir Katrín Anna.



**MIKAEL TORFASON** Finnst „boycott“ betri aðferð fyrir fólk sem vill berjast fyrir einsleitu samfélagi en bókabrennur.

Nýjasta fyrirtækið í safni Katrínar er Ölgerðin. „Út af rassafetisma sem birtist í auglýsingum þeirra. Fyrir Egils Light.“

Vífilfell, helsti samkeppnisaðili Ölgerðarinnar, er heldur ekki í náðinni hjá femínistanum: „Fór á svarta listann fyrir nokkrum árum. Fyrir brjóstafetisma í svipuðum stíl og Ölgerðin er með núna. Þá kaupi ég ekki vörur frá Nestley‘s en þeir eru með súkkulaðið Yorkies þar sem slagorðið er: Not for girls!“

„Í fyrsta lagi veit ég ekkert hver þessi kona er,“ segir Mikael Torfason, aðalritstjóri Birtings. „Í öðru lagi tel ég þetta vera betri aðferð fyrir fólk sem vill berjast fyrir einsleitu samfélagi heldur en bókabrennur og ámóta meðöl sem stundum hefur örlað fyrir.“ **- jbg**



**KATRÍN ANNA** Meðal fyrirtækja sem eru á svörtum lista hennar eru Ölgerðin, Vífilfell, DV og Birtingur.



**LÁRÉTT**
**2** XII **6** nafnorð **8** mas **9** upphrópun **11** dreifa **12** stybba **14** duglegur **16** rás **17** skýra frá **18** viður **20** til **21** ættgöfgi.

**LÓÐRÉTT**
**1** faðmlag **3** hljóm **4** ítalskur ofnréttur **5** hamfletta **7** stormur **10** óvild **13** farfa **15** komst **16** frændbálkur **19** persónufornafn.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** tólf, **6** no, **8** mal, **9** úff, **11** sá, **12** svæla, **14** iðinn, **16** æð, **17** tjá, **18** tré, **20** að, **21** tign.
**LÓÐRÉTT: 1** knús, **3** óm, **4** lasanja, **5** flá, **7** ofviðri, **10** fæð, **13** lit, **15** náði, **16** ætt, **19** ég.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á bls. 8

1. Þjóðverjar.
2. Félagið Norðurvegur.
3. Amund Bjørklund.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

## RÚNAR GUNNARSSON: FORSTÖÐUMAÐUR IDD ER EKKI AÐ HÆTTA

# Óvissa við Efstaleiti

„Nú er í gangi ferli þar sem menn segja til um hvort þeir kjósi að vinna hjá hinu nýja félagi eða ekki. Í samræmi við það sem gert er ráð fyrir í lögum er öllum boðið sama starf og þeir höfðu,“ segir Páll Magnússon útvarpsstjóri.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ríkir nokkur óvissa í útvarpshúsinu við Efstaleiti. Eins og reyndar er viðbúið. Að sögn Páls lýkur ferlinu í þessari viku, það er að fá fram hverjir starfsmanna ætli að notfæra sér biðlaunarétt. Um helmingur starfsmanna á rétt á þeim eða um 160 manns. Samkvæmt óformlegri könnun sem framkvæmd hefur verið innanhúss er giskað á að þeir verði á bilinu 20 til 30 sem nýta sér það. Að auki munu nokkrir vera innan fyrirtækisins sem hafa áunnið sér rétt opinberra starfsmanna sem tekur til hinnar svokölluðu 95 ára reglu. Sem er að geta hætt með fullum lífeyri nái samanlagður lífaldur og starfsaldur 95 árum. Þeir sem svo er um hljóta að velta fyrir sér því hvort þeir vilji starfa í raun kauplaust.



**PÁLL MAGNÚSSON** Fyrsta sem hann mun gera þegar nýtt rekstrarform verður upp tekið er að skera upp skipuritið.



Forstöðumaður Innlendrar dagskrárdeildar segir svo gaman í vinnunni að hann muni ekki hætta að eigin frumkvæði.

Samkvæmt því sem Páll hefur áður sagt má fastlega gera ráð fyrir því að eitt fyrsta verkið sem hann ræðst í er að taka til gagngerrar endurskoðunar skipurit fyrirtækisins. Þar eru nú talsvert fleiri stjórnendur en eðlilegt getur talist miðað við starfsemi Ríkisútvarpsins.

Í útvarpshúsinu er nú rætt manna á meðal hvort til standi að Þórhallur Gunnarsson ritstjóri Kastljóss verði, í tengslum við endurskipulagningu, gerður að einskonar arftaka Rúnars Gunnarssonar sem er forstöðumaður Innlendrar dagskrárgerðar. Þegar þetta atriði er borið undir Pál útvarpsstjóra segir hann ekkert fyrirliggjandi á þessari stundu og verði ekki fyrr en ferlið sem lögboð er hefur átt sér stað.

„Og ég anda ekki út úr mér nokkrum sköpuðum hlut með nöfn í þessu sambandi.“

Í samtali við Rúnar Gunnarsson kemur hins vegar fram að hann er hvergi nærri á förum. „Nei, það held ég ekki. Mér leiðist ekkert í vinnunni. Finnst gaman að vinna og vil frekar vinna en gera ekki neitt. Nei, mun ekki hætta að eigin frumkvæði,“ segir Rúnar.

Forstöðumaður Innlendrar dagskrárgerðar segist hafa náð fullum lífeyrisréttindum árið 2009. „Ef ég fer á biðlaun er lítið sem þyrfti að brúa. En mig langar ekkert að hætta. En það getur svo sem breyst ef hér verður einhver verulegt uppstokkun. En það gerir þá ekkert til. Ef hér verður nýtt fyrirtæki með breyttan strúktúr þá er það bara gott. Að straumlínulaga. En það er ekki þar með sagt að þetta sé ómögulegt eins og það er,“ segir Rúnar. **jakob@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Mikil dramatík var í 2. úrslitakvöldinu í X Factor síðastliðið föstudagskvöld. Keppandi **Einars Bárðarsonar**, **Alan**, var við að falla út og má þakka líf sitt í keppninni **Ellý** sem ákvað að halda honum inni. Einari var brugðið en hann heldur því fram að Alan sé á heimsmælikvarða. Sjálfur var Alan svo með böggum hildar og þurfti að beita hann fortölum um því hann vildi eftir þáttinn hverfa frá keppni þó svo að hann hafi „haldið lífi“ meðal keppenda.



Að því gefnu að hæfileikar Alans séu í samræmi við sérfræðiálit Einars Bárðarsonar má ljóst vera að landsmenn láta söngvetuna ekki ráða för við atkvæðagreiðsluna heldur gamla góði klíkuskapurinn við lýði. Þannig er ljóst að hópatriði **Páls Óskars** njóta talsverðs forskots í fyrstu þáttum úrslitanna einfaldlega vegna þess að fleiri standa þar að baki keppendum. Þannig féll hinn ágæti dúett Já út en þess er jú að gæta að þar eru systkini á ferð, **Ásdís** og **Hans Júlíus**, og því bara ein fjölskylda að baki þeim.



Svo áfram sé haldið áfram að rýna í strauma og stefnur í X Factor furða meðdómarar Einars Bárðarsonar sig á því hvernig hann getur veitt sínu fólki, í aldurshópnum 25 ára og eldri, lið sitt en hann starfar virka daga í London við umboðsskrifstofu sína þar. Ekki fer á milli mála að Páll Óskar er potturinn og pannan hjá sínu fólki; Motown-tónlist, brúðarkjólar og berir karlmenn. En Einar heldur því fram fullur sjálfsöryggis að sitt fólk sé svo gott að ekki þurfi að leiða það í keppninni. **- jbg**






# Júníformklæði rokseljast

„Þetta er smá ástand, svona jákvætt vandamál,“ sagði Birta Björnsdóttir, fatahönnuðurinn að baki Júníform, innt eftir gangi mála í búðinni á Hverfisgötunni. Eftir að Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir kynnti Söngvakeppni sjónvarpsins í fatnaði frá Júníform varð sprengja í eftirspurn eftir fötum frá merkinu.



**TÍSKUFYRIRMYND** Ragnhildur Steinunn leggur línurnar í fatnaði frá Júníform.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Búðin tæmdist á föstudaginn. Það var ein flík eftir, svo ég þurfti að loka. Það verður lokað fram á fimmtudag, því við þurfum að byggja upp smá lager,“ sagði Birta kát. „Við höfum verið að hringja á saumastofur í dag og gera ráðstafanir. Við erum bara tvær og gerum þetta allt hérna. Nú þurfum við liðsauka,“ sagði Birta, sem hefur ekki upplifað aðra eins sprengju áður. „Nei, guð minn almáttugur. Þetta er algjört met, þetta var bara eins og Þorláksmessa hjá okkur á föstudaginn,“ sagði hún hlæjandi.

Samstarf Júníform og Ragnhildar Steinunnar hófst þegar Birta saumaði á hana þrjá kjóla fyrir afhendingu Edduverðlaunanna á síðasta ári. „Hún álpaðist hérna inn og var að leita að einhverjum kjól, svo ég saumaði á hana á tveimur dögum,“ sagði Birta, en henni þykir gaman að klæða fegurðardrottninguna fyrrverandi. „Hún er alveg rosalega flott stelpa og gaman að vinna með henni,“ sagði Birta. „Hún er náttúrlega tískufyrirmynd, fólk tekur eftir henni og fötunum sem hún er í,“ bætti hún við. **- sun**



**BIRTA BJÖRNSDÓTTIR** Eftir að Ragnhildur Steinunn klæddist fatnaði frá Birtu Björnsdóttur í Júníform tæmdist búðin.
FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK




# Gorenje þvottavélar

## Fyrir íslensk heimili



| | |
|---|---|
| 1200 snúninga 5 kg: | 54.900.- |
| 1200 snúninga 6 kg: | 67.900.- |
| 1400 snúninga 6 kg: | 72.900.- |
| 1600 snúninga 6 kg: | 79.900.- |
| 1600 snúninga 7 kg: | 109.900.- |

- Mjög hljóðlátar
- Auðveldar í notkun
- Hristivörn
- Flæðivörn
- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- 5-7 kg hleðsla
- 1200-1600 snúningar
- A í orkunýtni
- A í þvottahæfni

PIPAR • SÍA • 70063

**REYKJAVÍK**
Rönning
Borgartúni 24
Sími 562 4011

**AKUREYRI**
Rönning
Óseyri 2
Sími 460 0800

**REYÐARFJÖRÐUR**
Rönning
Nesbraut 9
Sími 470 2020

**REYKJANESBÆR**
Rönning
Hafnargötu 52
Sími 420 7200

RÖNNING
www.ronning.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

vísir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



BAKÞANKAR

ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

## Gamla frænkan

Eftir að hafa staðið aðeins of lengi í framkvæmdum við húsnæði fjölskyldunnar bjuggum við að lokum á heimili sem innihélt tvö eldhús en ekkert bað. Slíkt fyrirkomulag myndi aðeins henta vel ofvirkum ástríðukokki, lítið gefnum fyrir almennt hreinlæti. Eins sundelsk og fjölskyldan er annars orðin, þá er einróma niðurstaða hennar sú að baðherbergi sé eiginlega alveg bráðnauðsynleg vistarvera.

**ÞAÐ** var alltaf áætlunin að skófla gamla eldhúsinu út og nota plássið fyrir nýja og dásamlega hreinlætisaðstöðu. Samt var eitthvað ógurlega trist við hljóðin sem bárust þaðan um helgina þegar smiðurinn flysjaði niður gömlu eldhúsinnréttinguna sem þjónaði svo dyggilega um áratuga skeið. Mig verkjaði í borðplötuna þegar hann mundaði sögina og þurfti að hleypa í mig hörku til að bera hana út í bútum. Leið eins og þegar ég skipti um bíl eða hendi lúnu húsgagni. Í hvert skipti er tilfinningin sem væri ég að selja gamla frænku eða losa mig á kaldrifjaðan hátt við elskulegt en sjúskað gæludýr. Bít á jaxlinn og rifja upp að þetta eru dauðir hlutir og ekki við hæfi að fá samviskubit.

**ÞEGAR** notalegu, heimavönu fréttastefi ríkisútvarpsins var kastað á haugana greip marga einmitt saknaðarkennd. Sumir telja jafnvel að fullgóðu stefi hafi verið fórnað til að undirstrika nýtt rekstrarform stofnunarinnar og finnst þetta nýja voða ópersónulegt. Eftir svona mánuð eða tvo munu samt bara örfáir geta raulað gamla stefið og finnst það nýja bara alveg prýðilegt.

**TILFINNINGASEMI** er líklega vænn hluti þeirrar tregðu að kasta því gamla og taka upp nýtt. Sem eindregin stuðningsmanneskja nýtni og hófsemi finnst mér líka oft á tíðum algjör óþarfi að bruðla endalaust með nýjungar. Stundum verður maður samt að þagga niður í íhaldsseminni og hlusta á rödd skynseminnar. Þó að hún fái stuðning úr jafn óvæntri átt og frá hinum stæka frjálshyggjugaur Steve Forbes. Það verkefni að stýra gengi íslensku krónunnar hefur ekki farið stjórnvöldum vel úr hendi og sönnunargögnin blasa hvarvetna við. Daginn sem við tökum upp evruna ætla ég að muna að tilfinningasveiflan líður hjá. Íslenska krónan er gjaldmiðill, ekki gömul frænka.




**KIA Sorento** með ríkulegum staðalbúnaði

- hátt og lágt drif
- ESP stöðugleikastýring
- ný og glæsileg innrétting
- 16" álfelgur
- vindskeið og þokuljós
- 5 þrepa sjálfskipting
- öflug 170 hestafla dísilvél
- hraðastillir (Cruise Control)
- þakbogar
- 3.500 kg dráttargeta

Sorento hefur slegið í gegn um allan heim og eignast dygga fylgismenn á Íslandi. Það er ekki að ástæðulausu að Sorento er orðinn einn vinsælasti jeppi landsins, enda líklega bestu jeppakaupin í dag.

**Vetrardekk og dráttarbeisli fylgja með.**

KIA MOTORS The Power to Surprise™

HEKLA KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu HEKLU. Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is




Kreditheimild* með **0% vöxtum** og engum kostnaði í DMK!

**Nýttu þér þessi einstöku kjör.**
**Sæktu um *DMK* á spron.is**

* skv. útlánareglum SPRON

spron